

# ÁRSSKÝRSLA

2020

+

# STARFSÁÆTLUN

2021



# Menningarmálin í Kópavogi

Ársskýrsla 2020 og starfsáætlun 2021

Menningarhúsin í Kópavogi

\*Ritstjóri

Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála

\*Ábyrgðarmaður

Pálmi Þór Músson, bæjarritari Kópavogsbæjar

\*Samantekt, samræming og umbrot

Íris María Stefánsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri menningarmála

Forsiða: Menningarhúsin í Kópavogi

Útgefið: apríl 2021

## EFNISYFIRLIT

Ávarp forstöðumanns menningarmála	4
Menningarstefna	5
Menningarmál	6
Lista - og menningarráð	6
Menning í Kópavogi	8
Helstu verkefni 2020	8
Fjölmennningarleg stefna	10
Stefnumörkun og framtíðarsýn	10
Rekstur og mannauðsmál	12
Rekstur menningarmála	13
Fjárhagsáætlun 2021	14
Mannauðsmál	15
Viðburðir, fræðsla og kynningarstarf	17
Covid-19	17
Sameiginlegir viðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi	17
Hátiðir í Menningarhúsunum	21
Sumarstarf í Menningarhúsunum	24
Fræðsludagskrá Menningarhúsanna	24
Fjölmening í Kópavogi	26
Markaðssetning og kynningarmál	26

## Stofnanir sviðsins

Bókasafn Kópavogs	29
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs	41
Héraðsskjalasafn Kópavogs	55
Náttúrufræðistofa Kópavogs	59
Salurinn	71

# ÁVARP FORSTÖÐUMANNSS MENNINGARMÁLA

Þrátt fyrir að fáir horfi á bak ársins 2020 með trega sökum hins hörmulega heimsfaraldurs Covid-19 skildi það eftir sig tækifæri og úrlausnir sem við hefðum ella farið á mis við. Faraldurinn hafði afgerandi áhrif á menningarstarfsemi bæjarins. Annars vegar þurfti að loka Menningarhúsunum nokkrar vikur af árinu vegna samkomubanns og hins vegar þurfti að draga verulega úr starfseminni vegna fjöldatakmarkana og sóttvarnaraðgerða. Þá bættust við lokanir vegna kjaradeilna og verkfalla.

Kórónuveirufaraldurinn og verkföllin drógu þó ekki kjark úr starfsfólki sem leitaði nýrra og skapandi leiða til að miðla menningarviðburðum. Meðal annars með streymisútsendingum og viðburðum utandyra.

Gestum Menningarhúsanna fækkaði talsvert á milli ára sem skrifa má á Covid-19. Árið 2020 heimsóttu 162.290 gestir húsin sem er 42% fækkun á milli ára. Alls tóku 30.162 gestir þátt í þeim 583 skipulögðum viðburðum sem Menningarhúsin buðu upp á 2020 fyrir almenning og skóla í húsunum sem er helmingi færri viðburðir og þ.a.l. helmingi færri gestir en 2019. Alls sóttu 6.557 leikskóla- og grunnskólanemar Menningarhúsin heim í 217 skipulögðum heimsóknum. Gestir sem sóttu viðburði fyrir almenning og skóla sem skipulagðir voru þvert á Menningarhúsin 2020 voru 11.270.

Það kann að hljóma mótsagnakennt en þrátt fyrir fækkun gesta í húsin og á viðburði á milli ára hafa aldrei jafnmargir notið þeirrar fjölbreyttu menningardagskrár sem boðið var upp eins og á árinu 2020. Þetta helgast af því að reglubundnar útsendingar frá menningarviðburðum eins og Kúltúr klukkan 13 slógu í gegn en þar stigu á stökk margir af fremstu lista- og fræðimönnum þjóðarinnar. Áhorfendur sem sáu streymisútsendingar á árinu voru þannig 245.536 á móti 162.290 gestum sem sóttu húsin heim. Þessi staðreynd opnar sannarlega á nýja nálgun í miðlun menningarviðburða sem horft verður til í framtíðinni, þó upplifunin verði aldrei sú sama og að vera á staðnum.

Alþjóðlega samstarfsverkefnið Vatnsdropinn sem hófst árið 2019 þróaðist og dafnaði árið 2020. Nú standa að samstarfinu auk Kópavogsbæjar, Múminálfasafnið í Tampere, H.C. Andersen safnið í Óðinsvéum og Ilon's Wonderland safnið í Hapsalu í Eistlandi. Styrkir hafa tryggt að verkefnið geti staðið fram á árið 2023. Árið 2020 hlaut Vatnsdropinn hæsta styrk úr Barnamenningarsjóði Íslands, alls 6,5 milljónir króna. Sami sjóður úthlutaði menningarmálaflokknum einnig 4 milljónum króna til fjölmennigarlegra verkefna.

Skýrslu þessari er ætlað að fanga menningarstarfsemi Kópavogsbæjar hverju sinni, lita yfir farinn veg og setja raunhæf markmið.

# MENNINGARSTEFNA

Menningarstefna Kópavogsbæjar var samþykkt í maí 2015 og nær til alls lista- og menningarstarfs á vegum bæjarins. Stefnunni er m.a. ætlað að stuðla að markvissari ákvörðunum og betri nýtingu fjármagns en einnig að auka lífsgæði bæjarbúa, styrkja bæjarbrag og laða að nýja íbúa og innlenda sem erlenda gesti. Aðgerðaáætlun sem fylgir stefnunni er jafnan yfirfarin. Stefnunni er skipt upp í átta lykiliðfangsefni og eru sett fram markmið og leiðir til að ná þeim:

- Að vekja athygli á menningarstarfi í Kópavogi.
- Að nýta betur tækifærin sem felast í nálægð Menningarhúsanna.
- Að efla næsta nágrenni.
- Að sækja á ný mið.
- Að efla tengingar og samtal við grasrótina.
- Að tengjast skólastarfi í bænum.
- Að móta sérstöðu.
- Að samnýta starfskrafta betur.


Í stefnunni er gert ráð fyrir að unnið sé að fjölbreyttum markmiðum sem mörg hver hafa náðst, m.a. sameiginleg vefsíða og nýjar vefsíður hvers Menningarhúss fyrir sig. Í lok árs 2020 hófst á ný endurskoðun á heimasíðum sem mun ljúka árið 2021. Kynningar- og markaðsmál eru í stöðugri endurskoðun með það fyrir augum að nýta fjármuni sem best og taka mið af því að draga úr prentuðu efni. Á árinu 2021 er stefnt að því að endurskoða menningarstefnu Kópavogs í ljósi stefnumótunarvinnu Kópavogsbæjar út frá innleiðingu heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Tilgangur menningarstarfs í Kópavogi er að auka lífsgæði Kópavogsbúa á öllum aldri með fjölbreyttu menningar- og listalífi, fræðslu og miðlun. Lögð er áhersla á að þróa og bjóða viðburði og upplifun sem ekki er að finna annars staðar á höfuðborgarsvæðinu og er hún því hrein viðbót við þá menningarflóru sem í boði er.

Hjarta menningarstarfs bæjarins er í lista- og menningarhúsunum sem reist hafa verið af miklum myndarskap við Hamraborgina. Samspil og nálægð húsanna gefa tækifæri á rekstrarlegri samlegð, samvinnu starfsmanna og sameiginlegri markaðssetningu.



# MENNINGARMÁL



## LISTA- OG MENNINGARRÁÐ

Lista- og menningarráð fer með og mótar menningarstefnu bæjarins, samkvæmt erindisbréfi. Ráðið er kosið af bæjarstjórn í upphafi kjörtímabils og veitir faglega ráðgjöf í málaflokknum. Ráðið sér jafnframt um árlega útnefningu bæjarlistamanns og heiðurslistamanns þegar það á við og úthlutar styrkjum úr lista- og menningarsjóði samkvæmt þeim reglum sem það hefur sett sér og samþykktar hafa verið í bæjarstjórn. Fundir ráðsins árið 2020 voru 13 talsins.

Ráðstöfunarsjóður lista- og menningarráðs árið 2020 var kr. 39.270.300 og hækkaði um milljón á milli ára.

## KJÖRNIR

- D** Karen Elisabet Halldórsdóttir, formaður  
**C** Auður Sigrúnardóttir  
**D** Guðmundur Gisli Geirdal  
**S** Margrét Tryggvadóttir  
**B** Páll Maris Pálsson  
**P** Vigdis Ásgeirsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

## TIL VARA

- C** Bergþór Skúlason  
**B** Björg Baldursdóttir  
**P** Hákon Helgi Leifsson  
**D** Margrét Friðriksdóttir  
**S** Þóra Marteinsdóttir  
**D** Örn Thorstensen
- B** Framsóknarflokkurinn  
**D** Sjálfstæðisflokkurinn  
**P** Píratar  
**S** Samfylkingin  
**C** Björt framtíð og Viðreisn

## Framlag til menningarmála

Hlutverk lista- og menningarsjóðs er að efla lista- og menningarlíf í Kópavogi, styrkja starf lista- og menningarhúsa, framfylgja menningarstefnu Kópavogsbæjar, skapa vettvang fyrir fjölbreytt menningar- og listalíf og stuðla að fræðslu og miðlun lista og vísinda.

Ráðið stýrir sjóði sem ætlað er að verja til kaupa á lista- verkum, launa bæjarlistamanns Kópavogs og útnefningar heiðurslistamanns. Einnig til ljóðahátíðarinnar Ljóðstafur Jóns úr Vör, til almennrar lista- og menningarstarfsemi í bæjarfélaginu og til árlegra styrkveitinga til einstaklinga, hópa og stofnana vegna almennrar menningarstarfsemi.

Styrkúthlutanir úr sjóðnum eru árlegar en einnig er unnt að sækja um skyndistyrki. Meðal þeirra sem lista- og menningarráð veitir styrki til úr sjóði sínum eru einstaklingar, listhópar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir og einnig til almennrar menningarstarfsemi eða verkefna á sviði lista, hönnunar eða arkitektúrs, sem eru í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar.

### Úthlutun úr sjóði lista- og menningarráðs 2020

Fjörutíu umsóknir bárust lista- og menningarráði Kópavogs í sjóð sem ráðið úthlutar úr árlega og hlutu þrettán umsækjendur styrk úr sjóðnum. Sjóðurinn hefur yfir að ráða rúmum fimmtíu milljónum króna og er markmið hans að stuðla að eflingu menningar- og listalífs í Kópavogi.

Hæsta styrk ráðsins, 4.000.000, hlaut Midpunkt, listamanna- rými við Hamraborg, sem starfrækt hefur verið með fjölbreyttri og metnaðarfullri sýninga- og viðburðadagskrá frá 2018 af þeim Ragnheiði Sigurðardóttur Bjarnarson og Snæbirni Brynjarssyni.

Ráðið styrkti einnig jazztónleikaverkefni Leifs Gunnarssonar Myschi fyrir börn og fjölskyldur um 1.500.000 kr. og gerð heimildamyndar Purks ehf. um aðstæður og baráttu afgansks flóttadrengs á Íslandi um 1.000.000 kr.

Aðrir sem fengu úthlutað voru eftirfarandi:

#### 600.000 kr. styrkur

- Sólfinna fyrir jazztónleikaröð Sunnu Gunnlaugsdóttur í Salnum.

#### 500.000 kr. styrkir

- Birnir Jón Sigurðsson sem stendur fyrir sviðslistahátíðinni Safe-Fest.
- Hafsteinn Karlsson til að skrá sögu sumarhúsabyggðar í Suðurhliðum Kópavogs.

#### 400.000 kr. styrkur

- Sigurður Unnar Birgisson fyrir myndbandsgerð um grasrótastarf í myndlist í Kópavogi.

#### 340.000 kr. styrkir

- Kór Hjallakirkju til að flytja tónverkið Gloria eftir Michael John Trotta.
- Þórunn Vala Valdimarsdóttir fyrir barrokktonleika ásamt fleirum í Hjallakirkju.

#### 300.000 kr. styrkur

- Afsakið, listhópur sem Sisi Ingólfssdóttir, Íris Stefania Skúladóttir og Guðrún Mist Sigfúsdóttir skipa.
- Marteinn Sigurgeirsson til að fullvinna mynd um bræðurna frá Kópavogsbúinu.
- Stefán Helgi Stefánsson og Margrét Sesselja Magnúsdóttir fyrir tónleikaröð í Sunnhlið, Boðþingi og Kastalagerði.

#### 100.000 kr. styrkir

- Camerartica með hina árlegu jólatónleika Mozart við kertaljós.
- Ljóðahópin Gjábakka, Sögufélag Kópavogs, Samkór Kópavogs, Söngvini - kór aldraðra,
- Karlakór Kópavogs, Kvennakór Kópavogs og Ritlistarhóp Kópavogs.

Árið 2017 undirritaði lista- og menningarráð einnig þriggja ára samning við Leikfélag Kópavogs sem felur í sér árlegan styrk að upphæð 3,2 milljónir króna. Þá veitir lista- og menningarráð bæjarlistamanni árlega styrk að upphæð 1,5 milljónir króna.

Í anda menningarstefnu Kópavogsbæjar styður ráðið enn fremur eflingu viðburðadagskrár Menningarhúsanna með 13.650.000 kr. framlagi. Meðal þeirra viðburða eru Fjölskyldu- stundir á laugardögum, Barnamenningarhátíð, Safnanótt, Menning á miðvikudögum, Aðventuhátíð Kópavogs, fjölmenningsviðburðir og Menning fyrir alla sem er heiti á skipulagðri fræðsludagskrá fyrir nemendur í leik- og grunnskólum sem boðið er upp á í öllum Menningarhúsunum. Ráðið úthlutaði einnig um 9,2 milljónum króna til 17. júní hátíðarhalds bæjarins.

Þá samþykkti ráðið að veita sérstaka styrki til einstakra menningarverkefna að upphæð 12.986.000 kr.

#### Gerðarsafn

- |                  |           |
|------------------|-----------|
| • Listaverkakaup | 3.500.000 |
| • Gerðarverðlaun | 1.000.000 |

#### Salurinn

- |                     |           |
|---------------------|-----------|
| • Tíbrá             | 3.500.000 |
| • Sumarjazz         | 600.000   |
| • Tónskáldaverkefni | 1.386.000 |

#### Norrænt samstarfsverkefni

- |                |           |
|----------------|-----------|
| • Vatnsdropinn | 3.000.000 |
|----------------|-----------|

# MENNING Í KÓPAVOGI

Menningarstofnanir bæjarins starfa samkvæmt samþykktum Kópavogsbæjar og viðeigandi lögum og reglugerðum. Yfirstjórn menningarmála starfar í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar og mótast starfið af forgangsroðun stefnunnar.

Menningarlífið árið 2020 var varðað mikilli óvissu eins og áður hefur komið fram, en leitað var allra leiða til að halda úti starfsemi og viðburðum eins og kostur var. Unnið var að styrkingu innviða menningarstarfsins með ýmsum leiðum, meðal annars með því að hefja innleiðingu Mælkó, nú Nightingale, upplýsingakerfis sem þróað hefur verið til að vinna með mælikvarða og greiningar innan stjórnsýslunnar. Umhverfissvið kynnti hugmyndir um nýja aðstöðu fyrir bókasafn og menningarhús í Kórnum sem enn er í skoðun. Miklar vonir eru bundnar við að þau áform verði að veruleika þannig að unnt sé að færa menningarstarfið nær bæjarbúum sem búa í austurhluta bæjarins. Áfram var unnið við fegrun og uppbyggingu torgsins við Menningarhúsin. Gosbrunnur bættist við leiktækin sem þar eru og hefur hann notið ómældrar vinsældar yngri kynslóðarinnar.

Stöðugt er unnið að viðhaldi menningarmannvirkja í Kópavogi. Bókasafnið hefur tekið stakkaskiptum undanfarin ár og árið 2020 hófst þar innleiðing á nýju rafrænu útlánskerfi. Salurinn lauk uppsetningu á nýju hljóðkerfi og hefur ljósa- og tæknibúnaður verið uppfærður svo hann stenst allar nútímakröfur í tónleika- og ráðstefnuhaldi. Farið var í gagngerar breytingar og endurbætur á sýningasölum Náttúrufræðistofu Kópavogs í tengslum við Heimkynni; nýja grunnsýningu stofunnar um lífríki Íslands. Nýtt ljósakerfi var hannað og sett upp í báðum stóru sýningarsölum Gerðarsafns, sem auðveldar ljósastýringu og eykur valkosti á sýningum. Undir árslok 2020 var lagður grunnur að nýjum veitingastað og tengingu hans við fjölnotasvæði á fyrstu hæð Gerðarsafns. Í lok árs gekk safnið til samninga við nýjan rekstraraðila, Reykjavík Roasters, sem áætlað er að hefji rekstur í apríl 2021.

## HELSTU VERKEFNI ÁRSINS 2020

### *Vatnsdropinn*

Vatnsdropinn er viðamesta menningarverkefni sem Kópavogsbær hefur staðið fyrir, en um er að ræða alþjóðlegt menningarsamstarf Kópavogsbæjar, H.C. Andersen safnsins í Danmörku, Múminálfasafnsins í Finnlandi og Ilons Wonderland safnsins í Eistlandi. Verkefnið er unnið að frumkvæði forstöðumanns menningarmála í Kópavogi og nær til ársins 2023. Markmið verkefnisins er margþætt en þar er lagður grundvöllur að nýrri aðferðafræði sem gerir börnum kleift að vera virkir sýningarstjórar og gerendur í mótun menningardagskrár og -viðburða fyrir þau. Hugmyndafræði Vatnsdropans felst í að tengja gildi þjóðþekkttra ævintýra og sagna við heimsmarkmið SP og Barnasáttmála SP, sem eru leiðandi í stefnumótun Kópavogsbæjar. Verkefnið hófst undir öðru nafni í janúar 2019. Fjölmarginir fundir hafa verið haldnir en síðasti fundur þar sem aðilar komu saman var í febrúar 2020. Eftir það hafa verið haldnir tugir fjarfunda. Árið 2019 hlaut verkefnið um 5,5 milljón króna styrk frá Norræna ráðherranefndinni. Árið 2020 fékk Vatnsdropinn 50.000 evrur frá Nordplus Horizon Euro, 26.893 evrur frá Norræna menningarsjóðnum, 4.000 evrur frá Nordplus, 3 milljónir frá lista- og menningarráði og auk þess hæsta styrk úr Barnamenningarsjóði Íslands eða 6,5 milljónir króna. Þetta eru í heildina um 23 milljónir íslenskra króna.



## Viðburðir á vegum Vatnsdropans 2020

Janúar

- Vinnustofa á Íslandi með 20 starfsmönnum í Menningarhúsunum í Kópavogi og Kópavogsbæ.
- Netfundir með öllum þremur samstarfsaðilum og PAVILION NORDICO.
- Samstarfsfundur með Norræna húsinu í Reykjavík.
- Lista- og menningarráð samþykkir kr. 3,0 milljóna styrk.

Febrúar

- Fyrsti fundur í Haapsalu í Eistlandi með Ilon's Wonderland.
- Fundur og vinnustofa í Múminálfasafninu í Tampere, Finnlandi.
- Netfundir með öllum samstarfsaðilum.
- Ilon's Wonderland safnið gerist samstarfsaðili

Mars

- Covid-19 braust út og verkefnið Ungir sýningarstjórar frestaðist.
- Netfundir þar sem rætt var um leiðir til að halda áfram miðað við nýjar aðstæður.

April

- Skipulagning hefst aftur.
- Styrkur frá Nordplus Horizon, 50.000 evrur.

Mai

- Styrkur úr Barnamenningarsjóði 6,5 milljónir kr.
- Norrænum barnabókmenntum og SDG-verkefnum Sameinuðu þjóðanna lauk 30. maí.

Júni

- Tímabil Vatnsdropa hófst 1. júní 2020.
- Fyrsti fundur með Chus Martinez í Berlin.
- Chus Martinez undirritar samstarfssamning við Vatnsdropann.
- Endurskipulagning á sér stað vegna áframhaldandi Covid-19.
- Síðasti hluti júní - sumarfrí.

Júlí

- Flestir starfsmenn eru í sumarfrí

Ágúst

- Netfundir halda áfram.
- Menningartímaritið í Kópavogi tilkynnir væntanleg verkefni Vatnsdropans.

September

- Hleypt af stokkunum Opnu kalli fyrir verkefnið Ungir sýningarstjórar á Íslandi.
- Fréttatilkynning send til fjölmiðla á Íslandi.
- Fyrsta útlitshugmyndin liggur fyrir.
- Vikulegir fundir á netinu með teyminu og leiðbeinendum ungra sýningarstjóra.

Október

- Valið úr umsækjendum um Unga sýningarstjóra á Íslandi.
- Þróun og undirbúningur netnámskeiðs: Krakkataka (Börnin taka yfir).
- Þróun á nýju útliti hefst vegna strangra laga um höfundarrétt.

Nóvember

- Krakkataka netnámskeið í fjórum hlutum með Peter Worley og The Philosophy Foundation.
- Opið simtal ungra sýningarstjóra í Danmörku og Eistlandi.
- Styrkur samþykktur frá Norræna menningar-sjóðnum fyrir Unga sýningarstjóra.
- Styrkur frá Nordplus - Fullorðnir.
- Netfundir halda áfram.

Desember

- Val á ungum sýningarstjórum í Danmörku og Eistlandi.
- Opið simtal ungra sýningarstjóra í Finnlandi og val á ungum sýningarstjórum.
- Krakkataka með Peter Worley og The Philosophy Foundation.
- Netnámskeið í fjórum hlutum heldur áfram.
- Netfundir halda áfram.

## Bæjarlistamaður Kópavogs

Hr. Hnetusmjör, Árni Páll Árnason tónlistarmaður, var valinn bæjarlistamaður Kópavogs 2020 við látlausa athöfn í Vatnsendaskóla 11. maí. Athöfnin tók mið af samkomutakmörkunum en hann tók eitt lag fyrir einn 10. bekk skólans. Framlag listamannsins felst í gerð tónlistarmyndbands sem fjallar um Kópavog í öllu sínu veldi og verður frumsýnt árið 2021.

## Samstarf

Forstöðumenn menningarmála á höfuðborgarsvæðinu funduðu reglulega á árinu sínu milli en þó oftast með Almannavörnum vegna samkomutakmarkana. Á þeim fundum var kappkostað að stilla saman strengi innan sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, bæði hvað varðar opnunartíma, fjöldatakmarkanir og veitingar. Forstöðumaður menningarmála hefur umsjón með samstarfs-vettvangi Leikfélags Kópavogs og hópum og einstaklingum sem þiggja framlög úr sjóðum lista- og menningarráðs og er bæjaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir hann heyrar.

## Útgáfustarfsemi

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu dró verulega úr hefðbundinni útgáfustarfsemi bæklinga. Övissa ríkti um afléttingu fjöldatakmarkana og því þótti óráðlegt að ráðast í gerð bæklinga sem kynntu dagskrá sem ef til vill yrði ekki af. Hins vegar var brotið blað í sögu málaflokksins með útgáfu Menningarblaðsins sem dreift var á hvert heimili í Kópavogi. Þar var að finna kynningu á öllum menningarstofnunum bæjarins og ýmsu öðru áhugaverðu sem tengist menningu og mannlífi í bæjarfélaginu.

## FJÖLMENNINGARLEG ÁHERSLA

Árið 2017 var lagður grunnur að fjölmennarlegu samstarfi innan málaflokksins sem hefur skilað góðum árangri. Í öllu menningarstarfinu er lögð áhersla á að allir fái notið mannréttinda og að tryggt sé að fólk af erlendum uppruna eigi greiðan aðgang að þjónustu sem menningarstofnanir bæjarins bjóða upp á. Enn fremur að mennta- og æskulýðsstarf taki mið

af þörfum barna fólks af erlendum uppruna og að þau fái notið framboðs bæjarfélagsins til jafns við önnur börn. Fjölbreytni og margbreytileiki samfélagsins er þannig mikilvægur þáttur í menningarstarfi bæjarins þar sem áhersla er lögð á að börnum og ungmennum gefist tækifæri til að kynna heimameningu sína og móðurmál.

Þann 1. maí hlutu Menningarhúsin í Kópavogi 4 milljón króna styrk úr Barnamenningarsjóði Íslands til að skipuleggja starf og viðburði fyrir erlenda íbúa. Styrkurinn gerði menningarmálaflokknum kleift að ráða Jasminu Vajzovi Crnac í hálfstarf til að sinna þessu starfi. Ári áður hafði sambærilegt verkefni hlotið styrk úr sama sjóði. Þannig hélst samfella í starfi fjölmennigartengdra verkefna á árinu eftir því sem aðstæður leyfðu.

## STEFNUMÖRKUN OG FRAMTÍÐARSÝN

Eitt af meginmarkmiðum menningarstefnu bæjarins er að menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna og ungmenna í bæjarfélaginu. Sem annað stærsta bæjarfélag landsins eru skyldur lagðar á herðar þess og mikilvægt að málaflokkurinn gegni þar vissri forystu. Fáheyrt er að eitt bæjarfélag státi af svo ólíkum menningarstofnunum sem tengdar eru hver annarri og felast í því fjölmörg tækifæri sem skapa um leið afar mikla sérstöðu ef litið er til höfuð-borgarsvæðisins í heild sinni.

Menningarhúsasamstæðan rennir styrkum stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf innan bæjarfélagsins og skapar bæjarfélaginu sterka og einstaka imynd. Náand lista- og menningarhúsa auk nálægðar þeirra við eina vinsælustu sundlaug landsins, Kópavogslaug, er tækifæri sem hægt er að nýta til að efla ferðaþjónustu innan bæjarfélagsins.



Innan menningarmálflokksins er lögð áhersla á að endurskoða starfsemina á hverjum tíma, veita framúrskarandi þjónustu, tileinka sér vandaða stjórnýsly og standa vörð um heilsu og hag starfsmanna. Innleiðing nýrra tæknilausna og framþróun í starfi er einnig einkennandi fyrir menningarstarf bæjarins. Starfsfólk menningarmálflokksins leggur áherslu á að meta starfsemina reglulega með það fyrir augum að gera betur.

Auk metnaðarfullrar dagskrár menningarstofnana bæjarins verður eitt af megin viðfangsefnum ársins 2021 hið fjölbjóðlega samstarfsverkefni Vatnsdropinn. Fyrstu viðburðir þessa stóra samstarfsverkefnis verða kynntir og sýning opnuð í Gerðarsafni. Leitað verður leiða til að efla enn frekar faglegt samstarf við skóla, auka áherslu á fjölmenningslegt starf og samstarf út fyrir landsteinana.

Á árinu 2021 stendur til að gera úttekt á útilistaverkum bæjarins auk þess sem mikill áhugi er fyrir því að greina möguleg svæði fyrir ný útilistaverk. Þó ekki liggi fyrir kaup á nýjum verkum er mikilvægt að hafa greint mögulegar staðsetningar ef vilji er til að fara í slík verkefni á næstu misserum. List í almenningsrými er málflokkur sem orðið hefur nokkuð út undan og þar liggja sóknarfæri fyrir Kópavogsbæ. Þrátt fyrir að útisvæði Menningarhúsanna hafi tekið stakkaskiptum undanfarin ár er mikilvægt að svæðið verði tekið út og hannað sem ein heild. Það er mikilvægt að viðhalda samstarfi við grasrótina í Kópavogi; kóra og annan félagsskap sem nýtur styrkja frá lista- og menningarráði.

Í ljósi stórauðinnar þekkingar og reynslu starfsfólks menningarmála á streymisútsendingum verða kannaðir möguleikar á hvernig hægt er að bæta þeirri þjónustu við núverandi starfsemi, m.a. til að ná til jaðarhópa, sem eiga ekki heimangengt.

Árið 2021 verður lögð áhersla á að ljúka smíði nýrrar heimasíðu og setja hana í opið kerfi. Einnig verður lokið við hönnun á nýju útliti og nýjum áherslum innan málflokksins. Helstu breytingarnar felast í því að hætta hinni formlega notkun orðsins „Menningarhúsin“ en styrkja þeim mun betur sérkenni hverrar lista- og menningarstofnunar fyrir sig. Unnið verður með nýtt einkenni fyrir menningarmálflokkinn undir heitinu MEKÓ, sem er skammstöfun á Menning í Kópavogi. Tilgangurinn með breytingunum liggur aðallega í því að færa menningarlífið um allan bæ í stað þess að það sé bundið við þyrpingu menningarstofnana við Hamraborgina. Þegar hafa verið gerðar tilraunir í þessa veru sem lofa mjög góðu. Árið 2021 verður menningarstefnan endurskoðuð m.a. með það fyrir augum að meta þau áhrif sem vaxandi byggð, umferð og vinsældir á Kársnesi kunna að hafa á aðsókn menningarstofnana á svæðinu. Endurmeta þarf tækifæri húsanna í kjölfar nýrrar borgarlinu, brúar yfir Fossvoginn og nýrrar baðaðstöðu yst á Nesinu, sem gera má ráð fyrir að laði að sér nýja gesti. Í þessu samhengi þarf að skoða væntanlega fjölgun ferðamanna á svæðinu. Við endurskoðun menningarstefnu þarf einnig að skoða gaumgæfilega vöxt byggðar í efri byggðum Kópavogsbæjar og hvernig er hægt að mæta þörfum þeirra í menningarlegu tilliti, til dæmis með tilkomu menningarmiðstöðvar og bókasafns í Kórnum.



# REKSTUR OG MANNAUÐSMÁL

Innan málaflokksins er lögð áhersla á hagkvæmni í rekstri á sama tíma og leitast er við að uppfylla metnaðarfull markmið menningarstefnunnar. Árið 2020 nam launakostnaður 42% af rekstrargjöldum ársins. Salurinn var með 15% hlutdeild af tekjum málaflokksins sem er lægra en undanfarin ár sökum samkomutakmarkana vegna Covid-19. Áætlað er að tekjur Salarins nái 20% hlutdeild árið 2021. Náttúrufræðistofa var hins vegar með 16% hlutdeild af tekjum ársins sem er sex prósentustigum hærra en áætlað var. Gerðarsafn var með 3% hlutdeild af tekjum málaflokksins sem er í samræmi við áætlun 2020 og 2021 enda náði safnverslun Gerðarsafns góðu flugi á árinu þrátt fyrir samkomutakmarkanir.

Áætlað var að rekstrarniðurstaða ársins 2020 væri 730,3 milljónir en var í raun 716,5 milljónir, þ.a.l náði menningarmálaflokkurinn að halda sér 13,8 milljónum innan þess fjárhagsramma sem settur var fyrir árið 2020.

<b>FJÁRMÁL MENNINGARMÁLA</b>	Rekstrarniðurstaða 2019	Rekstrarniðurstaða 2020	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Tekjur				
<i>Rekstrartekjur</i>	-186.447.882	-178.527.665	-175.606.464	-178.506.118
Gjöld				
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	357.038.383	378.709.195	374.611.993	390.271.192
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	521.751.842	516.347.593	531.334.546	538.839.610
<i>Rekstrargjöld</i>	878.790.225	895.056.788	905.945.539	929.110.728
Rekstrarniðurstaða	692.342.402	716.529.123	730.340.075	750.604.610


## REKSTUR MENNINGARMÁLA

	Rekstrarniðurstaða 2020	Áætlun 2020	Rekstrarniðurstaða 2019
Meningarmál yfirstjórn	59.032.629	59.820.707	94.204.488
Bókasafn Kópavogs	207.530.717	201.589.488	199.330.244
Lindasafn	24.112.007	34.499.379	24.792.507
Héraðsskjalasafn	51.798.337	60.609.036	47.805.475
Gerðarsafn	142.305.660	135.493.639	121.913.531
Náttúrufræðistofa	76.538.580	71.082.176	74.288.843
Salurinn	61.826.123	63.693.456	68.212.219
Safnahús sameiginlegt	-478.388	0	867.625
Listasafn kaffiteria	-489.200	0	189.981
Lista- og menningarráð	55.054.680	57.207.992	53.425.155
Leikfélög	7.421.071	12.749.596	7.312.335
17. júní	3.062.585	3.274.154	0
Sumarhátíðir	4.383.097	1.780.452	0
Jól og áramót	24.431.225	28.540.000	0
Rekstrarniðurstaða	716.529.123	730.340.075	692.342.403

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021


	Áætlaðar tekjur 2021	Áætluð laun og launatengd gjöld 2021	Áætlaður annar rekstarkostnaður 2021	Áætluð rekstrarniðurstaða 2021
Menningarmál yfirstjórn	0	44.463.106	19.542.771	64.005.877
Bókasafn Kópavogs	-12.735.000	138.189.437	87.324.268	212.778.705
Lindasafn	-950.000	21.739.313	16.855.586	37.644.899
Héraðsskjalasafn	-855.000	44.484.002	19.096.059	62.725.061
Gerðarsafn	-4.824.000	33.614.397	100.428.641	129.219.038
Náttúrufræðistofa	-16.166.762	58.676.960	31.206.578	73.716.776
Salurinn	-36.256.776	41.186.349	61.425.663	66.355.236
Safnahús sameiginlegt	-106.718.580	500.000	106.218.580	0
Listasafn kaffiteria	0	0	0	0
Lista- og menningarráð	0	7.417.628	41.322.189	48.739.817
Leikfélög	0	0	12.749.596	12.749.596
17. júní	0	0	3.274.154	3.274.154
Sumarhátíðir	0	0	10.855.452	10.855.452
Jól og áramót	0	0	28.540.000	28.540.000
Rekstrarniðurstaða	-178.506.118	390.271.192	538.893.537	750.604.611

### ÁÆTLUÐ SKIPTING GJALDA 2021



A	11%	Salurinn	G	7%	Héraðsskjalasafn
B	5%	Jól og áramót, 17. júní og sumarhátíðir	H	10%	Náttúrufræðistofa
C	7%	Menningarmál yfirstjórn	I	14%	Gerðarsafn
D	24%	Bókasafn Kópavogs	J	5%	Lista- og menningarráð
E	4%	Lindasafn	K	1%	Leikfélög
F	12%	Safnahús sameiginlegt			

### ÁÆTLUÐ SKIPTING TEKNA 2021



A	20%	Salurinn
B	7%	Bókasafn Kópavogs aðalsafn
C	1%	Lindasafn
D	60%	Safnahús sameiginlegt
E	9%	Náttúrufræðistofa
F	3%	Gerðarsafn

## MANNAUÐSMÁL

Hjá Menningarhúsunum í Kópavogi starfar öflugur og hæfileikaríkur hópur starfsmanna, sem telur á bilinu 55-60 manns í rúmlega 33 stöðugildum. Mikilvægt er að hlúa vel að mannaúði menningarmálaflokksins og búa þeim jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi sem gerir þeim kleift að njóta sín í starfi og styrkja sig í sessi með reglubundinni simenntun og fræðslu. Áhersla hefur verið lögð á að efla stjórnendur í hlutverkum sínum og byggja undir menningu sem einkennist af jákvæðum samskiptum, valdeflingu, viðurkenningu og velliðan. Því hefur m.a. verið mætt með árvissum starfsmannasamtölum auk simenntunar- og fræðsludagskrár. Forstöðumenn og verkefnastjórar menningarmála funduðu að jafnaði einu sinni í viku á árinu 2020. Einnig fundaði forstöðumaður menningarmála að jafnan með hverjum og einum þeirra viku-eða hálfsmánaðarlega. Árið 2020 voru stórir starfsmannafundir færri en áður sem helgast af faraldrinum.

Sameiginlegir fundir voru sem hér segir:

10. janúar Bjartur Guðmundsson: Viltu hámarka árangur þinn í starfi?
21. febrúar Andri Snær Magnason: Um tímann og vatnið
27. mars Spjall og kaffisopi allra starfsmanna
11. september Sigríður Hulda Jónsdóttir: Breytingar, þrautseigja og vinnustaðamening.
23. október Grín og Hallóvín með Ara Eldjárn

Þá sóttu forstöðumenn og verkefnastjórar menningarmálaflokksins vinnustofu og leiðtogaþjálfun hjá Ragnheiði Aradóttur, sálfræðingi og markþjálfara hjá Proevents, og almannatengill Kópavogsbæjar skipulagði vinnustofu vegna auglýsinga- og kynningarmála með Pipar/TBWA sem hluti af stjórnendum sótti.

Innan yfirstjórnar menningarmála tók við nýr verkefna- og viðburðastjóri menningarmála, Elisabet Indra Ragnarsdóttir, og hóf hún störf í september 2020.

Fyrir tilstuðlan átaks Vinnumálastofnunar var í fyrsta sinn hægt að ráða til starfa þvert á menningarhúsin fjóra sumarstarfsmenn sem mótuðu og stýrðu öflugri sumardagskrá og námskeiðum fyrir börn með frábærum árangri.

Undir lok árs 2020 hófst undirbúningur um styttingu vinnuvikunnar sem tók gildi 1. janúar 2021.

## Fjöldi starfsmanna og stöðugildi

	Stöðugildi	Fastir starfsmenn	Starfsmenn í tímavinnu
Bókasafn Kópavogs	12,55	14	4
Lindasafn	1,75	2	3
Héraðs-skjalasafn	3	3	1
Náttúrufræðistofa	6,33	5	3
Gerðarsafn	3,3	4	4
Stjórn menningarmála	3	3	1
Salurinn	3,3	4	8
Samtals	33,35	35	24





# VIÐBURÐIR, FRÆÐSLA OG KYNNINGARSTARF

Menningarmálaflokkur Kópavogsbæjar býður upp á viðburða-raðirnar Fjölskyldustundir á laugardögum, Menningu á miðvikudögum og Foreldramorgna á fimmtudögum. Menningarhúsin í Kópavogi skiptast að öllu jöfnu á að bjóða upp á viðburði innan þessara raða og eru Fjölskyldustundir og Menning á miðvikudögum vikulegir viðburðir en Foreldramorgnar annan hvern fimmtudag. Gestir húsanna geta því gengið að ókeypis gæðaviðburðum í viku hverri en dagskráin miðar ávallt að grunnstarfsemi hvers húss.

Auk þess eru Ljóðstafur Jóns úr Vör, Vetrarhátíð í Kópavogi og Safnanótt, Barnamenningarhátíð í Kópavogi, 17. júní, Haustkarnival og Aðventuhátíð Kópavogs mikilvægir liðir í starfsemi húsanna en vegna Covid-19 faraldursins var ekki hægt að bjóða upp á Barnamenningarhátíð og Aðventuhátíð 2020.

Viðburðateymi Menningarhúsanna skipuleggur alla viðburði með löngum fyrirvara en viðburðateymið skipa fulltrúar frá hverri stofnun, verkefna- og viðburðastjóri menningarmála og markaðs- og kynningarstjóri menningarmála. Fagfolk er ráðið til að leiða smiðjur og halda erindi eða tónleika en fjölbreytni og gæði eru höfð að leiðarljósi við val á viðfangsefni og framkvæmd viðburða.

Menningarhúsin í Kópavogi standa einnig sameiginlega að fræðsludagskrá fyrir skólabörn með yfirheitinu Menning fyrir alla.

GESTIR	Fjöldi gesta 2017	Fjöldi gesta 2018	Fjöldi gesta 2019	Fjöldi gesta 2020
Bókasafn Kópavogs	156.474	158.025	171.813	101.036
Gerðarsafn	31.025	33.132	48.679	35.974
Héraðsskjalasafn	854	1.019	1.043	281
Náttúrufræðistofa	15.143	19.109	26.243	12.465
Salurinn	26.550	28.767	31.707	12.534
Heildarfjöldi gesta	230.046	240.052	279.485	162.290

## COVID-19

Í mars 2020 skall á heimsfaraldur sem hafði veruleg áhrif á starfsemi Menningarhúsanna í Kópavogi. Loka þurfti stofnunum tímabundið og fjöldi viðburða féll niður. Viðburðateymið lagðist þá á eitt að finna nýjar leiðir til að halda menningarstarfinu gangandi og frá því í lok mars til 1. maí buðu Menningarhúsin uppá streymisviðburðaröðina Kúltúr klukkan 13 þar sem sérkenni hvers húss fékk að skina í gegn í viðburðum á netinu. Kúltúr klukkan 13 var streymt á heimasíðu Stundarinnar og Facebook-síðum Menningarhúsanna í Kópavogi.

Starfsemin hófst að nýju í maí og var virk starfsemi fram í október þegar þriðja Covid-19 bylgjan skall á sem hafði veruleg áhrif á viðburðadagskrá fram að áramótum. Líkt og í fyrstu bylgju sat verkefnateymið ekki auðum höndum og bauð m.a. upp á viðtöl við höfunda um nýttkomnar bækur á Bókasafni Kópavogs. Viðtölunum var streymt á Facebook og á fjölmiðlinum Stundinni. 1.-24. desember buðu Menningarhúsin svo í sameiningu upp á Aðventudagatal sem fór fram á vefsíðum húsanna.

Gestir sem heimsóttu Menningarhúsin á árinu voru 42% færri en 2019 sökum heimsfaraldursins og þátttaka í viðburðum drógst saman um helming.

## SAMEIGINLEGIR VIÐBURÐIR MENNINGARHÚSANNA Í KÓPAVOGI

### Fjölskyldustundir á laugardögum

Fyrstu mánuðina 2020 voru Fjölskyldustundir á laugardögum með hefðbundnu sniði og var það bersýnilegt í byrjun árs að laugardagur í Menningarhúsunum var orðinn fastur liður í helgardagskrá margra fjölskyldna. Boðið var upp á listasmiðjur í tengslum við sýningar í Gerðarsafni, tónleika í Salnum, náttúrutengda viðburði á Náttúrufræðistofu og ljóða- og bókmenntaviðburði á Bókasafni Kópavogs.

Viðburðateymi leggur þó ávallt áherslu á að bæta við ýmsum nýjungum sem eru nátengdar grunnstarfsemi hvers húss.

Á árinu 2020 hafði viðburðateymi Menningarhúsanna skipulagt 44 Fjölskyldustundir í húsunum en vegna Covid-19 var einungis hægt að bjóða uppá 20 Fjölskyldustundir á laugardögum í raunheimi og var því 55% skipulagðra viðburða frestað eða þeir felldir niður. Í lok árs var svo fundið upp á því að bjóða upp á sex Fjölskyldustundir á netinu í formi viðtala við barnabókahöfunda á Bókasafni Kópavogs til að koma til móts við þarfir gesta.

**4/1** Kolasmíðja Gerðarsafn  
Tilraunir með kol og hnoðleður til að dýpka tilfinningu fyrir ljósi og skugga. Leiðbeinendur: Guðrún Vera og Sigrún Halldóra.

**11/1** Fuglasmíðja Náttúrufræðistofa  
Fuglar Náttúrufræðistofu veita innblástur í teikningu og útsaumi. Leiðbeinandi: Lilý Erla Adamsdóttir.

**18/1** Orða vant? Bókasafn Kópavogs  
Ljóðasmíðja í umsjá Markúsar Más Efraim.

**25/1** Ljósmyndabrenslun Gerðarsafn  
Gestir búa til sína eigin camera obscura pappakassamyndavél og kynast því hvernig myndavélin virkar. Leiðbeinandi: Hallgerður Hallgrímsdóttir.

**1/2** Heimkynni Náttúrufræðistofa  
Sýningaropnun og Fjölskyldustund.

**1/2** Perlum saman Lindasafn

**8/2** Bingó Bókasafn Kópavogs

**15/2** Öskudagsföndur Náttúrufræðistofa og Bókasafn  
Danskir bolluvendir og figúruöskupokar í samstarfi við Waldorfskólann, Lækjarbotnum.

**22/2** Konan og selshamurinn Salurinn  
Barnaópera eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson og Ragnheiði Erlu Björnsdóttur.

**29/2** Vatnslitatilraunir Gerðarsafn  
Leiðbeinendur: Marta María Jónsdóttir og Brynhildur Kristinsdóttir.

**7/3** Bingó Lindasafn

**7/3** Mottusmíðja Bókasafn Kópavogs  
Leiðbeinandi: Unnur Björnsdóttir.

**6/6** Hjóladagurinn Menningarhúsin  
Hinn árlegi hjóladagur fjölskyldunnar.

**20/6** Sumarsólstöðujóga Bókasafn Kópavogs  
Leiðbeinandi: Helga Einarsdóttir.

**4/7** Allt og hvaðeina Gerðarsafn  
Skúlptúrgerð með Mörtu Mariu Jónsdóttur og Brynhildi Kristinsdóttur þar sem unnin eru þrívíð verk undir áhrifum Gerðar Helgadóttur.

**12/9** Útskriftarargangur LHI Menningarhús  
Leirmótun og náttúran á Gerðarsafni með Hrönn Waltersdóttur.  
Skapandi danssmíðja á Bókasafni Kópavogs með Ingunni Elisabetu Hreinsdóttur.  
Fyrirlestrar útskriftarnema frá listkennsludeild í Salnum.

**19/9** Sjávarheimur Náttúrufræðistofa  
Sköpum saman sjávarheim.

**26/9** Töfrahurðarhljómsveitin Salurinn  
Gunnar Helgason, Leifur Gunnarsson, Svanhildur Lóa Bergsveinsdóttir, Sunna Gunnlaugsdóttir og Rósa Guðrún Sveinsdóttir.

**3/10** Rithöfundaheimsókn Lindasafn  
Bergrún Íris Sævarsdóttir í heimsókn.

**3/10** Litadýrð og vatnaveröld Gerðarsafn  
Listasmíðja. Leiðbeinandi: Elin Anna Þórisdóttir.

### *Menning á miðvikudögum*

Menning á miðvikudögum er nátengd grunnstarfsemi húsanna líkt og á við um Fjölskyldustundir. Menning á miðvikudögum hefur náð að festa sig verulega í sessi í huga fólks og var aðsókn á þessa hádegisviðburði farin að aukast til muna.

Á árinu 2020 hafði viðburðateymi Menningarhúsanna skipulagt 36 viðburði undir hatti Menningar á miðvikudögum en vegna Covid-19 var einungis hægt að bjóða uppá 16 viðburði í raunheimi og var því 56% skipulagðra viðburða frestað eða þeir felldir niður.

Vegna samkomutakmarkana og almennrar varkárni hjá fólki var ákveðið að streyma nokkrum viðburðum samhliða því sem þeir fóru fram í raunheimum. Það var fyrirlestur Sævars Helga Bragasonar á Degi íslenskrar náttúru, fyrirlestur Jasminu Vajzovic Crnac um flotta hennar frá heimalandi og fyrirlestur Hönnu Guðlaugar Guðmundsdóttur um Gerði Helgadóttur út frá feminisku sjónarhorni. Fjölmiðillinn Stundin sá um að taka upp þessa viðburði og streyma þeim og voru 19.698 sem fylgdust með vefstreymi þessara þriggja viðburða.

Í lok árs var svo fundið upp á því að bjóða upp á sex viðburði undir hatti Menningar á miðvikudögum í formi viðtala við rithöfunda á Bókasafni Kópavogs. Þetta var gert til að koma til móts við þarfir gesta Menningarhúsanna og þá einna helst Bókasafnsins.

- 15/1** Borgarlinan Náttúrufræðistofa  
Fyrirlesari: Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH).
- 22/1** Afrit: leiðsögn Gerðarsafn  
Bjarki Bragason og Þórdís Jóhannesdóttir, ásamt sýningarstjóranum Brynju Sveinsdóttur.
- 29/1** Porrahefðir Bókasafn Kópavogs  
Fyrirlesari: Kristinn Schram, dósent í þjóðfræði við HÍ.
- 5/2** Súrnun sjávar Náttúrufræðistofa  
Fyrirlesari: Hrönn Egilsdóttir, sjávarvistfræðingur.
- 12/2** Trompet og píano Salurinn  
Jóhann Nardeau, og Snorri Sigfús Birgisson flytja verk eftir George Enescu, Gabriel Fauré, Maurice Ravel og Snorra Sigfús Birgisson.
- 19/2** Ferðasögn Gerðarsafn  
Fyrirlesari: Einar Falur Ingólfsson.
- 26/2** Myndavefur Kópavogs Héraðsskjalasafn  
**4/3** Skeggrætt og skrafað Bókasafn Kópavogs  
Fyrirlesari: Siggeir F. Ævarsson, sagn- og skeggfræðingur.
- 11/3** Heimkynni Náttúrufræðistofa  
Leiðsögn með Finni Ingimarssyni, forstöðumanni Náttúrufræðistofu.
- 20/6** Saumavélagjöf Bókasafn Kópavogs  
Kynning á starfsemi Kvenfélags Kópavogs og afhending saumavéla til safnsins.
- 19/8** Þegar allt kemur til alls Gerðarsafn  
Listamannaspjall með Guðjóni Ketilssyni og Unu Björgu Magnúsdóttur.
- 2/9** Gitartónar í hádeginu Salurinn  
Svanur Vilbergsson flytur fjölbreytta gitartónlist eftir Manuel Ponce, Augustin Barrios og Dusan Bogdanovic.
- 9/9** Sigrún Eldjárn Bókasafn Kópavogs  
Fyrirlestur í tilefni 40 ára höfundaafmælis Sigrúnar Eldjárn. Fór fram í Salnum.
- 16/9** Dagur íslenskrar náttúru Náttúrufræðistofa  
Fyrirlesari: Sævar Helgi Bragason, visindamiðlari og jarðfræðingur. Fór fram í Salnum.
- 23/9** Á flóttu undan stríði Bókasafn Kópavogs  
Fyrirlesari: Jasmina Ornac. Fór fram í Salnum.
- 30/9** Gerður út frá feminiskri listfræði Gerðarsafn  
Fyrirlesari: Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir, listfræðingur. Fór fram í Salnum.

**Bókakynningar á netinu**

Fjögurra vikna hlé varð á dagskrárliðunum Fjölskyldustundir á laugardögum og Menning á miðvikudögum í október 2020 vegna Covid-19 og tilheyrandi fjöldatakmarkana. Í lok október hófust útsendingar á vefþáttum í stað Fjölskyldustunda og Menningar á miðvikudögum en þættirnir voru teknir upp á Bókasafni Kópavogs og stýrði framleiðslufyrirtækið SAHARA upptökum og eftirvinnslu. Á laugardögum lásu höfundar nýrra barna- og unglingabóka úr bókum sínum og ræddu um þær við Guðrúnu Láru Pétursdóttur bókmenntafræðing. Höfundar nýrra íslenskra skáldverka lásu svo úr bókum sínum á miðvikudögum og ræddu um við Mariönnu Clöru Lúthersdóttur bókmenntafræðing og leikkonu. Starfsfólk Bókasafns Kópavogs valdi bækur í samtali við Guðrúnu Láru og Mariönnu Clöru þar sem gætt var að því að fjölbreytileiki væri í fyrirrúmi og hugað að vönduðum skáldverkum af ólíkum toga.

Þættirnir mældust allir vel fyrir, voru liflegir, aðgengilegir og til þess fallnir að kveikja áhuga á viðkomandi skáldverkum og nýjum bókum almennt. Haustið 2020 höfðu rithöfundar og bókaforlög mun færri tækifæri en í venjulegu árferði til að kynna bækur sínar og koma þeim á framfæri, sárafáar bókakynningar voru í raunheimum vegna samkomutakmarkana og því enn ríkari ástæða til að standa fyrir framtaki af þessu tagi til að styðja við bókmenntir og bókmenntaumuræðu í landinu. Að auki fólu þessar bókakynningar í sér framlag Bókasafns Kópavogs til metnaðarfullrar umræðu um barna- og unglingabókmenntir sem njóta oft mun minni athygli í fjölmiðlum en bækur fyrir fullorðna. Það getur verið snúið að stýra bókmenntaumuræðu um bækur fyrir þennan markhóp svo hún verði ekki of háfleyg eða snúin; Guðrúna Láru og höfundum tókst vel að feta gullinn meðalveg svo úr varð efni sem hentaði öllum aldurshópum, litlum og stórum lesendum.

Alls voru 20.627 sem fylgdust með Menningu á miðvikudögum streymisviðburðum eða 3.438 að meðaltali með hverri útsendingu. Alls 13.736 fylgdust með Fjölskyldustundum á laugardögum streymisviðburðum eða 2.290 að meðaltali með hverri útsendingu.

Fjölskyldustundir á laugardögum | vefviðburðir á Bókasafni Kópavogs

- 31/10** Ofurhetjan eftir Hjaltá Halldórsson  
**7/11** Vertu þú! Litrikar sögur af fjölbreytileikanum eftir Ingileif Friðriksdóttur og Mariu Rut Kristinsdóttur  
**14/11** Töfralandið eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur  
**21/11** Hingað og ekki lengra! eftir Þórdísi Gísladóttur og Hildi Knútsdóttur  
**28/11** Bölvun múmiunnar II eftir Ármann Jakobsson  
**5/12** Grisafjörður eftir Lóu Hlin Hjalmtýsdóttur

Menning á miðvikudögum | vefviðburðir á Bókasafni Kópavogs

- 28/10** Blóðrauður sjór eftir Lilju Sigurðardóttur  
**4/11** Váboðar eftir Ófeig Sigurðarson  
**11/11** Eldarnir: Ástin og aðrar hamfarir eftir Sigríði Hagalín Björnsdóttur  
**18/10** Undir Yggdrasil eftir Vilborgu Davíðsdóttur  
**25/11** Fjarvera þin er myrkur eftir Jón Kalman Stefánsson  
**2/12** Dýralíf eftir Auði Övu Ólafsdóttur

**Foreldramorgnar**

Foreldramorgnar voru lengi vel einungis á dagskrá Bókasafns Kópavogs en haustið 2019 var farin sú leið að bjóða upp á dagskrá þvert á Menningarhúsin.

Á árinu 2020 hafði viðburðateymi Menningarhúsanna skipulagt 13 Foreldramorgna í húsunum en vegna Covid-19 var einungis hægt að bjóða uppá sex viðburði og var því 54% skipulagðra viðburða frestað eða þeir felldir niður.

- 16/1** Foreldrajóga Bókasafn Kópavogs  
Leiðbeinandi: Helga Einarsdóttir.
- 30/1** Skoðað og skynjað í Stúdíói Gerðar Gerðarsafn  
**13/2** Bætt liðan eftir barnsburð Bókasafn Kópavogs  
Fyrirlesari: Hulda Jónasdóttir Tölgyes, sálfræðingur á Kviða-meðferðarstöðinni.
- 27/2** Söngstund með Diljá Sigursveinsdóttur Salurinn  
**14/2** Útivera og ævintýri með ungum börnum Náttúrufræðistofa  
Fyrirlesari: Sabina Steinunn Halldórsdóttir, iþrótt- og heilsufræðingur.
- 24/9** Svefnvenjur barna Bókasafn Kópavogs  
Fyrirlesari: Arna Skúladóttir, hjúkrunarfræðingur og sérfræðingur í barnahjúkrun.

**Kúltúr klukkan 13**

Vegna Covid-19 faraldursins féllu niður Fjölskyldustundir á laugardögum, Menning á miðvikudögum og Foreldramorgnar í Menningarhúsunum frá miðjum mars fram að sumri. Öll Menningarhúsin þurftu að loka dyrum sínum og var lengi vel ekki einu sinni hægt að bjóða upp á grunnþjónustu í húsunum.

Viðburðateymi Menningarhúsanna sat þó ekki auðum höndum og setti saman metnaðarfulla vefviðburðaröð undir heitinu Kúltúr klukkan 13 þar sem sérkenni hvers húss fékk að skina í gegn í viðburðum á netinu.

Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá kl. 13 á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum frá 23. mars til og með 1. maí. Allt í allt voru þetta 18 viðburðir sem streymt var í gegnum heimasíðu Stundarinnar og á Facebooksíðum Menningarhúsanna í Kópavogi og Stundarinnar.

Alls voru 174.399 sem fylgdust með Kúltúr klukkan 13 viðburðaröðinni eða 9.689 að meðaltali með hverri útsendingu.

**23/3** Salurinn  
Eagles tónleikar með Jógvan Hansen, Matthíasi Matthíassyni og Vigni Snæ Vigfússyni.

**25/3** Gerðarsafn  
Halla Oddný Magnúsdóttir spjallar við Einar Fal Ingólfsson ljósmyndara um sýninguna Afrit.

**27/3** Náttúrufræðistofa  
Á krossgötum: Sævar Helgi Bragason og Elin Björk Jónasdóttir veðurfræðingur spjalla um loftslagsmál, loftgæðamál, veður og veirur.

**30/3** Bókasafn Kópavogs  
Halla Oddný Magnúsdóttir spjallar við Gerði Kristnýju skáld.

**1/4** Salurinn  
Halla Oddný Magnúsdóttir spjallar við Sigurbjörn Bernharðsson fiðluleikara.

**3/4** Gerðarsafn  
GerðarStundin: Skúlptúrgerð.

**6/4** Náttúrufræðistofa  
Heimur veiranna: Sævar Helgi Bragason ræðir við Stefán Ragnar Jónsson sameindalíffræðing um veirur í viðú samhengi.

**8/4** Bókasafn Kópavogs  
Porgrimur Þráinsson ræðir um læsi.

**10/4** Salurinn  
Kordo kvartettinn flytur Strengjakvartett nr. 2 op. 13 í a-moll eftir Felix Mendelssohn.

- 13/4** Bókasafn Kópavogs  
Halla Oddný Magnúsdóttir spjallar við Andra Snæ Magnússon rithöfund um bækur hans.
- 15/4** Náttúrufræðistofa  
Súrnun sjávar: Sævar Helgi og Hrönn Egilsdóttir sjávarvistfræðingur ræða um súrnun sjávar og lífríki hafsins.
- 17/4** Gerðarsafn  
GerðarStundin: Gluggamálning og limteikningar.
- 20/4** Menningarhúsin  
Ragna Fróðadóttir bæjarlistamaður Kópavogs 2019 talar frá NY um textil, framtíðarsýn og endurvinnslu.
- 22/4** Salurinn  
Hot Eskimos flytja útsetningar á íslenski popp-, rokk-, og pönktónlist auk erlendra laga og frumsamans efnis.
- 24/4** Gerðarsafn  
GerðarStundin: Mósak og litrík hljóðfæri.
- 27/4** Bókasafn Kópavogs  
Auður Jónsdóttir rithöfundur og Vera Illugadóttir dagskrárgerðarkona bera saman bækur sínar í léttu spjalli á rölti um Bókasafn Kópavogs.
- 29/4** Gerðarsafn  
Halla Oddný Magnúsdóttir litur í listaverkageymslu Gerðarsafns í fylgd Brynju Sveinsdóttur sýningarstjóra.
- 1/5** Salurinn  
From Russia with love: Ágúst Ólafsson barítón, Lilja Guðmundsdóttir sópran og Eva Pyri Hilmarsdóttir pianóleikari flytja sönglög eftir Tchaikovsky, Rachmaninov og Borodin.

### Aðrir vefviðburðir

Auk vefviðburðanna Kúltúr klukkan 13 og rithöfundaspjalls sem fram fór undir merkjum Menningar á miðvikudögum og Fjölskyldustunda á laugardögum var boðið upp á tvo vefviðburði í tengslum við sýninguna Skúlpúr/skúlpúr þar sem Magnús Helgason og Ólöf Helga Helgadóttir ræddu um sýningar sínar í síthvorum þættinum. Umsjónarkonur og spyrjar voru Hallgerður Hallgrímsdóttir og Brynja Sveinsdóttir. Þættirnir voru sendir út í nóvember og desember 2020. Á Degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, var sent út spjall Arndísar Þórarinsdóttur og Kolbrúnar Bjarkar Sveinsdóttur um bókmenntir og yndislestur.

### HÁTÍÐIR Í MENNINGARHÚSUNUM

Árlega bjóða Menningarhúsin í Kópavogi sameiginlega upp á fjölbreytta dagskrá á ýmsum hátíðum. Ljóðstafur Jóns úr Vör, Vetrarhátíð í Kópavogi og Safnanótt, Barnamenningarhátíð í Kópavogi, 17. júní, Haustkarnival og Aðventuhátíð Kópavogs eru þær hátíðir sem menningarmálaflokkurinn stendur að og eru mikilvægir liðir í starfsemi húsanna. Vegna Covid-19 faraldursins var ekki hægt að bjóða upp á Barnamenningarhátíð, Haustkarnival né Aðventuhátíð 2020.

### Ljóðstafur Jóns úr Vör 2020

Ljóðstafur Jóns úr Vör var veittur í 18. sinn við hátíðlega athöfn í Salnum á afmælisdegi skáldsins, þann 21. janúar. Alls bárust 232 ljóð í keppnina. Jafnframt voru úrslit í Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs kunngjörð en 153 ljóð bárust frá grunnskólabornum. Dómnefnd skipuðu Bjarni Bjarnason formaður, Magnús Sigurðsson og Ásta Fanney Sigurðardóttir.

Handhafi Ljóðstafsins árið 2020 var Björk Þórgrímsdóttir fyrir ljóðið Augasteinn. Í öðru sæti var Freyja Þórsdóttir fyrir ljóðið Skilningur og þriðja sætið hlaut Elísabet Kristín Jökulsdóttir fyrir ljóðið Að elska Vestfirðing. Sérstaka viðurkenningu hlutu auk þess ljóðskáldin Björk Þórgrímsdóttir, Draumei Aradóttir, Haukur Þorgeirsson og Tómas Ævar Ólafsson.

Hlutskarpastur í grunnskólakeppninni var Ingimar Örn Hammer Haraldsson í 7. bekk Álfhólsskóla fyrir ljóðið Svarthol. Í öðru sæti var Arnór Snær Hauksson í 5. bekk Salaskóla fyrir ljóðið Grimma tréð og í þriðja sæti Steinunn María Gunnarsdóttir og Ragnheiður Jónasdóttir í 7. bekk Kársnesskóla fyrir ljóðið Draumaland. Þá hlutu sjö nemendur sérstaka viðurkenningu, þau Benedikt Einarsson í 10. bekk Vatnsendaskóla, Helgi Geirsson í 7. bekk Álfhólsskóla, Bára Margrét Guðjónsdóttir í 5. bekk Salaskóla, Kristín Elka Svansdóttir í 5. bekk Hörðuvallaskóla, Hrannar Ben Ólafsson í 5. bekk Hörðuvallaskóla og Ingunn Jóna Valtýsdóttir í 10. bekk Lindaskóla.





Við athöfnina fluttu Ágúst Ólafsson barítón og Eva Pyri Hilmarsdóttir pianóleikari lög við ljóð Jóns úr Vör.

Augasteinn  
eftir Björk Þorgrimsdóttur

undan nóttinni vaxa trén  
við vorum sammála um það  
hvort var það ég eða þú sem komst aftur?  
var ég heilög og húðin sjúklega geislandi  
kjarni sitrusávaxta

við ræddum lófana í hljóði  
góm við góm  
meðan augasteinarnir sukku  
sáttlausir í myrkrinu

það fæst engin medalía fyrir tilraunastarfsemi

þú með þína klofnu tungu  
og ég sem næli orðunni  
rétt undir viðbeinið

Svarthol  
eftir Ingimar Örn Hammer Haraldsson

Svarthol eru svört,  
og draga að sér ljós,  
en ekki nógu sterk,  
til þess að draga að sér,  
mína sál.

### *Safnanótt 2020*

Föstudaginn 7. febrúar var hin árlega Safnanótt haldin í Kópavogi og voru 28 mismunandi viðburðir í boði í Menningarhúsunum, Kópavogskirkju og Midpunkt. Safnanótt í Kópavogi er ávallt hugsuð fyrir alla fjölskylduna en Menningarhúsin buðu upp á fjölbreyttar smíðjur, tónleika, leiðsagnir, fyrirlestra, ratleiki og margt fleira. Þetta skipti var Safnanótt í Kópavogi með kvikmyndapema og endurspegladist það í þeim fjölmörgu viðburðum sem Menningarhúsin buðu upp á.

Í húsi Bókasafns Kópavogs og Náttúrufræðistofu Kópavogs var meðal annars haldið skemmtilegt fjölskylduquiz með Sigyn Blöndal, kvikmyndaquiz með Pub Quiz Plebbunum, leiðsögn um nýja sýningu Náttúrufræðistofu og fjölda skemmtilegra smíðja fyrir alla fjölskylduna. Einnig voru leikarar í gervi þekktu kvikmyndapersóna á vappi um húsið.

Í Salnum spilaði stuðhljóm sveitin Mandólin skemmtilega tónlist í huggulegri kaffihúsa-stemningu. Á Héraðsskjalasafni var boðið uppá erindi um álfa, drauga og fleira fólk og sýningu á viðtölum við þrjá heldri Kópavogsbúa. Einnig var margt í boði á Gerðarsafni, þar á meðal hreyfimyndasmiðja, tónleikar, leiðsagnir um sýningar og gæðastundir í Stúdíó Gerðar.

Hápunktur Safnanætur var vörpunin á Kópavogs-kirkju en það var listakonan ÚaVon sem skapaði verkið Gárur sem pryddi kirkjuna á Safnanótt 2020.

Sundlauganótt var svo á sunnudeginum 9. febrúar í Sundlaug Kópavogs þar sem boðið var upp á Aqua Zumba, Aqua Jóga, tónleika með Hreimi Erni Heimissyni og Svavari Knúti.

## 17. júní

17. júní hátíðahöldin eru nú undir hatti menningarmála í Kópavogi. Vegna Covid-19 voru hátíðahöld bæjarins á þjóðhátíðardaginn 2021 með öðru sniði en vanalega.

Fjöldatakmarkanir miðuðust við 500 manns. Dagskráin fór fram við Fifuna, Fagralund, Salalaug, Kórinn og á torginu við Menningarhúsin. Í heildina mættu fleiri á hátíðahöldin en áður og var samdóma álit gesta að hverfahátíðir með þessu sniði væru mun heppilegri en ein stór hátíð eins og áður hafði tíðkast á Rútstúni. Veðurbliða var mikil á þjóðhátíðardaginn.

Menningarhúsin lögðu áherslu á að halda í sérstöðu sína í hátíðarhöldunum og buðu upp á menningarlegan 17. júní. Á útisvæði Menningarhúsanna voru sett upp þrjú stór hvít tjöld þar sem fjölskylduverkefnið Söfnum sumri var kynnt af fulltrúum Gerðarsafns, Náttúrufræðistofu og Bókasafns Kópavogs. Skapandi sumarstörf tóku þátt í hátíðarhöldunum en þau voru t.a.m. með eitt stórt tjald þar sem þau buðu upp á tónleika og aðra gjörninga og myndlistafolk var búið að koma sé fyrir á torginu og málaði listaverk í viðurvist gesta. Frábært sirkusatriði mætti á svæðið og skemmti ungum sem öldnum og Húlladúllan kenndi fólki að húlla með stæl. Í Salnum bauð Valgerður Guðnadóttir upp á hressa sumartónleika sem varpað var út til almennings

Skipuleggjandi 17. júní hátíðarinnar í Kópavogi var Ingibjörg Gréta Gísladóttir sem gaf út itarlega skýrslu um viðburðinn.

## Heilsum hausti

Vegna Covid-19 var ekki mögulegt að bjóða upp á Haustkarnival Menningarhúsanna en undanfarin ár hefur verið fjölbreytt dagskrá í öllum húsunum í upphafi haustannar. Laugardaginn

5. september var haldin mjög lágstemmd örhátíð undir yfirskriftinni Heilsum hausti þar sem haustdagskrá Menningarhúsanna var kynnt, fjölskyldutónleikarnir Ferðafljóð fóru í tvígang fram í Salnum í Kópavogi og plötusnúðurinn Krystal Carma (Arnþjótur Sigurðarson) hélt uppi fjörinu á útisvæði Menningarhúsanna.

Í Gerðarsafni stóð uppi sýningin Fjörutíu skynfæri, útskriftar-sýning nema í hönnun og arkitektúr frá LHI 2020. Í Náttúrufræðistofu og Bókasafni Kópavogs var boðið upp á þrautir og leiki af ýmsu tagi auk þess sem hægt var að njóta grunnsýninga Náttúrufræðistofu og sýningar á teikningum Sigrúnar Eldjárn á veggjum bókasafnsins.

## Aðventudagatal

Vegna fjöldatakmarkana var ekki hægt að bjóða upp á Aðventuhátíð eða viðburði í raunheimum í desember. Þess í stað var ákveðið að vera með Aðventudagatal. Húsin skiptust á að leggja til jólaglaðning í hvern glugga en dagatalið var (og er enn) aðgengilegt á vef Menningarhúsanna í Kópavogi.

Nýjar tónlistarupptökur í hljóð og/eða mynd, ljóðalestur, náttúrutengd verkefni og hugmyndir að jólaföndri, jólaestri og skapandi aðventugjörningum voru á meðal þess sem boðið var upp á. Auk metnaðarfullra verkefna tengdum náttúrufræði og bókmenntum sem til urðu í húsunum sjálfum voru eftirtaldir listamenn fengnir til að koma fram eða leggja til efni:

Frá Gerðarsafni: Almar Steinn Atlason, Anna Kolfinna Kuran, Drengurinn fengurinn, Snæfriður Sól Gunnarsdóttir, Una Björg Magnúsdóttir og Þór Sigurþórsson. Sex ólíkir fjölskylduvænir jólagjörningar í formi mynda, texta og myndbands.

Frá Bókasafni Kópavogs: Arndís Þórarinsdóttir las frumsamda jólasögu um jólaköttinn í myndbandsupptöku.

Frá Salnum: Jón Ólafsson og Hildur Vala með fjögur kyrrlát lög úr ólíkum áttum í myndbandsupptöku.

Þvert á húsin: Björk Þorgrímsdóttir las frumsamin ljóð í hljóðupptöku (þar á meðal sigurljóð Ljóðstafs Jóns úr Vör 2020). Jelena Ciric flutti frumsamda tónlist og jólaglag í hljóðupptöku. Jose Luis Andervel flutti frumsamda tónlist og mexíkóskt jólaglag í hljóðupptökum og Jakub Ziemann, leikari og matreiðslumaður var með stutta kennslustund um hvernig matreiða skyldi pólskan jólamat í myndbandsupptöku.

Sérstaða Menningarhúsanna endurspegladist vel í þessu verkefni þar sem dagatalið fléttaði saman visindum, fræðum og ólíkum listgreinum og bauð upp á fjölskylduvænar og skapandi leiðir fyrir fólk á öllum aldri að njóta aðventunnar. Hugað var að fjölmeningarlegum vinkli og gætt að fjölbreytileika í efnisvali.

## SUMARSTARF Í MENNINGARHÚSUNUM

### Söfnum sumri

Á hátíð í tilefni 17. júní var fjölskylduverkefnið Söfnum sumri sett á laggirnar en verkefnið var aðgengilegt allt sumarið í Menningarhúsunum. Þátttakendur fengu afhentan taupoka, fullan af fjölbreyttum og sumarlegum verkefnum og þrautum, sem fjölskyldan var hvött til að taka með sér út í sumarið og í ferðalögin. Hugmyndin að baki Söfnum sumri var að skapa vettvang til útveru og samveru fyrir fjölskylduna en verkefnið bauð m.a. upp á bókabíngó, ljósmyndamarþon, fjölbreytt náttúrutengd verkefni, dúska- og fánagerð og margt fleira. Verkefnið var samvinnuverkefni Menningarhúsanna og fjölbreytt eftir því, þar sem mismunandi áherslur hvers húss fengu notið sin til fulls.

### Sumarbræðingur í Menningarhúsunum

Nokkra fimmtudaga yfir sumarið var haldinn Sumarbræðingur í Kópavogi. Sumarbræðingur tengdi Sumarjazz í Salnum saman við lengri opnunartíma í Gerðarsafni og veitingastaðinn Pure Deli. Þessa fimmtudaga var opið til 21 í Gerðarsafni og boðið upp á ólíka viðburði svo sem strengjatónleika og leiðsagnir en Sumarjazz í Salnum fór fram síðdegis.

### Sumarspirur

Menningarhúsin í Kópavogi fengu fjórar kraftmiklar ungar konur til liðs við sig yfir sumarið 2020 til að sjá um sumarsmiðjur og sumarnámskeið og störfuðu þær undir yfirheitinu Sumarspirur Menningarhúsanna. Sumarspirurnar voru Guðný Sara Birgisdóttir myndlistarkona og meistaranemi í hönnun við LHÍ, Ýr Jóhannsdóttir textilistakona og nemi við Listkennsludeild LHÍ, Jóhanna Malen Skúladóttir jarðvisindanemi við Háskóla Íslands og teiknari og Þórhildur Magnúsdóttir víólunemi í Tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn. Sumarspirurnar buðu upp á vikulegar smiðjur alla þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 13-15 á tímabilinu 30. júní til 13. ágúst þar sem áhersla var lögð á umhverfisvitund, listræna sköpun og leikgleði. Á þriðjudögum voru visindamiðaðar smiðjur og þrautagerð, myndlist á miðvikudögum og svo fimmtudagsflækjur. Vel var mætt á smiðjur Sumarspira en alls voru 188 þátttakendur í smiðjunum.

30/6	Tetrisnámskeið	23/7	Gerðarsaumur
1/7	Klippimyndanámskeið	28/7	Lindasafn - litrófið
2/7	Útsaumur og endurvinnsla	29/7	Lindasafn - vatnslitir
7/7	Sólkerfið úr steinum	30/7	Lindasafn - litarendur
8/7	Prentsmiðja	4/8	Leikjavíka - Origami
9/7	Fljúgandi flækjur með Fræ	5/8	Leikjavíka - borðspilagerð
14/7	Vinabandasmiðja	6/8	Leikjavíka - textilleikir
15/7	Bókakarakterar		
16/7	Hexahexaflexagon		
21/7	Seglasmiðja		
22/7	Linuteikningar		

## FRÆÐSLUDAGSKRÁ MENNINGARHÚSANNA

### Menning fyrir alla

Menning fyrir alla er yfirskrift metnaðarfullrar fræðsludagskrár fyrir nemendur í leik- og grunnskólum. Grunnþættir menntunar, eins og þeir birtast í aðalnámskrám, eru hafðir að leiðarljósi og áhersla lögð á hugtökin sköpun, tjáningu og miðlun, gagnrýna hugsun, sjálfstæði og samvinnu.

Dagskrá fyrri hluta 2020 hélst að mestu órofin en dagskrá seinni hluta frestaðist öll vegna Covid-19.

4. bekkur (jan. - mar.) Ljóðadýr/Dýraljóð á Náttúrufræðistofu og Bókasafni Kópavogs

Ljóðadýr á Náttúrufræðistofu Kópavogs: Ljóð notuð sem kveikjur fyrir fræðslu, umræður og verkefni um fjölbreytni dýra í íslenskri náttúru. Fæðuval, búseta og staða dýranna í vistkerfinu skoðuð.

Dýraljóð á Bókasafni Kópavogs. Ólík ljóðform, stilbrögð og bragarhættir kynnt fyrir nemendum og birtingarmyndir dýra í íslenskum ljóðum skoðuð. Ut frá þessari innlögð sömdu nemendur eigin ljóð.

1.-3 bekkur (feb.) Konan og selshamurinn í Salnum

Barnaópera eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson og Ragnheiði Erlu Björnsdóttur byggir á íslenskri þjóðsögu og fjallar um togstreitu móður sem þarf að velja á milli sjö barna á landi og sjö í sjó. Flytjendur: Björk Nielsdóttir, Pétur Oddbergur Heimisson, Skólakór Kársness, Matthildur Anna Gísladóttir pianóleikari og félagar úr CAPUT.

8.-10. bekkur (mars) Heilaskaði í Salnum

Ný ópera eftir Helga Rafn Ingvarsson og Rebeccu Hurst fjallar um sópransöngkonuna Evu sem fær alvarlegt höfuðhögg, lækninn sem meðhöndlar hana og hvernig tónlist getur haft áhrif á fólk á taugafræðilegan og tilfinningalegan máta. Flytjendur: Þórgunnur Örnólfsdóttir, Gunnar Guðbjörnsson, Helen Whitaker og Helgi Rafn Ingvarsson.

10. bekkur (jan.-feb.) Ljósmyndir: Listform og raunveruleiki í Gerðarsafni

Ljósmyndasýning á Gerðarsafni skoðuð en í mörgum verkanna eru gerðar tilraunir með ljósmyndataeknina. Ljósmyndir á sýningunni eru í formi skúlptúra, innsetninga, vídeóverka eða teikninga. Féll niður.



Eftirfarandi fræðsluliðum var frestað vegna Covid-19:

9. bekkur (okt.) Stefnumót við rithöfund á Bókasafni Kópavogs  
 1.-3 bekkur (okt.) Jazz er hrekkur í Salnum  
 Leikskólar (des.) Komdu kisa mín  
 á Náttúrufræðistofu og Bókasafni Kópavogs  
 6. bekkur (nóv.) SKÚLPTÚR í samtímanum  
 / SKÚLPTÚR í náttúrunni  
 í Gerðarsafni og Náttúrufræðistofu Kópavogs

## MenningarKrakkar

Sumarnámskeið Menningarhúsanna var haldið í fimmta sinn dagana 17.-21. ágúst en námskeiðið er heilsdagsnámskeið fyrir 6-9 ára börn. Að þessu sinni var þjóðsagna- og skrimslapema á Bókasafni Kópavogs, Gerðarþema á Gerðarsafni og svo farin fjöruferð og ferð upp á Borgarholtið með sérfræðingum Náttúrufræðistofu. Fullt var á námskeiðið strax í byrjun sumars og kominn biðlisti þegar ágústmánuður gekk í garð. Námskeiðið gekk vonum framár og foreldrar og börn hæstánægð með starfið.

MENNING FYRIR ALLA	Fjöldi nemenda 2018	Fjöldi nemenda 2019	Fjöldi nemenda 2020
Bókasafn Kópavogs	426	1.549	383
Gerðarsafn	1.371	811	0
Náttúrufræðistofa	539	623	343
Salurinn	2.143	2.036	1.302
Heildarfjöldi nemenda	4.479	5.019	2.028

FJÖLDI GESTA Á SAMEIGINLEGUM VIÐBURÐUM MENNINGARHÚSANNA 2020	Bóka-safn	Gerðar-safn	Héraðs-skjala-safn	Náttúru-fræði-stofa	Salurinn	Úti-svæði	Aðsókn alls 2018	Aðsókn alls 2019	Aðsókn alls 2020
Fjölskyldustundir á laugardögum	863	210		643	220		3.530	3.700	1.936
Menning á miðvikudögum	160	82		108	294		1.670	1.724	644
Foreldramorgnar	88	27		8	7			162	130
Safnanótt	560	695	100	560	165		4.016	2.556	2.080
Barnamenningarhátíð							1.817	2.745	
17. júní	1.000	287		1.000	310	1.000		976	3.597
Haustkarnival (Heilsum hausti)	200	132		200	38				570
Aðventuhátíð Kópavogs							933	2.837	
Menning fyrir alla	383			343	1.302		4.479	5.019	2.028
Aðrir sameiginlegir viðburðir Menningarhúsanna	160			125				3.270*	285
Gestir alls	3.414	1.433	100	2.987	2.336	1.000	16.445	22.989	11.270
Áhorf á streymisviðburði á vegum Menningarhúsanna	84.312	34.282		33.157	68.017				219.768

\* þ.a.m. haustfrí og vetrarfrí grunnskóla Kópavogs og 30 ára afmæli barnasáttmálans.

## Vetrar- og haustfri grunnskólanna

Venjan er að í vetrar- og haustfrium grunnskóla Kópavogs bjóði Menningarhúsin upp á skemmtilegar og fjölbreyttar smíðjur fyrir börn og þeirra fylgifiska.

Vetrarfri grunnskóla Kópavogs var 5. og 6. mars 2020. Fjölbreyntin var höfð í fyrirrúmi og boðið upp á bió og perl á Bókasafni Kópavogs ásamt því að Sævar Helgi Bragason mætti á svæðið og fræddi forvitna krakka um stjörnuskoðun, himingeiminn og jörðina. Á Gerðarsafni var í boði vatnslitahorn og ljósaborð í Stúdíó Gerðar og ljósmyndabrenslun þar sem Hallgerður Hallgrímsdóttir bauð fólki að búa til sína eigin camera obscure pappakassamyndavél. Einnig var hægt að fara í ratleiki og þrautaleiki á Bókasafni Kópavogs og Náttúrufræðistofu.

Vegna Covid-19 var engin skipulögð dagskrá í haustfri grunnskólanna 2020. Þess í stað var boðið upp á ljósmyndamarafonið Söfnum hausti þar sem hvatt var til útiveru og náttúruupplifunar í gegnum fjörugar og fallegar þrautir sem nálgast mátti rafrænt á vefslóð Menningarhúsanna. Auk þess var sendur út póstur í grunnskóla Kópavogs til að vekja athygli á verkefninu.

## FJÖLMENNING Í KÓPAVOGI

Í árslok 2020 höfðu 10,3% íbúa Kópavogs erlent ríkisfang og menningarmálaflokkur Kópavogs er mjög meðvitaður um mikilvægi þess að byggja brýr á milli ólíkra menningarheima. Kynna þarf samfélag og menningu okkar fyrir þessum ólíku hópum og um leið fá tækifæri til að kynnast þeim og þeirra menningu. Árið 2019 var Jasmina Vajzovic Crnac ráðin inn sem verkefnastjóri fjölmennningar og hefur þetta því verið áhersluatriði hjá Menningarhúsunum síðan. Helstu verkefni verkefnastjóra fjölmennningar eru að halda utan um verkefni sem tengjast fjölmenningu og að efla þátttöku fólks af ólíkum uppruna á viðburðum fyrir börn og fjölskyldur. Fljótt með tilkomu verkefnastjóra mátti greina aukningu gesta frá mismunandi menningarheimum og miðaði dagskráin í meira mæli að þátttöku þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

## Fjölpjódleg barnamenning

Verkefni sem hófst í september 2019 og lauk í júní 2020 en það verkefni hlaut 1,8 milljón kr. styrk frá Barnamenningarsjóði árið 2019. Verkefnið miðaði að því að ná betur til barna af erlendum uppruna og verkefnastjóri fjölmennningar því ráðinn til að sinna því verkefni.

Verkefnastjóri lagði áherslu á að hvetja börn og fjölskyldur frá ólíkum löndum til að sameinast íslenskum börnum og fjölskyldum í Fjölskyldustundum á laugardögum. Markvisst var farið í það að mynda öflugt tengslanet í gegnum samfélagsmiðla til að auka upplýsingaflæði til þessara hópa og lögð áhersla á að upplýsingar um viðburði væru aðgengilegir á bæði íslensku og ensku.

Það var mikill fengur að fá manneskju með álika bakgrunn í þetta starf þar sem hún vann sér inn traust með þessara hópa sem jók á áreiðanleika Menningarhúsanna í huga þeirra.

## Smíðjur óháðar tungumálum

Verkefni sem hófst í september 2020 og á að ljúka í júní 2021. Verkefnið fékk styrk frá Barnamenningarsjóði upp á 4 milljónir og miðar að því að ná enn frekar til barna og fjölskyldna sem tala annað tungumál en íslensku á heimili sínu. Skipulagðar voru mánaðarlegar smíðjur í samstarfi við listamenn frá Póllandi, Íslandi og Serbíu með það að leiðarljósi að börn og fjölskyldur geti notið skapandi stunda óháð tungumáli eða menningarbakgrunni. Vegna Covid-19 hefur smíðjunum verið frestað fram á vor 2021.

## Let's make it work

Látum það ganga eins og það heitir á íslensku er verkefni sem sett var af stað í september 2020 og því á að ljúka í maí 2021. Verkefnið fékk styrk frá forvarnasjóði Kópavogs upp á 400 þús. Látum það ganga snýr að samfélagsfræðslu fyrir konur af erlendum uppruna. Verkefnið gengur út á það að efla konur af erlendum uppruna og gefa þeim tækifæri til að fá fræðslu og upplýsingar um lýðheilsu, samfélag og um hvernig hlutirnir ganga venjulega fyrir sig í íslensku samfélagi.

Skipulögð var röð fyrirlestra á Bókasafni Kópavogs en vegna Covid-19 voru fyrirlestrarnir færðir yfir á rafrænt form.

## Serbnesk menningarhátíð

Serbnesk Menningarmiðstöð á Íslandi og Menningarhúsin í Kópavogi héldu viðburði á Serbneskum menningardögum sem fóru fram í Salnum og Bókasafni Kópavogs, 31. janúar til 2. febrúar 2020. Hátíðin var fjölsótt og gaman að sjá mismunandi þjóðerni koma saman, kynnast annarri menningu og njóta fjölbreytileikans. Markmið hátíðarinnar var að byggja upp og styrkja tengsl á milli ólíkra menningarheima.

## Spjallið

Haustið 2020 hófst undirbúningur tilraunasamstarfsverkefnis á milli Bókasafns Kópavogs og Rauða krossins. Verkefnastjóri fjölmennningar heldur utan um verkefnið en Rauði krossinn sér um að útvega og halda utan um sjálfboðaliða. Markmiðið er að þjálfra íslenskt talmál og auka orðaforða fólks sem hefur hagnýtt gildi í daglegu lífi. Spjallið er einnig góður vettvangur til þess að kynnast nýju fólki og mynda ný vináttubönd. Spjallið mun fara af stað í janúar 2021.

## MARKAÐSSETNING OG KYNNINGARMÁL

### Dagskrárbæklingar

Menningarhúsin hafa undanfarin ár prentað út dagskrárbæklinga sem dreift er í öll hús í Kópavogi, hvort sem það hefur átt við vor- eða haustdagskrá eða fyrir stærri hátíðir.

Í byrjun janúar var gefinn út dagskrárbæklingur fyrir voríð og honum dreift í öll hús í Kópavogi. Bæklingurinn hafði að geyma dagskrá viðburðaraða Menningarhúsanna ásamt upplýsingum um aðra starfsemi húsanna.

Dagskrárbloðungur fyrir Safnanótt var einnig útbúinn og honum dreift í öll hús í byrjun febrúar.

### Menningartimarit

Í fyrstu bylgju Covid-19 fæddist sú hugmynd að útbúa menningartimarit fyrir Kópavogsbúa. Brynhildur Björnsdóttir blaðakona var ráðin til að skrifa áhugaverðar lista- og menningartengdar greinar fyrir blaðið og hönnunarstofan Döðlur fengin til að hanna útlit blaðsins. Íris María Stefánsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri menningarmála í Kópavogi var ritstjóri blaðsins.

Í lok ágúst kom út timarit Menningarhúsanna í Kópavogi. Blaðið var ekki einungis með upplýsingar um starfsemi húsanna og dagskrá heldur var þar að finna fjölda viðtala við fólk sem hægt var, á einn eða annan hátt, að tengja við starfsemi húsanna. Í miðju blaðsins var svo að finna yfirlit yfir dagskrá haustsins.

Timarit þetta var verulega veglegt og fékk mjög góðar viðtökur enda var því dreift ókeypis til allra bæjarbúa. Ætlunin er að endurtaka leikinn haustið 2021.

### Menningarhúsin á samfélagsmiðlum

Samfélagsmiðlar, og þá sérstaklega Facebook, eru orðnir stór hluti af kynningarstarfi allra Menningarhúsanna. Hvert hús er með sína eigin Facebook-síðu að Héraðsskjalasafni undanskildu. Í lok desember 2020 hafði fylgi við Menningarhúsin í Kópavogi á Facebook rúmlega tvöfaldast á tveimur árum.

Á árinu voru samfélagsmiðlar helsti vettvangur auglýsinga fyrir fasta viðburði s.s. Fjölskyldustundir á laugardögum, Menningu á miðvikudögum og Foreldramorgna.

FJÖLDI FYLGJENDA Á FACEBOOK	lok 2018	lok 2019	lok 2020	aukning milli ára
Menningarhúsin í Kópavogi	1.054	1.564	2.126	36%
Bókasafn Kópavogs	2.589	2.984	3.336	12%
Gerðarsafn	3.760	4.130	4.430	7%
Náttúrufræðistofa Kópavogs	700	947	1.055	11%
Salurinn	7.450	7.691	8.086	5%
Heildarfjöldi fylgjenda	15.553	17.316	19.033	10%


## Breyttar áherslur

Á árinu var dregið úr prentauglýsingum og lögð meiri áhersla á að nýta net- og samfélagsmiðla. Áfram var lögð ríkuleg áhersla á að auka vörumerkjavitund og í lok árs var auglýsingastofan Pipar/TBWA fengin til að útbúa leiknar auglýsingar með slagorðinu „Menningarhúsin í Kópavogi taka vel á móti þér!“

Keyrð var leikin auglýsing á RÚV og Bylgjunni fyrir Fjölskyldustundir annars vegar og Menningu á miðvikudögum hins vegar.

Með tilkomu Covid-19 var ákveðið að prófa nýjar leiðir til að auglýsa vefviðburðaröðina Kúltúr klukkan 13. Farið var í samstarf við Stundina vegna Kúltúr klukkan 13 þar sem Menningarhúsin sáu um framleiðslu viðburða sem Stundin sendi svo út í gegnum stundin.is. Stundin auglýsti viðburðina vel á sínum miðli með vefborðum og umfjöllunum. Samstarf þetta var mjög farsælt og voru Menningarhúsin þarna með fasta viðveru á vinsælum og menningarlegum vefmiðli. Kúltúr klukkan 13 var einnig streymt á Facebook-síðum Stundarinnar og Menningarhúsanna í Kópavogi.

Lögð var áhersla á að samræma allt kynningar-efni fyrir viðburði sem liggja þvert á húsin þannig að mynd Menningarhúsanna væri sýnileg á öllu efni. Í lok árs var hönnunarstofan Döðlur ráðin til að yfirfara útlit Menningarhúsanna í Kópavogi. Þörf var á að samræma enn frekar allt kynningarefni fyrir viðburði sem falla undir menningarmálaflokk Kópavogs, hvort sem það er á vef, á prenti eða á öðrum miðlum. Eftir itarlega þarfagreiningu var komist að þeirri niðurstöðu að þörf sé á endurskipulagningu þar sem rödd og ásynd hvers húss fyrir sig er meira áberandi. Farið verður í þá vinnu árið 2021.



# BÓKASAFN KÓPAVOGS

## HLUTVERK

Bókasafn Kópavogs er vettvangur bæjarbúa til að hittast, verja tíma með vinum og fjölskyldu og nýta sér fjölbreyttan safnkost. Meginhlutverk safnsins er fyrst og fremst að bjóða Kópavogsbúum og öðrum aðgang að þekkingu og stuðla að fjölbreyttri, öflugri og skipulagðri menningarstarfsemi - og fræðslu fyrir samfélagið í heild.

Bókasafn Kópavogs er rekið af Kópavogsbæ og starfar samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012. Það hefur yfirlýsingu frá UNESCO um almenningubókasöfn frá 1994 og menningarstefnu Kópavogsbæjar að leiðarljósi í starfi sínu. Bókasafn Kópavogs rekur tvö söfn, aðalsafn í Hamraborg 6a og útibúið Lindasafn í Núpaland 7.

## LEIÐARLJÓSI

Bókasafn Kópavogs hefur það að leiðarljósi að vera í fararbroddi almenningubókasafna í landinu hvað varðar þjónustu, safnkost og búnað.

## MARKMIÐ

Að vera bæjarbúum „heimili að heiman“ í daglega lífinu.

- Bjóða fjölbreytta og góða þjónustu sem nær til allra hópa samfélagsins óháð staðsetningu.
- Aðgangur að fjölbreyttum og lifandi safnkosti og hlýlegu umhverfi.
- Bjóða fjölbreytta viðburði, námskeið og klúbba sem höfða til allra aldurshópa og allra hópa samfélagsins.
- Nýta og styrkja samstarf og nálægð við hin Menningarhúsin í Kópavogi í þágu gesta safnsins.

Að vera í fararbroddi almenningubókasafna í landinu.

- Bjóða starfsmönnum sí- og endurmenntun og gott vinnuumhverfi til að auka færni, þekkingu og ánægju í starfi.
- Innleiða nýjustu tækni, búnað og miðlun í starfsemi safnsins hverju sinni.
- Styrkja samstarf við önnur söfn innanlands og erlendis.
- Fylgjast með nýjungum og nýsköpun í hlutverki bókasafna bæði innanlands og á alþjóðavísu.

## STARFSEMI 2020

### Opnunartími og aðgangseyrir

Bókasafn Kópavogs er starfandi á tveimur stöðum í Kópavogi. Aðalsafn er í Hamraborg 6a og útibúið Lindasafn í Núpaland 7.

Vegna kórónuveirufaraldursins og samkomubanns vegna hans var safnið lokað hluta árs, fyrst frá lokum marsmánaðar fram til 4. maí, aftur yfir sumartímamann og svo frá 7. október. Aðalsafn opnaði að nýju þann 18. nóvember og Lindasafn þann 10. desember. Auk samkomubanns var aðalsafn lokað í tvær vikur í mars vegna verkfalls Eflingar. Skertur afgreiðslutími var á báðum söfnum þegar þau opnuðu aftur í lok árs.

Afgreiðslutími aðalsafns:

Mánudaga – fimmtudaga	kl. 8 - 18
Föstudaga – laugardaga	kl. 11 - 17

Afgreiðslutími Lindasafns:

Mánudaga – fimmtudaga	kl. 13 - 18
Föstudaga	kl. 13 - 17
Laugardaga	kl. 11 - 14

Á sumrin er lokað á laugardögum (júni-ágúst).

Gjaldskrá breyttist 1. janúar. Frátektargjald á efni var lagt niður, dagsektir á bókum, hljóðbókum og timaritum hækkuðu úr 30 kr. í 40 kr. og dagsektir á mynddiskum hækkuðu úr 200 kr. í 250 kr.

## **Pjónusta**

Pjónustan er einn af lykilþáttunum í starfsemi safnsins. Safnið er í stöðugri þróun og endurskoðun og reynir eftir fremsta megni að halda góðri þjónustu og bæta hana eins og hægt er.

Sjálfsafgreiðsla var áfram einn af áhersluþáttum þjónustunnar á aðalsafni og var mikil aukning í notkun hennar á árinu. Á Lindasafni var sjálfsafgreiðsla tekin í notkun í júní og hefur hún mælst vel fyrir.

Safnið er með samstarfssamning við Bókasafn Garðabæjar og Bókasafn Hafnarfjarðar. Hafi lánþegi gilt skirteini í einu safnanna getur hann nýtt sér þjónustu þeirra allra, m.a. fengið lánað og skilað gögnum á hverju þessara safna. Gjaldskrá miðast við það safn sem notað er hverju sinni og sektir og önnur gjöld eru greidd á viðeigandi safni. Bókasendingar milli samstarfssafnanna þriggja eru farnar á tveggja vikna fresti. Vikulegar sendingar eru hins vegar á milli aðalsafns og Lindasafns.

Í byrjun árs hóf safnið að lána út borðspil fyrir allan aldur. Spilin eru til útláns á báðum söfnum og hafa þau lánast vel og almenn ánægja með þau.

## **Gestir og útlán**

Erfitt er að bera saman gestafjölda milli ára vegna Covid-19. Á árinu komu samtals 101.036 gestir á bæði söfn, þar af 91.776 gestir á aðalsafn og 9.260 gestir á Lindasafn. Er það 40% færri gestir frá árinu 2019, en það ár komu 170.012 gestir.

Í takt við fækkun gesta fækkaði útlánnum einnig milli ára. Var fækkunin um 30%, úr 197.645 í 139.914 samtals á báðum söfnum.

## **STARFSMANNAMÁL**

Árið 2020 voru 23 starfsmenn í 14,3 stöðugildum á safninu, þar af 12,55 stöðugildi á aðalsafni og 1,75 stöðugildi á Lindasafni.

Nýr útibússtjóri Lindasafns, Sigurlaug Jóna Hannesdóttir, kom til starfa í byrjun árs.

Helga Einarsdóttir, verkefnastjóri fræðslu og miðlunar, lét af störfum í byrjun september. Í hennar stað var ráðin Kolbrún Björk Sveinsdóttir sem kom til starfa í lok ágúst.

Einn starfsmaður fór í fæðingarorlof í maí og annar starfsmaður var í veikindaleyfi allt árið. Til afleysinga voru ráðin Hulda Karen Sverrisdóttir í 80% starfshlutfall, Einar Jónsson í 30% starfshlutfall og Harpa Rós Guðmundsdóttir í 80% starfshlutfall. Sumarstarfsmenn voru í samtals fjórum stöðugildum á báðum söfnum, auk þess sem bæði söfn fengu sumarstarfsmenn í átaksverkefni á vegum Vinnumálastofnunar, tvo á aðalsafn og einn á Lindasafn. Tveir starfsmenn komu að auki í gegnum Vinnuskólann í sex vikur á aðalsafn.

## **Si- og endurmenntun**

Starfsfólk var duglegt að sinna si- og endurmenntun af ýmsum toga eins og hægt var í ástandinu. Fræðsla fór mikið fram á rafrænu formi og tók tíma fyrir alla að venjast því fyrirkomulagi. Må þar m.a. nefna fræðslufundi fyrir alla starfsmenn Menningarhúsanna í Kópavogi. Starfsfólk sótti bæði fræðslufundi og námskeið innan vinnutíma og utan og drjúgur hluti starfsfólks í hlutastarfi er í háskólanámi meðfram vinnu svo vinnustaðurinn er í góðum tengslum við skólasamfélagið sem er hverju almenningubókasafni mikilvægt.

## **Félagsstörf**

Gréta Björg Ólafsdóttir, deildarstjóri barnastarfs, er fulltrúi Upplýsingar í nefnd um Gerðubergs-ráðstefnu.

Lisa Z. Valdimarsdóttir, forstöðumaður, situr í stjórn Aleflis, notendafélags Gegnis, ásamt því að sitja í fulltrúaráði Þjónustumiðstöðvar bókasafna og lýðheilsuteymi Kópavogsbæjar.

Ragna Guðmundsdóttir, deildarstjóri listgreina, er trúnaðarmaður starfsfólks hjá Bandalagi háskólamanna.

Eva Hrund Kristinsdóttir er trúnaðarmaður starfsfólks hjá Starfsmannafélagi Kópavogsbæjar.

## **HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR**

### **Innkaup**

Sjálfsafgreiðsluvél var keypt á aðalsafn í byrjun árs og sett á 1. hæð safnsins. Á sama tíma voru keypt öryggishlið fyrir báða innganga á aðalsafni og RFID örflogur fyrir safnkostinn. Örflogurnar eru í senn þjófavörn og auðkenni safngagna. Allar tölvur safnsins voru á útskiptum á árinu og var þeim öllum skipt út. Skjávörpum var skipt út á báðum söfnum og nýir keyptir.

Safninu barst góð gjöf í júní frá Félagi kvenna í Kópavogi, en félagið gaf safninu tvær saumavélar til afnota fyrir gesti safnsins. Erú vélarnar staðsettar í handavinnuhorni aðalsafns.

Fjölnotavélum beggja safna var skipt út og farið yfir í Rent-a-Prent þjónustu hjá Origo í stað Kjarans. Á aðalsafni eru núna tvær Rent-a-Prent vélar og ein á Lindasafni, en vélarnar eru notaðar til prentunar, ljósritunar og skönnunar.

## Endurbætur

Einhverjar endurbætur voru gerðar á aðalsafni enda gott að nýta lokun safnanna í viðgerðir, endurbætur og breytingar. Arkitekt og hönnuður voru fengin til að teikna upp aðalsafn með tilliti til uppstillingar á bókahillum. Bókahillur voru færðar til á 2. hæð eftir teikningum og sjálfsafgreiðsluvélar og frátekta-hilla færð. Veggir á 1. hæð aðalsafns voru málaðir og allt parket í húsinu pússað. Ný húsgögn voru sett af stað í smíði og komu ný útstillingarborð fyrir allar deildir aðalsafns um mitt árið. Fleiri húsgögn komu síðan í lok árs 2020.

Nýir starfsmannskápar voru settir upp á kaffistofu starfsfólks á aðalsafni og kaffistofan tekin í gegn. Geymslur voru hreinsaðar og stórt verkefni var lykllaus aðgangur að húsinu. Starfsfólk notar nú starfsmannakort við útidyrhurð aðalsafns og á fleiri hurðir innanhúss.

Á Lindasafni voru arkitekt og hönnuður fengin til að teikna drög að endurbótum á búnaði og uppsetningu bókahillna.

## SAFNKOSTUR

Safnkostur Bókasafns Kópavogs sem skráður er í Gegni var 78.776 eintök í árslok 2020 og nær bæði yfir aðalsafn og Lindasafn. Sérstök áhersla var lögð á að kaupa inn vinsælt og fjölbreytt efni til að koma til móts við lánþega og frátektaalista.

Gagnaval er í höndum gagnavalsnefndar sem hittist á tveggja vikna fresti. Í júlábókaflóðinu hittist nefndin þó að jafnaði tvisvar sinnum í viku. Við innkaup, gagnaval og grisjun er stuðst við aðfangastefnu safnsins sem gildir í eitt ár í senn en hana má finna á vefsíðu safnsins.

Á safninu fer fram skráning, flokkun og tenging innlendra og erlendra bóka, timarita, hljóðbóka og mynddiska auk annarra gagna. Punginn af þessari vinnu fer fram á aðalsafni en útibústjóri Lindasafns sér um tengingu safnkosts sem er keyptur fyrir Lindasafn. Auk þess skráir deildarstjóri aðfanga bækur fyrir Héraðsskjalasafn Kópavogs og skólábókasöfn í Kópavogi þegar þörf er á.

Áfram var farið í tiltekt í safnkosti í geymslum safnsins í Fannborg, en sú vinna hófst árið 2019. Hillur voru settar upp og safnkosti endurraðað. Vinnunni lauk á haustmánuðum.

Á Lindasafni var farið í mikla grisjun í byrjun árs, myndasögur teknar úr safninu og settar í geymslu og hluti safnkosts færður til.

## Verk í almenningsrými og stofnunum

Á aðalsafni stendur skúlptúr eftir myndhöggvarann og fyrsta bæjarlistamann Kópavogs, Wilhelm Beckmann. Skúlptúrin heitir Kona og var gerður á árunum 1950-1965. Efni skúlptúrsins er viður og var stytta gjöf til bróður Wilhelms, Georgs Beckmann. Georg tók þátt í andspyrnuhreyfingunni ásamt bróður sínum. Georg var settur í fangabúðir en Wilhelm tókst að flýja til Danmerkur og þaðan til Íslands. Georg varð síðast borgarstjóri í Husum, bæ í Norður-Þýskalandi, og einn af stjórnendum Samtaka þýsku verkalyðsfélaganna í Düsseldorf. Verkið er í eigu Stofnunar Wilhelms Beckmann.

## Stafræn og rafræn gögn

Sem almenningsbókasafn Kópavogsbæjar greiðir Bókasafn Kópavogs fyrir landsaðgang að rafrænum áskriftum á Hvar.is fyrir Kópavogsbæ. Hvar.is veitir öllum sem tengjast netinu um íslenskar netveitur aðgang að timaritsgreinum.

Lánþegar Bókasafns Kópavogs hafa aðgang að Rafbókasafninu sem starfrækt er í samvinnu við Landskerfi bókasafna og önnur almenningsbókasöfn á landinu. Raf- og hljóðbækur eru lánaðar út í gegnum Rafbókasafnið en safnkostur þess er eins og er mestmegnis á ensku. Vonir standa til að efni á íslensku bætist við á næstunni.

## Gjafir

Bókasafn Kópavogs fær margar góðar bóka-gjafir á hverju ári frá velunnurum sínum og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir hugulsemi og örlæti.

## SAMSKIPTI

### Kynningarmál

Kynningarmál hafa verið í góðum farvegi undanfarin ár og með aukinni samvinnu við önnur Menningarhús í Kópavogi hafa einhverjar breytingar orðið á kynningarmálum. Bókasafn Kópavogs leggur ríkulega áherslu á að miðla upplýsingum um starfsemi sína til almennings.

Bókasafn Kópavogs sendir inn fréttatilkyningar í Kópavogspóstinn og Kópavogsblaðið og fréttabréf með því sem er að gerast á safninu er sent út á póstlista hálfsmánaðarlega. Með ráðningu nýs markaðs- og kynningarstjóra Menningarhúsanna í Kópavogi árið 2019 færðust önnur fjölmiðlatengsl að mestu þangað. Fjallað hefur verið um starfsemi Bókasafnsins í stærri umfjöllunum í t.d. Fréttablaðinu um stóra viðburði sbr. 17. júní og Safnanótt.

Bókasafnið sendir einnig út fréttabréf hálfsmánaðarlega á póstlista sem gestir hafa skráð sig á.

Bókasafnið auglýsir viðburði og starfsemi í gegnum Facebook og Kópavogsmiðla.

### Vefsíða og samfélagsmiðlar

Á vefsíðu safnsins og samfélagsmiðlum er lögð áhersla á kynningu stakra og fastra viðburða, auk þess sem ýmis fróðleikur og skemmtun er sett inn.

## Útgáfa

Um mitt árið gaf safnið út fræðsluverkefni fyrir öll skólastig. Verkefnin eru bæði rafræn og á prenti og liggja frammi á báðum söfnum.

Menningarhúsin í Kópavogi gáfu út dagskráryfirlit í janúar 2020 sem var dreift í öll hús í Kópavogi þar sem farið var yfir klúbba og viðburðaraðir sem eru í boði á safninu. Um haustið var hins vegar gefið út tímarit sem var dreift um allan bæinn þar sem safnið fékk fjögurra síðna umfjöllun. Bókasafnið fær reglulega kynningu á stærri miðlum í samfloti við hin Menningarhúsin í Kópavogi.

## SAMSTARF

Samstarfssöfn Bókasafns Kópavogs eru Bókasafn Hafnarfjarðar og Bókasafn Garðabæjar og gildir eitt lánþegaskirteini á öllum þremur söfnum. Bókasendingar á milli safnanna hófust aftur á árinu eftir nokkurra ára hlé og eru nú vel nýttar af lánþegum í öllum þremur sveitarfélögum. Hægt er að skila safngögnum á aðalsafn Bókasafns Kópavogs, Lindasafn og á samstarfssöfnin Bókasafn Hafnarfjarðar, Bókasafn Garðabæjar og Álftanessafn. Útlánareglur og gjaldskrá miðast við það safn sem notað er hverju sinni og sektir og önnur gjöld eru greidd á viðeigandi safni.

## VIÐBURÐIR

Fjölmarginir viðburðir eru orðnir fastir liðir í starfsemi bókasafnsins og eru vel sóttir af gestum safnsins á öllum aldri. Viðburðahald raskaðist verulega árið 2020 vegna Covid-19 sem kom til landsins í febrúar. Þeir viðburðir sem haldnir voru á árinu tóku mið af sóttvarnareglum og fjöldatakmörkunum hverju sinni.

## Bókamarkaður

Bókamarkaður hefur verið fastur liður í starfsemi safnsins í mörg ár og er í gangi á aðalsafni fyrstu vikuna í hverjum mánuði. Þar er fjölbreytt efni til sölu á lágu verði og er þar ymist að finna bækur, tímarit, mynddiska og geisladiska.

## Forritunarnámskeið

Forritunarnámskeið fyrir 6-12 ára krakka héldu áfram á árinu með fjölbreyttri kennslu í grunnforritun. Námskeiðin voru vel sótt og voru í höndum teymis sem samanstóð af starfsfólki bókasafnsins og tölvunarfræðinemum úr Háskóla Íslands. Þrjú forritunarnámskeið voru á aðalsafni á árinu, þar af eitt námskeið í tviundakóðun með perlum og tvö námskeið í micro:bit tækni.

## Gáfnaljós

Í samstarfi við sjálfboðaliðastarf Rauða kross Íslands hefur verið boðið upp á heimanámsaðstoð fyrir grunnskólanema, Gáfnaljós, á aðalsafni á þriðjudögum og Lindasafni á miðvikudögum.

Heimanámsaðstoðin lagðist af á Lindasafni í byrjun árs en hélt velli á aðalsafni. Um er um að ræða fjórða árið sem þjónustan var í boði á bókasafninu.

## Hananú

Bókmenntaklúbburinn Hananú er opinn öllum. Meðlimir klúbbsins hittast hálfsmánaðarlega og umsjón með honum hefur Sigurður Flosason. Klúbburinn hefur aðsetur í fjölnotasal á 1. hæð aðalsafns og fær reglulega til sín rithöfund í heimsókn sem jafnan vekur mikla lukku. Á árinu heimsóttu klúbbinn þeir Andri Snær Magnason og Pétur Gunnarsson.

## Heiti potturinn

Erindaröðin Heiti potturinn hóf göngu sína árið 2019 og hélt áfram á árinu 2020 með fræðsluerindum fyrir fullorðna. Erindin voru haldin þriðja þriðjudag í mánuði og fjölluðu um málefni í brennidepli. Vegna kórónuveirunnar urðu erindin einungis tvö á árinu. Bryndis Jóna Jónsdóttir, núvitundarkennari hjá Núvitundarsetrinu, flutti erindi um núvitund í tengslum við bókina sína Núvitund í dagsins önn. Steinn Kárasón, M.Sc. í umhverfisfræðum, sagði frá helstu orsökum og afleiðingum af völdum myglusveppa.

## Kaðlin

Hannyrðaklúbburinn Kaðlin er starfræktur vikulega yfir vetrartímamann og er einnig opinn öllum. Klúbburinn fær iðulega til sín góða gesti með fræðslu um þrjón eða handavinnu og er almennt mikil ánægja með kynningarnar. Á árinu fékk klúbburinn kynningu frá Ístex á flikum úr þrjónablaðinu Lopa.

## Lesið fyrir hunda

Lesið fyrir hunda er einn vinsælasti viðburður bókasafnsins og hefur verið fastur liður í viðburðadagskrá aðalsafns í þrjú ár. Verkefnið var áfram unnið í samstarfi við samtökin Vígðisi, vini gæludýra á Íslandi. Fullbókað var í lestrarstundirnar á árinu 2020 en viðburðirnir voru fimm talsins og komust niu börn að í hvert skipti.



### Lesið á milli linanna

Bókaklúbburinn Lesið á milli linanna var settur á fót á aðalsafni í nóvember 2019 og er ætlaður öllum hressum konum sem vilja hittast, lesa á milli linanna og spjalla um yndislestur á léttu nútunum. Klúbburinn hittist fyrstu þrjá mánuði ársins 2020 og hafði þá þegar fest sig í sessi sem fastur viðburður bókasafnsins.

### Lestrarvinir

Viðburðir og fræðsla á safninu eru í sífelldri þróun þar sem lögð er áhersla á þarfir gesta safnsins og skólasamfélagsins í hvívetna. Lögð var áhersla á aukna fjölmenningu og viðburði sem höfða til fólks af erlendum uppruna.

Haustið 2019 hófst verkefnið Lestrarvinir sem gengur út á það að auka lesskilning, bókaáhuga og íslenskukunnáttu barna af erlendum uppruna. Verkefnið hélt áfram fram á vorið 2020 eða þar til heimsfaraldurinn setti strik í reikninginn.

Fjórir sjálfboðaliðar voru tengdir við fjórar fjölskyldur, eitt barn í þremur fjölskyldum en tvö í einni fjölskyldunni. Frá byrjun október hafa sjálfboðaliðar farið að meðaltali vikulega í heimsókn til fjölskyldnanna með nýtt og spennandi lesefni í farteskinu og lesið upphátt fyrir börnin, rætt við þau um það sem lesið var og þannig hvatt til aukins lesskilnings, örvað lestraráhuga barnanna og eftt færni þeirra í íslensku. Verkefnið hefur gengið mjög vel og bæði fjölskyldur og sjálfboðaliðar ánægðir með gengi þess. Í langflestum tilvikum hefur lesskilningur barnanna aukist og hafa myndast góð vinatengsl sjálfboðaliða og fjölskyldna.

### Slökunarjoga og qigong

Slökunarjoga og qigong var í boði vikulega fyrstu níu vikur ársins en féll svo niður það sem eftir lifði árs vegna kórónuveirufaraldursins. Báðir timar voru mjög vel sóttir og mældust vel fyrir. Boðið var upp á sérstakt Hatha-Vinyasa joga í nokkrar vikur í ársbyrjun.

### Snjalltækjaspjall

Fólk sem vill læra betur á snjalltækin sín var áfram hvatt til að mæta með þau á safnið í mánaðarlegum viðburðum fyrstu tvo mánuði ársins. Starfsmaður bókasafnsins og teymi tölvunarfræðinema sáu um að kenna fólki á snjallsíma og spjaldtölvur. Ekki virtist vanþörf á kennslunni sem var ávallt vel sótt.

### Sögustundir

Sögustundir fyrir yngri börnin hafa í áraraðir verið fastur liður yfir vetrarmánuðina bæði á aðalsafni og Lindasafni. Annars vegar er um að ræða sögustundir sem opnar eru öllum og fara fram seinni part dags og hins vegar sögustundir fyrir leikskólahópa og dægradvöl sem eru á dagskrá fyrri hluta dags. Opnar sögustundir fyrir alla lögðust af á Lindasafni í byrjun árs en héldu velli á aðalsafni alla miðvikudaga. Á fyrstu mánuðum ársins eða fram að fyrsta samkomubanni

voru fjórar sögustundir haldnar í hverri viku; ein opin sögustund fyrir alla á aðalsafni, tvær sögustundir fyrir leikskólahópa á bæði aðalsafni og Lindasafni og ein fyrir börn í dægradvöl á Lindasafni.

Hefð er fyrir því að fá rithöfunda í heimsókn í opnu sögustundirnar á báðum söfnum en vegna kórónuveirufaraldursins varð sú heimsókn aðeins ein á árinu. Gunnar Helgason rithöfundur heimsótti aðalsafn í febrúar og sagði þar frá barnabókum sínum og las úr þeim vel valda kafla.

### Aðrir viðburðir

Aðrir viðburðir á árinu voru þónokkrir þrátt fyrir heimsfaraldur og eru þeir helstu taldir upp hér að neðan.

Spilaskiptimarkaður var haldinn á aðalsafni í febrúar þar sem gestum safnsins bauðst að koma með gömul borðspil og púsl og taka önnur spil eða púsl með í staðinn. Skiptimarkaðurinn vakti athygli og var meðal annars fjallað um hann í Síðdegis-útvarpi Rásar 2.

Bókasafnið bauð ókeypis ráðgjöf við skattframtal annað árið í röð í samvinnu við Soumiu I. Georgsdóttur viðskiptafræðing og Margréti V. Friðþjófsdóttur viðurkenndan bókara. Ráðgjöfin var opin öllum en sérstaklega veitt þeim sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Fjölmargir lögðu leið sína á safnið, þá einna helst innflytjendur sem voru að skila inn skattframtali á Íslandi í fyrsta skipti.

Árlegt sumarlestrarátak bókasafnsins stóð yfir frá 23. maí til 20. ágúst. Þátttaka var sem áður ókeypis og hugsuð fyrir 5-12 ára börn til að viðhalda þeirri lestrarleikni sem þau tileinka sér í skólanum. Á sérstakri sumarlestrargleði sem haldin var á aðalsafni í tilefni af lestrarátakinu las Gunnar Helgason rithöfundur úr bók sinni Barnaræninginn. Þátttakendur í sumarlestri fengu að venju litinn bækling til að skrá lestur sinn í og tóku jafnframt þátt í happaleik með því að fylla út miða fyrir hverja lesna bók. Dregið var úr miðunum vikulega og fengu heppnir þátttakendur vinning. Þátttakendur fengu þar að auki sendar rafræna lestrarhvatningu frá rithöfundunum Gunnari Helgasyni og Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Í ágúst var svo haldin uppskeruhátíð þar sem fimm þátttakendur til viðbótar fengu vinning og allir sem mættu fengu glaðning.

Sumarsólstöðujóga var haldið á útivistarsvæði Menningarhúsanna í Kópavogi í júní og var því stýrt af verkefnastjóra bókasafnsins. Plöntuskiptimarkaður var haldinn á aðalsafni í júní þar sem gestir fengu tækifæri til að gefa plöntum nýtt heimili og taka nýjar með heim í staðinn. Markaðurinn mældist vel fyrir og fáar plöntur stöldruðu lengi við áður en þær fengu nýja eigendur.

Krakkagalleri í fjölnotasal aðalsafns vakti mikla lukku meðal yngri kynslóðarinnar í júlímánuði. Um var að ræða mánaðarlanga teikni- og litasmiðju þar sem ungir gestir safnsins teiknuðu og lituðu myndir af dýrum, folki, ferðalögum og sumri og hengdu þær upp til sýnis.

Pegar þriðja bylgja kórónuveirufaraldursins skall á var ljóst að margir viðburðir vetrarins myndu falla niður. Starfsfólk bókasafnsins og Menningarhúsanna í Kópavogi dó ekki ráðalaust og ákveðið var að bjóða upp á rafræna streymisviðburði til að koma til móts við lánþega og aðra gesti safnsins. Hið árlega bókasjall bókasafnsins tók á sig nýja mynd og sameinaðist tímabundið dagskrárliðunum Menning á miðvikudögum og Fjölskyldustundir á laugardögum á vegum Menningarhúsanna.

Bókmenntafræðingarnir Marianna Clara Lúthersdóttir og Guðrún Lára Pétursdóttir tóku viðtöl við rithöfunda og fjölluðu samtals um tólf nýjar bækur fyrir börn, unglina og fullorðna. Rithöfundarnir sem tóku þátt voru Auður Ava Ólafsdóttir, Ármann Jakobsson, Berggrún Íris Sævarsdóttir, Hildur Knútsdóttir, Hjalti Halldórsson, Ingileif Friðriksdóttir, Jón Kalman Stefánsson, Lilja Sigurðardóttir, Lóa Hlin Hjálmtýsdóttir, María Rut Kristinsdóttir, Ófeigur Sigurðsson, Sigríður Hagalín Björnsdóttir, Vilborg Davíðsdóttir og Þórdís Gísladóttir. Viðtölunum var streymt á Facebook-síðum bókasafnsins og Menningarhúsanna og eru viðtölin aðgengileg á YouTube-rás Menningarhúsanna.

Til viðbótar við almenna bókaumfjöllun var blásið til streymisviðburðar í tilefni af Degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Þar ræddi Kolbrún Björk Sveinsdóttir verkefnastjóri á Bókasafni Kópavogs við Arndís Þórarinsdóttur rithöfund um tungumál, lestur, læsi, bækur og bókasöfn.

### *Sameiginleg dagskrá Menningarhúsanna í Kópavogi*

Ýmsir sameiginlegir viðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi voru í gangi fyrstu mánuði ársins og yfir sumar- og haustmánuðina. Má þar nefna Fjölskyldustundir á laugardögum, Menningu á miðvikudögum og Foreldramorgna. Alls voru 11 Fjölskyldustundir á vegum Bókasafns Kópavogs, sex Menning á miðvikudögum og þrjú Foreldramorgnar.

Í Fjölskyldustundum á aðalsafni og Lindasafni voru í boði smíðjur af ýmsu tagi m.a. ljóða- og teiknismiðju óháða tungumálum, bolluvanda- og öskupokasmiðju í samvinnu við Náttúrufræðistofu, mottusmiðju í tilefni af Mottumars, sumarsólstöðujóga á útivistarsvæði Menningarhúsanna í Kópavogi í júní sem stýrt var af verkefnastjóra bókasafnsins og danssmiðju í boði listkennsludeildar Listaháskóla Íslands. Einnig var boðið upp á bingó á báðum söfnum og Berggrún

Íris Sævarsdóttir rit- og myndhöfundur sagði frá verkum sínum á Lindasafni og las úr þeim valda kafla. Fjölskyldustundir sem féllu niður vegna faraldursins voru serbnesk páskaföndursmiðja, listasmiðja óháð tungumálum, hrekkjavökusmiðja, Stop Motion smiðja, ritsmiðja í tilefni af Degi íslenskrar tungu og trévinustofa í aðdraganda jóla.

Í Menningu á miðvikudögum voru haldnir fróðlegir fyrirlestrar á aðalsafni og var þar fjallað um ýmis málefni. Kristinn Schram þjóðfræðingur flutti erindi um hefðir á þorranum. Simon Hjalti Sverrisson margmiðlunarfræðingur á Héraðsskjalasafni Kópavogs stýrði kynningu á myndavef Kópavogsbæjar. Siggeir F. Ævarsson, sagnfræðingur og skeggsérfræðingur, fræddi gesti um sögu skeggtiskunnar á Íslandi. Félag kvenna í Kópavogi kynnti starfsemi sína og afhenti bókasafninu tvær saumavélar að gjöf en þær eru nú til afnota á aðalsafni gestum að kostnaðarlausu. Sigrún Eldjárn leit yfir farinn veg á 40 ára höfundarafmæli sínu og Jasmina Crnac sagði frá uppvexti sínum í stríðshrjáðri Bosnía og Hersegóvínu. Viðburðirnir með Sigrúnu og Jasminu voru þó færðir yfir í Salinn vegna fjöldatakmarkana og fjarlægðarmarkana og var þeim svo streymt síðar um daginn á heimasíðu Stundarinnar og Facebook-síðum Menningarhúsanna. Erindi sem féllu niður vegna faraldursins voru eftirfarandi: Textil, fatasóun og endurnýting með Ásdísí Jöelsdóttur, erindi um gamla Kópavog og Ljósmyndasafn Íslands með Ingu Láru Baldvinsdóttur, erindi um íslensku í breyttu málaumhverfi með Sigríði Sigurjónsdóttur og erindi um ítalskar jólahefðir.

Foreldramorgnar á bókasafninu voru þrjú á árinu. Helga Einarsdóttir verkefnastjóri á Bókasafni Kópavogs stýrði foreldraþjóga fyrir foreldra ungra barna. Hulda Tölgyes sálfræðingur flutti erindi um liðan foreldra eftir barnsburð. Arna Skúladóttir hjúkrunarfræðingur og sérfræðingur í barnahjúkrun fræddi svo nýbakaða foreldra um svefn og svefnvenjur ungbarna. Erindi um skyndihjálpar fyrir foreldra ungbarna féll niður vegna Covid-19.

Dagar ljóðsins í Kópavogi voru haldnir hátíðlegir dagana 18. til 22. janúar en 21. janúar er fæðingardagur Jóns úr Vör, fyrsta bæjarbókavardar í Kópavogi. Árlega afhendir lista- og menningarráð Kópavogsbæjar ljóðaverðlaunin Ljóðstaf Jóns úr Vör á þeim degi. Björk Þórgrímsdóttir var handhafi Ljóðstafsins að þessu sinni fyrir ljóðið Augasteinn. Alls búrúst 232 ljóð í keppnina sem var haldin í átjándra sinn. Freyja Þórsdóttir var í öðru sæti og Elisabet Kristín Jökulsdóttir í því þriðja.

Ingimar Örn Hammer, nemandi í 7. bekk í Álfhólsskóla, var hlutskarpastur í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs og fékk viðurkenningu fyrir ljóðið Svarthol.

Safnanótt var haldin að kvöldi 7. febrúar með kvikmyndapema. Á aðalsafni var m.a. haldið pub quiz með kvikmyndaívaði, perluforritunarnámskeið og glærusmiðju þar sem gestir gátu teiknað á glæsur og varpað listaverki sínu á vegg. Ratleikur var á öllum hæðum aðalsafns fyrir alla fjölskylduna og kvikmyndapersónur á sveimi og skemmtu gestum og gangandi.

Vetrarfri í grunnskólum Kópavogs var dagana 5. og 6. mars. Á aðalsafni gafst krökkum kostur á að taka þátt í tveimur ratleikjum, horfa á bíomyndir í fjölnotasal og perla ofurhetjur. Sævar Helgi Bragason fræddi forvitna krakka um stjörnu-skoðun, himingeiminn og jörðina okkar. Á Lindasafni var boðið upp á ratleik.

Í samkomubanni í mars og apríl buðu Menningarhúsin upp á viðburðaröð í streymi undir heitinu Kúltur klukkan 13. Viðburðunum var ætlað að stytta fólki stundir á þeim skritnu tímum sem þjóðin upplifði á vordögum ársins 2020. Einnig vildu Menningarhúsin með þessu styðja við bakið á listafólki á meðan hverskyns viðburðahald og samkomur lágu niðri á landsvísi. Meðal þeirra sem komu fram á streymisviðburðum bókasafnsins voru Andri Snær Magnason, Auður Jónsdóttir, Gerður Kristný, Halla Oddný Magnúsdóttir, Þorgrímur Þráinsson og Vera Illugardóttir.

Hjóladaður fjölskyldunnar var haldinn hátíðlegur á útivistarsvæðinu við Menningarhúsin í byrjun júní. Viðburðurinn er fyrir löngu orðinn árlegur og líkt og fyrri ár var dagskráin full af þrautum, fjöri og ferðum fyrir alla fjölskylduna. Dr. Bæk ástandsskoðaði reiðhjól að kostnaðarlausu. Gestir fengu kynningu frá Hjólafærni á Íslandi og gátu tekið þátt í þrautabraut, dekkjahlaupi og dekkjahoppi. Á aðalsafni var ljósmynda-sýning á gömlum hjólreiðamyndum úr Kópavogi í samstarfi við Héraðsskjalasafn Kópavogs og að lokum var boðið upp á hjólatúr og léttan spurningaleik um Kópavogsdal.

Fjölskylduverkefnið Söfnum sumri fór af stað á 17. júní en vegleg hátíðarhöld voru á útsvæði Menningarhúsanna í tilefni dagsins. Söfnum sumri verkefnið var í gangi allt sumarið og fengu þátttakendur afhentan poka í Menningarhúsunum með fjölbreyttum og sumarlegum verkefnum og þrautum. Verkefnið var samvinnuverkefni Menningarhúsanna og fjölbreytt eftir því þar sem mismunandi áherslur hvers húss fengu notið sín til fullnustu. Þannig var meðal annars í boði bókabingó og ljósmyndamarabon, fjölbreytt náttúrutengd verkefni, borðaveifur, dúskagerð, fánasmiðju og fleira.

Menningarhúsin fengu til liðs við sig öfluga sumarstarfsmenn sem stóðu fyrir skapandi og fræðandi smiðjum yfir sex vikna tímabil. Smiðjurnar voru settar af stað með sjálfbærni og endurvinnslu að leiðarljósi og fengu heitið Sumarspirur Menningarhúsanna í Kópavogi. Leikið var með einkenni allra húsanna: bókmenntir, náttúru, sögu, tónlist og myndlist. Smiðjurnar voru fyrir unga sem aldna og fóru fram á aðalsafni, Lindasafni, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Gerðarsafni.

Heilsum hausti var nýtt nafn á svokölluðu haustkarnivali Menningarhúsanna sem haldið var í byrjun september með fjölbreyttri og lifandi dagskrá. Gestum stóð þar til boða að kynna sér starfsemi allra húsanna og á aðalsafni var boðið upp á fjölda ratleikja og þrautaleikja fyrir alla fjölskylduna.



Hin árlega aðventuhátíð Menningarhúsanna féll því miður niður vegna faraldursins, en í staðinn buðu Menningarhúsin upp á sameiginlegt rafrænt jóladagatal. Bókasafnið lagði til fimm glugga í dagatalinu og var m.a. boðið upp á eggjabakkaföndur þar sem jólaskraut á jólatréð var föndrað, textavinnu um jólaköttinn, Grýlu og jólasveinana, jólakrakkasögu þar sem endirinn var í höndum þess sem opnaði dagatalið, lestrarstund á hinum ýmsu stöðum og upplestur á jólasögu eftir Arndisi Þórarinsdóttur.

## SKÓLAHEIMSÓKNIR OG SAFNFRÆÐSLA

Síðustu ár hefur bókasafnið ásamt Menningarhúsunum í Kópavogi unnið markvisst að því að auka samstarf við grunnskóla Kópavogs og bókasafnið lagði svo sannarlega sitt af mörkum til að auka áhuga á lestri meðal yngri kynslóðarinnar. Safnfræðslan raskaðist því miður verulega árið 2020 vegna kórónuveirufaraldursins sem kom til landsins í febrúar.

### Ljóðadýr/Dýraljóð fyrir 4. bekk

4. bekkur kom í heimsókn í þemað Ljóðadýr/Dýraljóð í janúar og febrúar. Heimsóknin var samstarfsverkefni bókasafnsins og Náttúrufræðistofu Kópavogs. Nemendur fengu að kynna ólíkum ljóðformum, stilbrögðum og einföldum bragarháttum á borð við stuðla og rim. Skoðað var hvernig dýr birtast í íslenskum ljóðum og nemendur fengu að spreyta sig á að semja sin eigin dýraljóð. Á Náttúrufræðistofu voru valin ljóð notuð sem kveikjur fyrir fræðslu, umræður og verkefni um fjölbreytni dýranna í íslenskrum náttúru. Meðal annars var velt upp spurningum sem snúa að fæðuvali, búsetu og stöðu dýranna í vistkerfinu.

### Sumarlestur – sumarfjör fyrir 1. bekk

1. bekkingar komu í heimsókn á safnið í maí, við lok skólaárs. Þetta gekk vel og það var ánægjulegt að bjóða nemendum sem voru nú orðnir hagvanir í skólanum í heimsókn á safnið til þess að minna þá á mikilvægi þess að halda áfram að lesa sér til skemmtunar yfir sumarið. Þetta gekk svo vel að ákveðið var að gera þessar heimsóknir að föstum lið framvegis.

### 8. bekkur vinnuskólans í heimsókn

Sumarið 2020 fór safnið í samstarf við vinnuskóla Kópavogs og var öllum unglingum í 8. bekk í vinnuskólanum boðið í heimsókn á safnið í júní-júlí. Alls komu um 450 unglingar á safnið og var mikið líf og fjör. Unglingarnir voru fræddir um safnið, hlutverk bókasafna, hvernig þeir geta nýtt sér safnkost bókasafna, upplýsingaleit og aðra almenna notkun bókasafna. Mikilvægt er að kenna þeim mikilvægi bókasafna sem samfélagsmiðstöðva fyrir allan aldur og að unglingar viti að þar eigi þeir ávallt aðfrep.

### BókaKrakkar, sumarnámskeið 17.-21. ágúst

Safnið hefur í gegnum tíðina haldið sumarnámskeið fyrir grunnskólanema í sumarfríi. Námskeiðið 2020 kallaðist „BókaKrakkar – hvernig verður bókin til?“ og stóð yfir síðustu vikuna fyrir skólabyrjun í ágúst. Krakkarnir kanna bókasafnið, lesa bækur, tala um bækur, leggja drög að sinum eigin bókum, kynna þeim hvernig bækur verða til og spjalla við höfundu upphaldsbókanna sinna. Flottir rithöfundar heimsækja hópinn og farið er í vettvangsferðir í bókaforlög og á Lindasafn. Námskeiðið var fyrir krakka á aldrinum 9-12 ára.

### MenningarKrakkar, sumarnámskeið

#### 17.-21. ágúst

Sumarið 2020 tók safnið þátt í þverfaglegu sumarnámskeiði fyrir krakka á aldrinum 6-9 ára. Námskeiðið nefndist „MenningarKrakkar – pöddur, hljóðfæri, bækur og myndlist“. Á námskeiðinu var farið í rannsóknarleiðangra með sérfræðingum Náttúrufræðistofu en líf í fjörum Kópavogs, pöddur og jurtir á kirkjuholtinu var rannsóknarefnið. Skapandi bókagerð var á bókasafninu og hljóðfærasmiðja og listsmiðja í Gerðarsafni.



### Stefnumót við rithöfund fyrir 9. bekk

Fresta þurfti heimsóknnum 9. bekkinga vegna Covid-19, en þær áttu að fara fram í október. Í heimsókninni hitta nemendur rithöfund og ræða um sköpunarferlið og hugmyndavinnu sem á sér stað þegar bók verður til.

### Komdu kisa min: Af jólakettinum og öðrum kattategundum fyrir leikskóla

Fresta þurfti árlegri jólakattardagskrá fyrir leikskólabörn sökum Covid-19. Í heimsókninni hefur verið haldinn jólakattarratleikur á bókasafni og Náttúrufræðistofa hefur boðið fræðslu um kattartegundir. Í staðinn fyrir kattardagskrána sendi bókasafnið öllum leikskólum Kópavogsbæjar upptöku með upplestri Arndísar Þórarinsdóttur á frumsaminni sögu um jólaköttinn. Mæltist það vel fyrir.

### Fræðsluefni fyrir grunnskólastigið

Fræðsluefni var unnið fyrir allt grunnskólastigið og var um spurningaleiki um barnabækur og þrautaleiki að ræða. Þrautaleikirnir voru ýmist um barnadeild aðalsafns eða unglíngadeild og spurningaleikirnir voru fjölbreyttir og skemmtilegir ásamt því að vera fræðandi. Fræðsluefnið er aðgengilegt á safninu og einnig rafrænt.

## SÝNINGARHALD

Sýningaraðstaða í fjölnotasal á 1. hæð aðalsafns var vel nýtt á árinu. Sýnendur voru Anna Ólafsdóttir Björnsson, Björg Friðmarsdóttir, Björg Steinunn Gunnarsdóttir, Kolbrún Friðriksdóttir, Sigríður Bachmann, Sigrún Ása Sigmarsdóttir og Sigurborg Jóhannsdóttir.

Gagnvirk sýning um Borgarlinu og innleiðingu leiðarkerfis nýs samgöngunets var sett upp á 1. hæð aðalsafns í júní og stóð fram í ágúst. Sýningin vakti athygli og lukku og áhugasömum gafst í tvisgang tækifæri til að spyrja starfsfólk frá Borgarlinu út í allt það helsta tengt nýju leiðarkerfi.

Sýning á myndum Sigrúnar Eldjárn var sett upp á aðalsafni og Lindasafni í lok sumars í tilefni af 40 ára höfundarafmæli hennar.

## HELSTU VERKEFNI 2020

### *Framtíðarsýn*

Bókasafn Kópavogs mun festa sig enn frekar í sessi sem hjarta menningarstarfs í Kópavogi með jákvæða mynd í samfélaginu og trausta stöðu. Einnig er mikilvægt að safnið nái að þjónusta alla íbúa bæjarfélagsins með markvissari hætti en nú er gert með útibúi eða menningarhúsi í efri byggðum.

## *Þjónusta*

Útlán í sjálfsafgreiðsluvél verða áfram í brennidepli en á árinu verða keyptar tvær sjálfsafgreiðsluvélar sem styðja betur við útlán með RFID örflögum. Önnur vélin er til útskipta við eldri sjálfsafgreiðsluvél á Lindasafni en hin vélin er þörf viðbót á aðalsafni. Stefnt er að því að setja RFID örflögur í öll gögn Lindasafns á árinu. Þá verða öryggishliðin á aðalsafni tekin í gagnnið sem mun tryggja öruggari útlán.

Safnbúðin á aðalsafni verður tekin í gegn á árinu og nýjar einingar fyrir hana smíðaðar.

## *Viðburðir, fræðsla og sýningarhald*

Fræðslutengdir viðburðir og kynningar á áhugaverðum viðfangsefnum verða áfram í boði. Fastir viðburðir verða á sínum stað og með haustinu er von á ýmsum nýjungum hvað varðar staka viðburði. Áhersla verður á skiptimarkaði og umhverfsvæna dagskrá. Sýningarhald á aðalsafni verður áfram með svipuðu sniði og áður.

Safnfræðsla í samstarfi við aðrar menningarstofnanir í safnfræðsluröðinni Menning fyrir alla heldur áfram á árinu 2021, meðal annars með stefnumót við rithöfunda fyrir 9. bekk í febrúarmars og ljóðafræðslu og vinnusmiðju fyrir 4. bekk á vorönn. Einnig verður 1. bekkjar heimsókn á sínum stað að vori. Að hausti er stefnt að því að bjóða áfram upp á fasta liði á borð við leitina að jólakettinum fyrir leikskólabörn.

Spennandi samstarf við þverfaglega hönnunarteymið PÝKJÓ fer fram á HönnunarMars í maí. Teymið er staðarlistamenn Kópavogs í ár og leita innblásturs að kyrrð og ró hjá skeldýrum sem geta alltaf dregið sig inn í skel sína þegar þau þurfa þess með. Á HönnunarMars í maí mun teymið hanna búninga, grimur og fylgihluti fyrir börn. Hönnunin miðar að því að örva imyndunarafi og sköpunarkraft barna í gegnum opinn leik. Sniðagerðin stuðlar að því að búningarnir geti vaxið með barninu, þannig er lagt upp með eigulega og vandaða hönnunarvöru. Búningarnir eru unnir í samstarfi við uppeldisfræðinga, líffræðinga og – síðast en ekki sist – í samstarfi við börn. Búningarnir verða á aðalsafni á Hönnunar-mars og síðan aðgengilegir fyrir börn fram á sumar. Einnig mun PÝKJÓ teymið hanna kyrrðarrými sem eru innblásin af skeldýrum eins og kuðungum, skjaldböfum og kröbbum. Þetta er eins konar óður til þess að geta skriðið inn í skel.

## Húsnæði og búnaður

Kaffistofa aðalsafns verður tekin í gegn á árinu, en í kjölfar styttingar vinnuvikunnar breytist notkun rýmisins.

Nýir stólar verða keyptir inn við lesborð og önnur setsvæði aðalsafns og lýsing bætt.

Á Lindasafni verður farið yfir tillögur arkitekts og hönnuðar í því augnamiði að ná hámarksnýtingu á rými safnsins og skipulagi.

Nýtt simkerfi verður tekið í notkun og býður þann möguleika að setja lánþega í biðröð þegar þeir hringja inn.

## Markaðs- og kynningarmál

Samfélagsmiðlar og vefsíða safnsins verða áfram notuð í markaðs- og kynningarstarfi. Vefsíða safnsins er í stöðugri endurskoðun í takt við sífelldar breytingar á samfélaginu og áætlað er að setja upp nýja og betri vefsíðu fyrir safnið á árinu í samstarfi við hinar menningarstofnanirnar á svæðinu.

Einnig er ætlunin að gera að gera rödd bókasafnsins sterkari en hún hefur verið, að styrkja vörumerki bókasafnsins og styrkja einnig stöðu Lindasafns. Í byrjun árs 2021 verður farið í þá vinnu að styrkja imynd safnsins á samfélagsmiðlum og í kynningarefni og auglýsingum.

## Safnkostur


Gagnafl, innkaup og grisjun safnkosts verður í samræmi við aðfangastefnu safnsins og enn meiri áhersla lögð á eftirspurn lánþega. Áhersla verður lögð á að grisja „dauðan“ safnkost og mikilvægi þess að nýta plássíð með safnkosti sem er virkur. Fleiri borðspil verða keypt og skoðað að bæta við fleiri tegundum safnkosts.

Í vinnslu er samstarf við Munasafn Reykjavíkur, en safnið mun á árinu opna útibú á aðalsafni Bókasafns Kópavogs. Þar verður hægt að fá lánuð tæki og tól gegn vægu árgjaldi.


Farið verður í heilmikla grisjun á Lindasafni og safndeildir sameinaðar og reynt eftir fremsta megni að gera vinsælasta efnið aðgengilegt fyrir lánþegum. Eldra efni sem lítið lánast út verður afskráð og gefið eða selt á bókamarkaði.

## LYKILTÖLUR 2020

### GESTIR ALLS



### ÚTLÁN ALLS



### FJÖLDI VIÐBURÐA



\* Frá 2020 til 2021 er gert ráð fyrir sömu þróun og verið hefur milli ára frá því fyrir Covid-19.

LYKILTÖLUR	Fjöldi viðburða 2019	Gestafjöldi 2019	Fjöldi viðburða 2020	Gestafjöldi 2020	Streymis-áhorf 2020
Gestafjöldi á Bókasafn Kópavogs		171.813		101.036	
- þar af á Aðalsafn		155.148		91.776	
- þar af á Lindasafn		17.655		9.260	
Viðburðir á Bókasafni Kópavogs	533	13.035	160	4.786	
- þar af sérvíðburðir Bókasafns Kópavogs	484	7.711	111	1.755	976
- þar af viðburðir Menningarhúsanna	49	5.324	49	2.871	84.312
Skólaheimsóknir á Bókasafn Kópavogs	340	6.226	119	2.519	
- þar af Menning fyrir alla	24	1.549	9	383	
- þar af óskipulagðar heimsóknir	137	2.203	61	1.104	
- sögustundir	179	2.474	49	1.032	
		Fjöldi 2019		Fjöldi 2020	
Útlán		197.647		139.914	
- þar af á Aðalsafn		162.760		112.608	
- þar af á Lindasafn		34.885		15.198	
Eintök í Gegni		79.010		78.776	
- þar af á Aðalsafn		64.507		63.578	
- þar af á Lindasafn		15.726		15.198	

\* Fjölskyldustundir á laugardögum, Menning á miðvikudögum, Foreldramorgnar, allar hátíðir, Kúltúr klukkan 13 og Aðventudagatal.

FJÁRMÁL 2019 -2020 OG ÁÆTLUN 2021	2019 í þús. kr.	2020 í þús. kr.	2021 í þús. kr.
Tekjur			
<i>Rekstrartekjur</i>	11.025	6.947	12.735
Gjöld			
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	118.043	123.930	138.189
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	92.312	90.548	87.324
Rekstrarniðurstaða	199.330	207.531	212.779





Stofnanir sviðsins

# GERÐARSAFN LISTASAFN KÓPAVOGS

Gerðarsafn er framsækið nútíma- og samtimalistasafn í Kópavogi. Í Gerðarsafni er fjölbreytt sýningarhald á verkum íslenskra og erlendra samtimalistamanna samhliða sýningum úr safneign. Starfsemi safnsins endurspeglar stöðu þess sem eina listasafn landsins stofnað til heiðurs listakonu, Gerði Helgadóttur (1928-1975). Gerður var fjölhæfur myndlistarmaður sem fékkst við skulptúr, steint gler og mósaik. Með geómetriskum járnverkum á sjötta áratugnum ávann hún sér sess sem frumkvöðull þrívíðrar abstraktlistar á Íslandi.

## HLUTVERK

Í Gerðarsafni er lögð áhersla á að efla áhuga, þekkingu og skilning á myndlist með sýningum, fræðslu og annarri miðlun. Safnið stendur fyrir öflugri og metnaðarfullri sýningardagskrá sem ætlað er að endurspeglar strauma og stefnur samtímans samhliða sýningum á verkum úr safneign. Metnaður, listrænt gildi, aðgengileg og upplýsandi fræðsla og þjónusta er höfð í fyrirrúmi í tengslum við alla starfsemi safnsins.

Gerðarsafn hefur það að meginhlutverki að hafa umsjón með listaverkæign Kópavogsbæjar, safna, miðla og varðveita. Gerðarsafn starfar samkvæmt stofnskrá og í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar, safnalög og siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM).

## LEIÐARLJÓÐ

Gerðarsafn hefur það að leiðarljósi að vera lifandi vettvangur fyrir listir. Listrænt starf safnsins miðar að því að kynna fjölbreytileika myndlistar og auka skilning á menningarlegu samhengi listaverka og listamanna. Sköpunarkraftur og tilraunastarfsemi Gerðar Helgadóttur er leiðarstefið í sýningargerð, viðburðum og fræðslustarfi. Verk hennar og arfleifið er virkjuð í samtali við samtalist og hugðarefni samtímans.

Gerðarsafn er vettvangur fyrir virkt samtal og öflugt samstarf. Safnið leitast við að tengjast gestum sínum á nýjan hátt, dýpka samtal, áhuga og skilning á myndlist og menningu. Gerðarsafn er staður til að doka við og njóta samverustunda, vettvangur til ihugunar og uppfyllingar, og farvegur fyrir áskoranir og ögrandi hugmyndir.

## MARKMIÐ

Gerðarsafn leggur áherslu á að vera leiðandi safn og vettvangur samtimalistar á Íslandi. Með fjölbreyttu sýningarhaldi er ekki einungis ætlunin að endurspeglar og veita nýja sýn á mikilvæga þætti listasögunnar, heldur einnig að varpa ljósi á lifandi tungumál samtimalistarinnar.

Markmið safnsins er að blása krafti og forvitni í safnfræðslu með skapandi og persónulegri nálgun á viðfangsefnið hverju sinni. Ennfremur að efla samband við nærumhverfið með fjölbreyttum viðburðum og fræðslu í tengslum við sýningar safnsins. Jákvætt og opið viðmót gagnvart öllum gestum er eitt af grunnildum safnsins og gestir eru leiddir til samtals á eigin forsendum.

Frumkraftur og frumkvöðlastarf endurspeglast í starfsemi Gerðarsafns og er sérstaða safnsins leiðandi í allri imynd og kynningu.

Gerðarsafn starfar í alþjóðlegu samhengi myndlistarinnar og hefur það að markmiði að efla tengsl og samvinnu við listamenn, sýningarstjóra og samstarfsaðila á alþjóðavísu.

## STARFSEMI 2020

Gerðarsafn er í eigu Kópavogsbæjar og leggja eigendur fram stærstan hluta rekstrarfjár samkvæmt fjárframlögum Kópavogsbæjar. Árið 2020 hlaut Gerðarsafn 10.800.000 kr. í rekstrar- og verkefnastyrki frá safnasjóði og Barnamenningar-sjóði. Á árinu hlaut Gerðarsafn 3.500.000 kr. styrk frá lista- og menningarráði Kópavogs til listaverkakaupa og 1.000.000 kr. til að setja á fót Gerðarverðlaunin. Aðrir tekjuliðir voru aðgangseyrir, vörusala og útleiga.

Gerðarsafn leggur áherslu á eftirfarandi fjögur atriði í starfsemi safnsins til að styrkja þá imynd að það sé lifandi vettvangur fyrir listir:

- Sýnileika safnsins og gildi þess að eiga í virku samtali.
- Að safnið verði þekkt fyrir góða þjónustu og frábært starfsumhverfi.
- Að safnið bjóði upp á skapandi starf fyrir alla fjölskylduna.
- Að safnið verði leiðandi í faglegu samstarfi innanlands sem utan.

Ávinningur af þessum áherslum fyrir Gerðarsafn og Kópavogsbæ er að safnið verði lifandi vettvangur þar sem listin er máttarstólpi tjáningarfrelsisins og birtingarmynd þess hvernig Íslendingar hafa lagt rækt við skapandi hugsun, frumkvæði og menningararfleið sína.

## Opnunartími

Árið 2019 var opnunartími safnsins lengdur og er það nú opið alla daga kl. 10–17. Lokað er yfir hátíðardaga, t.a.m. páska og jól. Hægt er að óska eftir aðgangi utan auglýsts opnunartíma og er t.d. gjarnan tekið á móti nemendum og öðrum hópum á morgnana fyrir opnun safnsins kl. 10. Veitingastaðurinn Pure Deli var starfandi í Gerðarsafni til 1. september 2020 og var opinn samhliða safninu.

## Aðgangseyrir

Bæjarráð samþykkti breytingar á gjaldskrá Gerðarsafns fyrir árið 2018 og hefur sú gjaldskrá verið við gildi síðan.

- 1.000 kr. fyrir almenna gesti.
- 500 kr. fyrir námsmenn og aldraða.
- Ókeypiss fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára og öryrkja.
- Félagar í SÍM, ICOM, FÍMK og FÍSOS fá ókeypis aðgang gegn framvisun skirteinis.

Aðgangur er ókeypis á tiltekna sýningar og viðburði, ókeypis er á sýningaropnanir, Fjölskyldustundir á laugardögum, Menningu á miðvikudögum og viðburði sem auglýstir eru sérstaklega, t.a.m. Safnanótt og Aðventuhátíð Kópavogs. Auk þess er að sjálfsgöðu ókeypis að njóta allra viðburða sem fara fram rafrænt og streymt er frá safninu eða í samstarfi við safnið.

## STARFSMANNAMÁL

Föst stöðugildi árið 2020 voru 3,3. Tveir starfsmenn voru í 100% starfi; Jóna Hlíf Halldórsdóttir forstöðumaður og Brynja Sveinsdóttir sýningarstjóri.

Jóna Hlíf Halldórsdóttir hóf störf sem forstöðumaður 15. júlí 2019 og lét af störfum 15. september 2020. Brynja Sveinsdóttir tók tímabundið við stöðu forstöðumanns í kjölfarið.

Ingunn Fjöla Ingbórsdóttir starfaði sem verkefnastjóri fræðslu og miðlunar frá febrúar og lét af störfum 15. september 2020.

Hallgerður Hallgrímsdóttir hóf störf í ágúst 2020 sem verkefnastjóri sérverkefna en tók tímabundið við stöðu verkefnastjóri sýninga og safneignar þegar Brynja Sveinsdóttir tók við stöðu forstöðumanns. Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir hóf störf í október 2020 tímabundið sem verkefnastjóri fræðslu og miðlunar.

Signý Þórhallsdóttir, Anna Karen Skúladóttir og Mari Mathlin starfa í móttöku og gæslu, auk þess sem Signý fer með umsjón safnbúðar Gerðarsafns.

## Si- og endurmenntun

Árið 2020 hlaut Gerðarsafn 300.000 kr styrk frá safnasjóði til fræðsluferðar til Danmerkur, sem frestaðist til ársins 2021 vegna Covid-19.

## Ráðgjafanefnd

Ráðgjafanefnd Gerðarsafns starfar eftir reglum sem lista- og menningaráð Kópavogsbæjar setur nefndinni. Ráðgjafanefnd Gerðarsafns tók til starfa árið 2016 og er eitt af meginhlutverkum nefndarinnar að veita faglega ráðgjöf um listræna starfsemi og stefnumótun safnsins í samvinnu við forstöðumann safnsins. Í nefndinni 2020 sátu Björg Stefánsdóttir, Jón B.K. Ransú og Ólöf Nordal. Skipunartímabil þeirra var frá 1. nóvember 2019 til 1. nóvember 2020. Ráðið lét af störfum í september 2020.

## HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Gerðarsafn er í jaðri Borgarholtsins í Kópavogi og var opnað árið 1994. Benjamin Magnússon arkitekt teiknaði húsið. Tveir 200 m<sup>2</sup> sýningarsalir eru á efri hæð. Á neðri hæð safnsins er fjölnotasalur, listaverkageymsla, verkfærageymsla, fræðslurými, skrifstofuaðstaða og snyrtingar. Að sunnanverðu á neðri hæð er kaffistofa undir glerhýsi.

Safnið hefur afnot af geymslurými fyrir sýningarbúnað í kjallara safnaðarheimilis Kópavogskirkju og leigir geymslu í Hamraborg.

## ENDURBÆTUR

### Stúdíó Gerðar

Farið var í að betrubæta Stúdíó Gerðar með því að sérhanna og byggja fræðslurými fyrir alla fjölskylduna. Markmið fjölskyldurýmisins er að skapa Gerðarsafni sérstöðu sem griðastaður fyrir fólk á öllum aldurs skeiðum, til að upplifa samtímamyndlist en einnig til að skapa sjálf og mennta huga og hönd í öruggu og þægilegu umhverfi.

Gerðarsafn fór í samstarf við leikskólann Marbakka þar sem 3-5 ára nemendur skólans unnu klippimyndir út frá verkum Gerðar Helgadóttur. Þær myndir prýða nú veggj í endurhönnuðu rými Stúdíó Gerðar sem opnaði um miðjan janúar 2020. Rýmið er hannað af Arnari Frey Guðmundssyni og Friðriki Steini Friðrikssyni, samhlíða grunnsýningunni á verkum Gerðar Helgadóttur.

### Ljósabúnaður

Ljósabúnaður í sýningarsölum á efri hæð Gerðarsafns var uppfærður haustið 2020 í samvinnu við Skipulagssvið Kópavogsbæjar og verkfræðiskrifstofuna Eflu. Kristján Kristjánsson lýsingarhönnuður og Arnar Leifsson raftækni-fræðingur voru ráðnir sem ráðgjafar. Enn á eftir að uppfæra ljósabúnaðinn í fjölnota salnum á neðri hæð safnsins.

### Endurnýjun kaffihúss

Haustið 2020 var auglýst eftir nýjum rekstraraðilum fyrir kaffihús í Gerðarsafni og sóttu ellefu aðilar um reksturinn. Eftir viðtöl og innsendar hugmyndir að rekstri og snertiflötum milli kaffihúss og safnsins var rekstraraðilinn Reykjavík Roasters valinn til að hefja samstarf við safnið. Í tilefni af opnun kaffihússins var farið í þarfagreiningu á eldhúsaðstöðu og setaðstöðu í kaffihúsi Gerðarsafns. Theresa Himmer, arkitekt og myndlistarmaður, var fengin til að hanna útlit kaffihússins í samtali við Arnar Frey Guðmundsson, grafiskan hönnuð safnsins. Við skoðun á eldhúsi var bersýnilega þörf á að endurnýja innréttingar og bæta aðstöðu í eldhúsinu. Þær betrubætur sem voru gerðar voru hannaðar af Theresu og byggðu á upprunalegu útliti kaffihússins við opnun safnsins 1994. Endurgerð innréttinga er unnin af Frostverki eftir teikningum Theresu.

Theresa valdi inn húsgögn fyrir kaffihúsið sem eru í góðu samtali við bygginguna bæði í efnisvali og litum og vísa í umhverfi Gerðar Helgadóttur í París. Stólar á kaffihúsinu og útihúsgögnin eru eftir frönsku hönnuðina Ronan og Erwan Bouroullec og framleiddir af danska hönnunarfyrtækini Hay. Vísa stólarnir í Lúxemborgargarðinn í París og þau útihúsgögn sem eru þar. Ljós álhúsgögnin verða notuð bæði innandyra og utan á kaffihúsinu til að ýta undir þann garðskála sem rýmið er og vísa í Carlsberg Glyptotek í Kaupmannahöfn. Á kaffihúsinu verða sérsmiðuð borð sem undirstrika litatóna granitklæðningar Gerðarsafns í dimmrauðu og gráu.

Í innra rými á neðri hæð Gerðarsafns verður sameiginlegt rými Gerðarsafns og Reykjavík Roasters sem brúar svæðið á milli fræðslurýmis safnsins og kaffihúss. Þar verða sófar og borð hönnuð af Theresu og smíðuð af Hjóli atvinnulífsins. Hafist var handa við hönnun og smíði á innréttingum og húsgögnum í lok árs 2020 og stefnt er að opnun kaffihússins í apríl 2021.

## SAFNEIGN

Skipuleg söfnun listaverka í Kópavogi hófst á tíu ára afmæli bæjarins árið 1965 þegar samþykkt var að stofna Lista- og menningarsjóð og verja til hans fastri árlegri fjárhæð í safneign.

Safneign Gerðarsafns telur um 4.250 verk. Uppistaðan er um 1.400 verk eftir Gerði Helgadóttur, um 300 verk eftir hjónin Barböru og Magnús Á. Árnason og 1.640 verk eftir Valgerði Briem, aðallega teikningar. Önnur verk sem ýmist hafa verið keypt eða gefin til safnsins eru um 650 að tölu.

### Innkaup

Forstöðumaður Gerðarsafns í samráði við ráðgjafarnefnd vann að nýrri söfnunar- og innkaupastefnu safnsins 2016. Stefnan var lögð fyrir og samþykkt af lista- og menningarráði Kópavogsbæjar sem hefur veitt 3.500.000 kr. til listaverkakaupa frá árinu 2018.

Árið 2020 var keypt verk eftir Gerði Helgadóttur auk verka eftir þrjá samtimalistamenn sem sýnt höfðu í Gerðarsafni: Skúlpúturinn Tíu þúsund og eitt ár (2016) eftir Bjarka Bragason, sem sýndur var á sýningunni Afrit í ársbyrjun 2020. Ljósmyndaverkið Abzug (2018) eftir Claudiu Hausfeld, sem var einnig á fyrrnefndri sýningu. Textilverkið Innkaupalisti (2018) eftir Örnú Óttarsdóttur, sem var á sýningunni Pegar allt kemur til alls sumarið 2020. Bronsskúlpúturinn Líkan að útilistaverki (1972) eftir Gerði Helgadóttur var keypt af Kaupmannafélagi Íslands.

## Vörslusamningur

Þann 1. júní 2001 var gerður samningur á milli sjálfseignarstofnunar listaverkasjóðs Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur annars vegar og Gerðarsafns hins vegar um vörslu listaverka í eigu sjóðsins. Samningurinn var óuppsegjanlegur af beggja hálfu á samningstímanum en rann út þann 1. júní 2005. Heildarfjöldi listaverka sjóðsins er um 1400 verk.

Frá því að vörslusamningurinn var gerður hafa Gerðarsafni verið færð um 1750 listaverk og er listaverkageymsla safnsins fullnýtt. Gerðarsafn leigir tímabundið geymslurými til að bregðast við stöðunni þar sem safnið rúmar ekki lengur safneignina að viðbættum þeim listaverkum sem samið var um vegna listaverkasjóðs Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur. Geymslurýmið sem safnið styðst við um þessar mundir er tímabundið úrræði, þar sem það mun ekki geta uppfyllt með varanlegum hætti kröfur og skilmála sem Gerðarsafn þarf að starfa eftir með vísan til safnalaga, nr. 141/2011, að því er varðar húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi.

Vegna þessa var lögð fram beiðni frá Gerðarsafni til sjálfseignarstofnunarinnar um að listaverkasjóði Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur yrði fundinn varanlegur samastaður. Óskað var eftir að verkin yrðu flutt úr listaverkageymslu Gerðarsafns fyrir lok árs 2020. Enn sem komið er hafa verkin ekki verið flutt úr listaverkageymslunni.

## SAFNEIGN, SKRÁNING OG AÐBÚNAÐUR

Unnið er að því að mæta niðurstöðum úr matskýrslu sem safnið fékk árið 2017 í kjölfar eftirlits Safnaráðs. Heildarmat er að ástand á listaverkageymslu sé almennt mjög gott. Hafin er vinna við að skipuleggja sérrými fyrir járnskúlpúta í listaverkageymslu safnsins og hefur smiður verið fenginn til verksins. Safnið þarf að bæta sig á nokkrum sviðum sem hugað verður að.

Helstu tillögur til úrbóta eru eftirfarandi:

- Huga að þáttum er varða umhverfisþætti (ljósamál, mælingar á hita og raka, skordýraeftirlit).
- Útbúa þarf skriflegar húsreglur fyrir starfsfólk, sérstaklega um aðbúnað og aðgang að húsi (húsverðir).
- Verklagsreglur um aðgang, umgengni og frágang listaverka í geymslum.
- Útbúa skriflegt verklag fyrir starfsmenn sem sjá um þrif.

## Stafræn og rafræn gögn

Gerðarsafn hefur unnið að átaksverkefni í skráningu og umsjón safneignar undir yfirskriftinni „Skráð fyrir opnum dyrum“ frá árinu 2016. Verkefnið hefur verið unnið með styrkjum frá safnasjóði og er unnið að yfirferð og samræmingu skráningar á verkum í safneign.

Skráningarverkefnið felst í því að samræma skráningu á safneign Gerðarsafns í gagnagrunninn Sarp en samræma þarf skráningu úr þremur kerfum; spjaldskrá, FileMaker og Sarpi. Við vinnslu verkefnisins hefur komið í ljós að mikið af upplýsingum var aðeins að finna á spjaldskrá og útkeyrslu úr FileMaker fylgir mikil eftirvinna. Verkefnið hefur því verið unnið af nákvæmni og vandvirkni, að færa upplýsingarnar úr fyrri kerfum yfir á Sarp.

Fyrri fasi verkefnisins var unninn sumarið 2016 við að flytja rafræna skráningu af FileMaker yfir í Sarp og var skráning yfir verk Gerðar Helgadóttur gerð opin almenningi á ytri vef Sarps. Seinni fasi verkefnisins var að yfirfara skráningu um verk á spjaldskrá og á FileMaker og koma upplýsingum yfir á Sarp til að hægt væri að leggja fyrri kerfum.

Árið 2020 var unnið að afkastamikilli skráningar-vinnu í samtarfi við Cecilie Gaihede listfræðing að tilstuðlan styrks frá safnasjóði. Í fyrsta fasa verkefnisins voru yfirfarnar upplýsingar í skráningu á verkum Gerðar Helgadóttur og fluttar inn viðbótarupplýsingar úr fyrri skráningarkerfum og færðar inn í Sarp. Unnið var í flokkun og skilgreiningu á ólíkum miðlum sem verk Gerðar eru í til að gera safneign hennar aðgengilegri rannsóknaraðilum.

Samhliða þeirri skrásetningu var nær öll spjaldskrá yfir verk í safneign Gerðarsafns, sem telur 4250 verk, skönnuð og hengd við hverja skráningu í Sarpi.

Gerðarsafn hlaut styrk til ljósmyndunar á safneign í sérúthlutun vegna Covid-19. Hallgerður Hallgrímsdóttir og Anna Karen Skúladóttir unnu að ljósmyndun á safneigninni í samstarfi við Cecilie. Unnið var að markvissri ljósmyndun á teikningum og frumdrögum Gerðar Helgadóttur sem vantaði skýrar myndir af í skráningu. Var þar lögð áhersla á litrik frumdrög að steindum gluggum og mósaikverkum sem höfðu verið svarthvítar í skráningu fram að því sem og verk sem ekki voru til myndir af. Ljósmyndunin var unnin í framhaldi af samningi Gerðarsafns við Myndstef sem tók gildi í ársbyrjun 2020.

Samningurinn gerir Gerðarsafni kleift að hafa alla safneignina á ytri vef Sarps svo almenningur geti kynnst öllum verkum safnsins. Áfram verður unnið að samræmingu og yfirferð skráningar á safneign Gerðarsafns á næstu árum þar sem verður lögð áhersla á að liðka fyrir rannsóknnum á verkum úr safneign.

## KYNNINGARMÁL

### Fjölmiðlar

Öflugt markaðsstarf og virk útgáfustarfsemi er Gerðarsafni nauðsynleg til að safnið nái til safngesta, listamanna, safnara, hagsmunasamtaka, skóla og stuðningsaðila. Virkni á samfélagsmiðlum og ferskt og aðgengilegt kynningarefni eru hornsteinar þess að Gerðarsafn sé lifandi vettvangur fyrir listir. Allt markaðsstarf er unnið með það í huga að það sé hvetjandi fyrir áhugasama. Gerðarsafn vinnur markvisst að því að efla samtöl við öll skólastig í Kópavogi og stofnanir í Kópavogi og nærliggjandi sveitarfélögum með því markmiði að það sé áhugavert og eftirsóknarvert að koma í Gerðarsafn.

Sýningar og viðburðir í Gerðarsafni hafa hlotið athygli fjölmiðla og má greina mikinn áhuga á því starfi sem unnið er. Sýningar ársins fengu umfjöllun í sjónvarpi, útvarpi og prentmiðlum. Sýningarnar Afrit og Skúlptúr/skúlptúr fengu itarlega umfjöllun í Menningunni á RÚV og Víðsjá á Rás 1. Fjallað var um allar sýningar ársins í prentmiðlum og birt viðtöl í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og Stundinni.

### Árskort

Farið var í átak til að selja fyrirtækjum og stofnunum í Kópavogi árskort fyrir tvo á 3.000 krónur. Hugmyndin var að fá fyrirtæki til þess að gefa starfsmönnum sínum upplifun sem umhverfisvæna jólagjöf. Sömu árskort voru seld almenningi í febrúar 2020 og voru viðtökurnar frábærar og seldust 120 árskort.

### Samfélagsmiðlar

Gerðarsafn heldur úti Facebook-síðu með 4.692 fylgjendum og Instagram-síðu með 2.111 fylgjendum. Á samfélagsmiðla-síðum Gerðarsafns eru í hverri viku settar inn fréttir, fróðleikur, myndir frá viðburðum og sýningum.

Vegna mikilla lokana í Gerðarsafni vegna Covid-19 var lögð aukin áhersla á sýnileika á samfélagsmiðlum. Á vormánuðum var byrjað með þematengda pósta á samfélagsmiðlum tengda fræðslu, sýningum og safneign Gerðarsafns. Póstar undir yfirskriftinni Safneign á sunnudegi fengu mikil viðbrögð, þar sem frætt var um verk í safneign á lifandi hátt. Útlistaverk í Kópavogi eða eftir listamenn í safneign Gerðarsafns voru sett inn vikulega og fræðslutengd verkefni sett fram vikulega. Í lokunum safnsins var einnig farið af stað með streymisviðburði sem deilt var á samfélagsmiðlum sem fjallað er um í kafla um viðburði ársins.

## Útgáfa

Sýningarskrár eru gefnar út samhliða sýningum í Gerðarsafni. Árið 2020 voru gefnar út sýningarskrár fyrir sýningarnar Afrit, 17. janúar til 21. júní 2020 og einkasýningar Magnúsar Helgasonar og Ólafar Helgu Helgadóttur í sýningaröðinni Skúlptúr/skúlptúr, 18. nóvember 2020 til 28. febrúar 2021. Í sýningarskránum er að finna inngang sýningarstjóra og texta um listamenn og listaverk á sýningunni. Í þeim er einnig birt viðburðadagskrá þar sem sýningartengdir viðburðir fyrir gesti af öllum aldurshópum eru útlistaðir.

Fresta þurfti tveimur sýningum vegna Covid-19, Hlutbundinni þrá og Fylgið okkur, þar sem margir listamanna sýninganna eru búsettir erlendis. Sýningarskrár voru fullunnar fyrir sýningarnar tvær og verða gefnar út samhliða sýningunum 2021.

## SAFNVERSLUN

Safnbúð Gerðarsafns festi sig enn betur í sessi sem hönnunar- og gjafavöruslun með áherslu á vörur tengdar safneigninni, íslenska hönnunarförum, listaverkabækur og timarit ásamt umhverfisvænum heimilissvörum og leikföngum. Í safnbúðinni eru til sölu vörur frá um 30 umboðssöluaðilum, auk varnings sem safnið hefur látið framleiða.

Safnbúðin var í samvinnu við ýmsa ólíka aðila við þróun á varningi. Munstur eftir leikskólabörn á Marbakka sem einkenna fræðslurými safnsins voru prentuð á stuttermaboli og taupoka og Pastel Blómastúdíó hefur gert sérstaka þurrkaða blómvendi til að selja í safnbúðinni. Vendirnir hafa verið mjög vinsælir og itrekað selst upp.

Síðasta vor fór safnbúðin í samstarf við listakonuna Þórdísi Erlu Zoëga sem var með vinnustofudvöl á neðri hæð safnsins. Þórdís vann þar undir áhrifum frá viraverkum Gerðar Helgadóttur og var afraksturinn prentaðar vinylmottur í þremur stærðum sem voru frum-sýndar í safnbúðinni og eru seldar þar í dag.

Síðla árs var ákveðið að gera eftirprent af tíu verkum úr safneigninni. Myndir eftir Gerði Helgadóttur, Barböru Árnason og Valgerði Briem urðu fyrir valinu að þessu sinni og hafa prentin hlotið afar góðar viðtök, bæði hjá aðstandendum listamannanna og almennum gestum, og urðu vinsæl jólagjöf.

Safnbúðin hefur einnig verið virk á samfélagsmiðlum og heldur úti reikningum á Instagram og Facebook. Safnbúð Gerðarsafns er sem stendur með 418 fylgjendur á Facebook og 293 fylgjendur Instagram. Þannig hefur búðin náð að vera í virkum samskiptum við viðskiptavinum þrátt fyrir ýmsar lokanir og takmarkanir vegna Covid-19.

## SAMSTARF OG NÝSKÖPUN

Sýningin Afrit var hluti af Ljósmyndahátíð Íslands 2020 en safnið hefur átt í samstarfi við hátíðina frá 2016. Önnur samstarfssýning Gerðarsafns á árinu var útskriftarsýning BA-nema hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands auk þess sem útskriftarnemar meistaranáms í listkennslu við skólann héldu smiðjur í safninu í tengslum við útskriftarverkefni sín.

Einnig voru á árinu lögð drög að auknu samstarfi Gerðarsafns við Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands árið 2021 en nemendur í myndlist og sýningarstjórnun hjá Listaháskólanum og listfræði hjá HÍ munu stunda rannsóknir á verkum Gerðar Helgadóttur og vinna verk og sýningu á safninu út frá þeim rannsóknum. Einnig var ákveðið að safnið tæki við nemanda í sýningarstjórnun í Listaháskólanum í starfsnám 2021.

Í viðburða- og fræðslustarfi safnsins eru samstarfsaðilar Gerðarsafns margir, þar á meðal skólar, fristundaheimili, leikskólar og sjálfstætt starfandi kennarar og listamenn. Á árinu 2020 var vegna aðstæðna minna um viðburði og smiðjur á safninu en alla jafna en tekið var á mótum skólahópum á öllum skólastigum þegar færi gafst. Skapandi smiðjur, tónleikar og leiðsagnir áttu sér stað bæði í byrjun árs og yfir mitt árið þegar rofaði til í faraldrinum.

Sumarspirur, sumarstarfsmenn Menningarhúsanna í Kópavogi, stóðu fyrir metnaðarfullri dagskrá fyrir krakka í Kópavogi sem fór m.a. fram í Gerðarsafni. Sumarspirur héldu einnig viðburði á safninu eins og tónleikaseríuna Endurómur Viólunnar. Skapandi sumarstarfsmenn Kópavogs nýttu safnið sem vettvang fyrir sína sköpun en listamannarekna gallerið Sælir Kælir sem bjó í gömlum isskáp tók sér bólfestu í anddyri Gerðarsafns og Sjarmör Collective stóð fyrir þverfaglegum spuna í samtali við sýninguna Þegar allt kemur til alls í júlí.

Nýnæmi í viðburðahaldi árið 2020 voru rafrænir viðburðir og smiðjur sem var streymt á netinu og má enn nálgast. Gerðarsafn sendi út í samstarfi við Menningarhúsin í Kópavogi og fréttamiðilinn Stundina viðburði undir yfirskriftinni Kúltúr klukkan 13. Þúsundir hafa nú horft á innlegginn og verða þau áfram í boði til áhorfs á heimasíðu og Facebook-síðu safnsins.

## Vinnustofudvöl

Sett var á fót verkefni þar sem lista- og fræðifólki er boðin vinnuástaða á neðri hæð safnsins þar sem það vinnur að list sinni eða rannsóknum fyrir opnum tjöldum. Gerðarsafn býður fólkinu einnig að nýta þá þekkingu og aðstöðu sem safnið hefur upp á að bjóða svo sem aðgang að safneign. Fólkið er einnig hvatt til að standa fyrir viðburðum á meðan dvöl stendur og eiga þannig samtali við gesti safnsins og aðra áhugasama.

Fyrst til að dvelja í vinnustofunni var Þórdís Erla Zoëga myndlistarmaður og sýndi hún vinylmottur unnar út frá verkum Gerðar Helgadóttur á safninu á HönnunarMars árið 2020.

Hafinn er undirbúningur að því að taka á móti þverfaglega hönnunarteyminu PYKJÓ í janúar 2021. Hönnunarteymið mun starfa á Gerðarsafni út marsmánuð í tengslum við samstarfsverkefni sitt við Menningarhúsin í Kópavogi. PYKJÓ er þverfaglegt hönnunarverkefni fyrir börn og fjölskyldur þeirra á sviði textil-, leikfanga- og upplifunarhönnunar en að baki hópnum standa Sigríður Sunna Reynisdóttir, Tanja Huld Levi Guðmundsdóttir, Erla Ólafsdóttir og Ninna Þórarinsdóttir. Í vinnustofudvöl í Gerðarsafni vinnur teymið að gerð kyrrðarrýma sem eru innblásin af dýrum: skjaldböfum, kröbbum, sniglum og fleiri skeldýrum. Rýmin eru einnig innblásin af verkum Gerðar Helgadóttur frá árunum 1970-1975 þar sem hún vann skúlptúra sem minna á hnetti og kuðunga sem hugsaðir voru sem smáir skúlptúrar og drög að stærri útilistaverkum. Kyrrðarrýmin eru ætluð til lestrar, leiks og næðis, gerð úr viði, svömpum, textil og silkipappír.

## Greiðslur til listamanna

Listamenn sem sýna í Gerðarsafni fá greitt vegna sýningarhalds í samræmi við verklagsreglur sem samþykktar voru af bæjarráði Kópavogs í maí 2019. Gerðarsafn greiðir þóknun til listamanna fyrir þátttöku í sýningum og miðast greiðslur við umfang sýninga eins og tiltekið er í verklagsreglunum. Grunnviðmið greiðslu eru starfslaun listamanna hverju sinni. Einnig greiðir Gerðarsafn fyrir vinnuframlag eftir taxta Sambands íslenskra myndlistarmanna. Markmið verklagsreglnanna er að tryggja að listamenn fái sanngjarnar greiðslur fyrir þátttöku í sýningum og vinnuframlag sem innt er af hendi í tengslum við sýningar á verkum þeirra.

## Gerðarverðlaunin

Gerðarsafn setti á fót ný myndlistarverðlaun árið 2020 til stuðnings við höggmyndalist héraendis. Verðlaunin eru til heiðurs Gerði Helgadóttur myndhöggvara og eru veitt framúrskarandi myndlistarmanni sem vinnur í skúlptúr og rýmisverk. Lista- og menningarráð Kópavogs samþykkti að stofna til verðlaunanna og nema þau einni milljón króna. Stefnt er að því að veita verðlaunin árlega.

Verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn 17. desember 2020 og fyrsti verðlaunahafi Gerðarverðlaunanna var Rósa Gísladóttir (f. 1957) fyrir metnaðarfullt og kröftugt framlag til höggmyndalistar. Verk Rósu eru könnun á geometriú og klassískri formgerð með visunum í arkitektúr og rússneskan konstruktivismi. Skúlptúrar hennar spila á mörkum þess klassíska og nútímalega, jafnt í fagurfræði og efnisnotkun. Rósa nam myndlist í Pyskalandi, Bretlandi og á Íslandi. Verk hennar hafa verið sýnd víða hérlendis og erlendis, þar á meðal í Scandinavia House í New York, Saatchi Gallery í London, Listasafni Reykjavíkur, Hafnarborg, Listasafni Árnesinga og Berg Contemporary.

Dómnefnd Gerðarverðlaunanna skipuðu: Brynja Sveinsdóttir forstöðumaður Gerðarsafns, Eggert Pétursson myndlistarmaður, tilnefndur af Gerðarsafni og Svava Björnsdóttir myndlistarmaður, tilnefnd af SÍM.

### Listin að vera heima

Í desember fékk Gerðarsafn sex listamenn til að búa til ný leiðbeiningaverk, í tilraun til að færa almenningi listsköpun á tímum heimsfaraldurs. Listamennirnir voru gjörningalistamenn, málara, myndhöggvarar eða dansara, og gegndi Listin að vera heima ekki síst því hlutverki að styðja við sköpun íslenskrar samtímalistar á tímum Covid-19. Verkin birtust fyrst í jóladagatali Menningarhúsanna í Kópavogi og voru svo birt á vefsíðu og samfélagsmiðlareikningum Gerðarsafns, auk þess sem þeir sem skráðir voru á póstlista Gerðarsafns fengu hefti með leiðbeiningaverkunum sex send í pósti með yfirskriftinni „Listin að vera heima“. Listin að vera heima er verkefni sem gæti hæglega átt framhaldslíf þar sem leiðbeiningaverk bætast reglulega við í heftið.

### VIÐBURÐIR 2020

Heimsfaraldur setti strik í reikninginn við skipulagningu viðburða í Gerðarsafni 2020. Safnið var lokað frá 11. mars til 11. maí og svo aftur 7. október til 18. nóvember vegna samkomu-takmarkana, en á meðan þær voru í gildi stóð safnið fyrir ýmiss konar streymisviðburðum sem voru vel sóttir. Sem dæmi um slíka viðburði voru GerðarStundin, netsmiðjur fyrir fjölskyldur, leiðsagnir um sýningar, Innlit í listaverkageymslu Gerðarsafns undir stjórn Brynju Sveinsdóttur, viðtöl við listamenn og fleira.

Árið einkenndist af mörgum mismunandi bylgjum í hegðun fólks og tilmælum frá yfirvöldum hvað varðaði samkomur, til dæmis voru streymisviðburðir vel sóttir og vinsælir í fyrstu bylgju faraldursins.

Opunarviðburður er haldinn fyrir hverja sýningu sem opnuð er í Gerðarsafni. Haldnar voru fjórar sýningaropnanir árið 2020 en vegna aðstæðna var afar mismunandi hvort hægt væri að halda opunarviðburð. Á síðustu sýningu ársins, opnun Skúlptúr/skúlptúr, máttu t.d. aðeins 20 koma saman og því ekki eiginleg opnun haldin en í staðinn voru listamennirnir viðstaddir allan fyrsta opnunardag sýninganna.

Gerðarsafn stóð fyrir 27 sýningartengdum viðburðum, sem er aukning frá í fyrra þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Má þar nefna listamannaspjall, sýningarstjóraspjall, tónleika, dansviðburða, fyrirlestra, leiðsagnar o.fl. Viðburðahald í Gerðarsafni tekur mið af yfirstandandi sýningum.

Fyrri helming árs 2020 var uppi sýningin Afrit, en sýningartímabilið var lengt vegna Covid-19. Í tengslum við Afrit var boðið upp á vatnslitasmíðju, ferðasögur Einars Fals ljósmyndara, listamannaspjall og leiðsögn auk annarra viðburða.

Á meðan sýningin Pagar allt kemur til alls stóð yfir var haldin skúlptúrgerðarsmiðja fyrir fjölskyldur og gestum boðið að horf á þverfaglegan spuna fjöllistahópsins Sjarmör Collective, auk listamannaspjalls og annarra viðburða.

Pegar útskriftarsýning LHÍ, Fjörutíu skynfæri, stóð yfir bauðst gestum að koma á ýmiss konar leiðsagnir um mismunandi hluta sýningarinnar, arkitektúr, grafíska hönnun og fatahönnun, auk þess sem boðið var upp á sérstaka kvöldopnun með ókeypiss aðgangi fyrir almenning.

Viðburðir tengdir sýningunni Skúlptúr/skúlptúr voru takmörkunum háðir vegna heimsfaraldurs en safnið streymdi listamannaspjalli við báða listamennina, Magnús Helgason og Ólöfu Helgu Helgadóttur, á Facebook-síðu sinni og fengu myndböndin um 1.500 áhorf.

### Stúdíó Gerðar

Stúdíó Gerðar er opið fræðslurými þar sem börnum, fjölskyldum og öðrum gestum gefst færi á að njóta samverustunda, fræðast og skapa saman. Í Stúdíó Gerðar eru haldnar fjölbreyttar smíðjur í tengslum við sýningar safnsins og sem hluti af Fjölskyldustundum Menningarhúsanna í Kópavogi. Þar er einnig tekið á móti skólahópum í tengslum við leiðsagnir og boðið upp á styttri smíðjur sem miða að aldri og getu hvers hóps fyrir sig. Um helgar er boðið upp á Skapað með Gerði, samverustundir þar sem gestir geta gert sín eigin listaverk úr þeim efnivið sem starfsmenn safnsins draga fram hverju sinni, t.a.m. vatnslitum, leir og teikningu með ljósaborðum. Vegna heimsfaraldurs var fræðslurýmið oft lokað á árinu vegna tilmæla frá Almannavörnum.

## Viðburðaraðir Menningarhúsanna í Kópavogi

Menningarhúsin í Kópavogi standa saman að viðburðaröðunum Fjölskyldustundir á laugardögum, Menning á miðvikudögum og Foreldramorgnar þar sem boðið er upp á ókeypis vikulegar smíðjur, leiðsagnir, tónleika og fyrirlestra í öllum húsunum.

Menningarhúsin taka einnig öll þátt í dagskrám fjölda hátíða í Kópavogi þ.e. Daga ljóðsins, Vetrarhátíðar og Safnanætur, Barnamenningarhátíðar, 17. júní, Haustkarnivals og Aðventuhátíðar.

Á árinu bauð Gerðarsafn upp á sex Fjölskyldustundir á laugardögum, fjóra Menningu á miðvikudögum og einn Foreldramorgun.

Vegna Covid-19 féllu Barnamenningarhátíð og Aðventuhátíð niður og auk þess fjöldi viðburða í ofantöldum viðburðaröðum. Menningarhúsin í Kópavogi settu þá saman streymisviðburðaröðina Kúltúr klukkan 13 vorið 2020 og var Gerðarsafni með fimm streymisviðburði í þeirri röð; þrjár GerðarStundir, leiðsögn um sýninguna Afrit með Einari Fali og Innlit í listaverkageymslu Gerðarsafns með Brynju Sveinsdóttur.

Um haustið var ekki haldið áfram með þá streymisröð en þess í stað var gripið til þeirra ráða að streyma Menningu á miðvikudögum viðburðum. Hjá Gerðarsafni var það fyrirlestur Hönnu Guðmundsdóttur um Gerði Helgadóttur út frá feminískri listfræði og listamannasamtöl við Magnús Helgason og Ólöfu Helgu Helgadóttur sem rötudu á netið. Í stað Fjölskyldustundanna voru leiðbeiningar að skapandi verkefnum fyrir fjölskyldur að vinna heima jafnan birtar á Facebook og Instagram-reikningum safnsins.

## Skólaheimsóknir

Mikil áhersla hefur verið lögð á fræðslu í Gerðarsafni og Menningarhúsunum í Kópavogi síðastliðin ár. Börn af öllum skólastigum komu í fræðslu á safninu árið 2020, en vegna heimsfaraldurs Covid19 og samkomutakmarkana komu u.þ.b. helmingi færri í skipulagðar skólaheimsóknir en árið áður.

Boðið var upp á sérsniðnar leiðsagnir og heimsóknir í Gerðarsafni fyrir alla aldurshópa skólastiganna. Skólahópar koma í leiðsagnir um yfirstandandi sýningu safnsins þar sem lögð er áhersla á samtal og túlkun nemenda á verkunum. Fyrir áhugasama hópa, sérstaklega þá yngri, hefur einnig verið boðið upp á sérsniðnar smíðjur í Stúdíói Gerðar í tengslum við sýningarnar hverju sinni.

## SÝNINGAR 2020

### AFRIT

17. janúar 2020 - 21. júní 2020



Sýningin Afrit var haldin í tilefni af Ljósmynda-hátíð Íslands 2020 og var ljósmyndin umfjöllunarefni verka í ólíkum miðlum. Á sýningunni voru ný og nýleg verk samtímalistamanna sem hafa unnið með ljósmyndina eða birta afrit af veruleikanum á annan hátt.

Listamenn	Anna Júlía Friðbjörnsdóttir Bjarki Bragason Claudia Hausfeld Hallgerður Hallgrímsdóttir Katrín Elvarsdóttir Pétur Thomsen Þórdís Jóhannesdóttir
Sýningarstjóri	Brynja Sveinsdóttir

### GERÐUR

17. janúar - 23. október 2020 / 31. október - 7. febrúar 2021



Ný grunnsýning á verkum Gerðar Helgadóttur opnaði á neðri hæð safnsins í janúar 2020. Sýningin er framhald af yfirlitssýningu sem haldin var 2018 þar sem 1400 verk hennar í safneign Gerðarsafns voru höfð til grundvallar. Sýningin mun standa til janúar 2024, þó með uppbroti tvisvar á ári. Sýningin GERÐUR er í nánú samtali við fræðslurými Gerðarsafns, Stúdíói Gerðar, þar sem gestum gefst færi á að fræðast og skapa myndlist.

Listamaður	Gerður Helgadóttir
Sýningarteymi	Arnar Freyr Guðmundsson Brynja Sveinsdóttir Friðrik Steinn Friðriksson Hrafnhildur Gissurardóttir



## PEGAR ALLT KEMUR TIL ALLS

4. júlí - 23. ágúst 2020



Pegar allt kemur til alls var samsýning með verkum eftir tólf íslenska samtimalistamenn. Verkin voru sérvalin út frá því hvernig fegurðin í hversdagsleikanum, léttleiki, húmor og leikgleði birtast í þeim. Sýningin var viðbragð við aðstæðum í samfélaginu þá stundina, hugleiðing um það sem máli skiptir fyrir núð og innlegg í samtölin sem áttu sér stað á þeim tíma um hvað drifur samfélagið áfram og hvað skiptir okkur máli.

Listamenn Anna Hrund Másdóttir  
 Arna Óttarsdóttir  
 Gjörningaklúbburinn  
 Guðjón Ketilsson  
 Haraldur Jónsson  
 Hildigunnur Birgisdóttir  
 Klængur Gunnarsson  
 Kristín Dóra Ólafsdóttir  
 Logi Leó Gunnarsson  
 Ragnheiður Káradóttir  
 Una Björg Magnúsdóttir  
 Þór Sigurþórsson

Sýningarstjórar Brynja Sveinsdóttir  
 Jóna Hlíf Halldórsdóttir

### ÚTSKRIFTARSÝNING BA-NEMA í hönnun, arkitektúr og myndlist við Listaháskóla Íslands

27. janúar 2020 - 13. september 2020



Útskriftarsýning BA-nema frá Listaháskóla Íslands var haldin í Gerðarsafni haustið 2020. Verkin endurspeglu nám, rannsóknir og listsköpun nemendanna síðustu þrjú ár. Á sýningunni gat að líta myndlist, grafíska hönnun, arkitektúr, fatahönnun og vörühönnun.

Sýningarstjórar Anna María Bogadóttir  
 Atli Bollason  
 Linda Björg Árnadóttir  
 Ólöf Rut Stefánsdóttir

## SKÚLPTÚR/SKÚLPTÚR

31. október 2020 - 7. febrúar 2021



Sýningaröðin Skúlpúr/skúlpúr opnaði í fjórða sinn í Gerðarsafni með einkasýningum þeirra Ólafar Helgu Helgadóttur og Magnúsar Helgasonar. Með sýningaröðinni er gerð tilraun til að skoða skúlpúrin í samtímanum og þróun þrívíðrar myndlistar, ekki einungis sem mikilvægan hluta listasögunnar heldur einnig sem lifandi sjónrænt tungumál samtimalistarinnar. Sýningunum er ætlað að heiðra Gerði Helgadóttur (1928-1975) og framlag hennar til íslenskrar höggmyndalistar um leið og dregnar eru línur sem tengja verk hennar við samtímaskúlpúr.

Listamenn Ólöf Helga Helgadóttir  
 Magnús Helgason

Sýningarstjórar Brynja Sveinsdóttir  
 Hallgerður Hallgrímsdóttir  
 Jóna Hlíf Halldórsdóttir

## SÝNINGAR 2021

## SKÝJABORG

6. mars - 16. maí 2021

Sýningin Skýjaborg tekur mið af Gerðarsafni sjálfu, nærumhverfi þess og sögu Kópavogs. Verk sýningarinnar vísa til fortíðar, nútíðar og mögulegrar framtíðar í Kópavogi.

Listamenn Berglind Jóna Hlynsdóttir  
 Bjarki Bragason  
 Eirún Sigurðardóttir  
 Unnar Örn Jónasson Auðarson

Sýningarstjórar Brynja Sveinsdóttir  
 Klara Þórhallsdóttir

## FYLGID OKKUR I HönnunarMars

20. maí - 30. maí 2021

Fylgið okkur teflir fram völdum verkum frá nýjum og upprennandi íslenskum hönnuðum. Samruni og samvinna þvert á greinar er einkennandi en hönnuðirnir lita inn á við og út á við í marglaga veruleika í leit að nýjum leiðum til að takast á við viðfangsefni nútíðar og framtíðar: Sjálfbærni og flétta samfélags við manngerð vistkerfi; vistvæn gjörnýting dýraafurða annars vegar og stað-genglar dýraafurða í fæðuhringnum hins vegar; frammistöðukviði og innblástursleysi á móti óhindruðum leik- og sköpunarkrafti; framtíð tiskunnar og sjálfsmýnd okkar í sýndar- og raunveruleika.

Hönnuðir

Anna Diljá Sigurðardóttir  
Arnar Grétarsson  
Arnar Már Jónsson  
Helga Lára Halldórsdóttir  
Jóna Berglind Stefánsdóttir  
Sigríður Birna Matthíasdóttir  
Steinarr Ingólfsson  
Valdis Steinarsdóttir

Sýningarstjóri Sara Jónsdóttir

## KÖNNUN Á GERÐI

20. maí - 30. maí 2021

Nemendur í meistaranámi í sýningarstjórn, myndlist og listfræði við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands vinna sýningu í tengslum við verk Gerðar Helgadóttur.

## HLUTBUNDIN ÞRÁ

5. júní - 29. ágúst 2021

Hlutbundin þrá (Object of Desire) er samsýning átta samtímalistamanna frá Íslandi og Singapore sem hverfist um samband mannsins við hlutlægni og hluti. Sýningin verður haldin í samstarfi við Institute of Contemporary Art í Singapore og verður sett þar upp í júní 2021.

Listamenn Daniel Hui  
Dagrún Aðalsteinsdóttir  
Guo Liang  
Guðlaug Mía Eypórsdóttir  
Luca Lum  
Styrmir Örn Guðmundsson  
Sæmundur Þór Helgason  
Weixin Chong

Sýningarstjórar Dagrún Aðalsteinsdóttir  
Guo Liang  
Weixin Chong

## VATNSDROPINN

5. júní - 29. ágúst 2021

Fyrsta sýning af þremur í norræna samstarfsverkefnum Vatnsdropinn. Sýningin er afrakstur samstarfs við Múminálfasafnið í Tampere, H.C. Andersen safnið í Óðinsvéum og Ilon's Wonderland safnið í Haapsalu í Eistlandi. Eitt meginstef Vatnsdropans er að tengja saman boðskap og gildi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við sigild skáldverk barnabókahöfundar á borð við Tove Jansson, Astrid Lindgren og H.C. Andersen.

Sýningarstjórar Chus Martines ásamt ungum sýningarstjórum frá Íslandi, Danmörku og Finnlandi

## BRYNDÍS SNÆBJÖRNSDÓTTIR & MARK WILSON

11. september 2021 - 2. janúar 2022

Yfirlitssýning á verkum Bryndísar Snæbjörnsdóttur og Marks Wilson. Þau staðsetja list sína sem rannsóknar- og samfélagslist og nota gjarnan samspil manna og dýra í verkefnum sínum til að skoða málefni er varða sögu, menningu og umhverfið. Bryndís og Mark hafa unnið verk sem velta upp spurningum og áhrif mannsins á umhverfi sitt, hnattræna hlýnun og manngerða náttúru í tuttugu ár.

Listamenn Bryndís Snæbjörnsdóttir  
Mark Wilson

Sýningarstjóri Becky Forsythe

## FRAMTÍÐARSÝN

Hjarta menningarmála Kópavogsbæjar liggur í Hamraborginni og nálægðinni milli Menningarhúsanna. Hamraborgin er í senn sérstaðan og styrkurinn í menningarmálum bæjarins, enda undirstaða fyrir þá þætti sem hægt er að byggja á til framtíðar; nálægðin leiðir af sér virkt samtal og öflugt samstarf.

Nálægðin er einnig undirstaða þess grundvallarmarkmiðs að Gerðarsafn sé lifandi vettvangur fyrir listir. Í því felst að Kópavogsbúar, íbúar höfuðborgarsvæðisins, aðrir landsmenn og erlendir ferðamenn, fái reglulega aðgang að sýningum, viðburðum og upplifunum sem vekja áhuga þeirra. Virkt sýningarhald stuðlar að því að gestir kynnist fjölbreytileikanum sem myndlistin nær utan um og öðlist skilning á því sögulega, félagslega og menningarlega samhengi sem listaverk og höfundar þeirra tengjast.

## Sérstaða Gerðarsafns

Gerðarsafn stendur fyrir öflugri og metnaðarfullri sýningardagskrá sem ætlað er að endurspegla strauma og stefnur samtímans samhliða sýningum á verkum úr safneign.

Metnaður, listrænt gildi, aðgengileg og upplýsandi fræðsla og þjónusta er höfð í fyrirrúmi í tengslum við alla starfsemi safnsins.

Framúrstefnuleg myndlist hefur verið leiðandi stef í starfsemi safnsins og eru fræðsla og viðburðir unnin í nánú samstarfi við yfirstandandi sýningar. Nálgun á safneign Gerðarsafns helst í hendur við þessa stefnu þar sem verk úr safneign eru notuð til að tengjast gestum safnsins á nýjan hátt. Unnið er út frá því að vekja forvitni og áhuga gesta safnsins á þeirri list sem er sýnd frekar en að miðla listsögulegum rannsóknnum eða staðreyndum. Í allri starfsemi safnsins er miðað að því að kynna framúrstefnulega og alþjóðlega myndlist fyrir safngestum á opinn og aðgengilegan hátt þar sem gestir eru leiddir til samtals á eigin forsendum.

Gerðarsafn hefur markað sér sérstöðu með sýningardagskrá sinni síðastliðin ár. Safnið stendur á sterkum grunni arfleifðar Gerðar Helgadóttur þar sem tilraunamennska og sköpunarkraftur hennar er hvati að því að sýna framúrstefnulega samtímalist og birta strauma samtímans. Í sýningum safnsins hefur verið lögð áhersla á skúlptúr og rýmisverk, á við sýningar-röðina Skúlptúr/skúlptúr, sem býður myndlistarmönnum að vinna ný verk út frá spurningunni: „Hver er staða höggmyndalistar í dag og hvert stefnir hún?“ Gerðarsafn hefur einnig markað sér sess í sýningum á ljósmyndum með fjögurra ára samstarfi við Ljósmyndahátið Íslands og samsýningum þar sem staða og mörk ljósmyndarinnar sem listgreinar eru könnuð. Í dagskrá safnsins verður áfram lögð áhersla á framúrstefnulega myndlist, alþjóðlegt samstarf og sýningarstýrð verkefni samhliða aðgengilegu og skapandi fræðslustarfi.

### Fræðslustarf

Gerðarsafn hefur unnið að metnaðarfullu fræðslustarfi frá árinu 2015 þar sem lögð er áhersla á skapandi viðburði fyrir fjölskyldur, eldri borgara og innflytjendur. Safnið sótti um Öndvegisstyrk frá safnasjóði til þess að þróa fræðslustarf

safnsins í samræmi við Barnasáttmála og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem felur í sér heilsteypa dagskrá þar sem hver viðburðarliður teygir sig yfir lengra tímabil en áður og byggist upp yfir tíma. Með þeim hætti má ná enn betra samtali við gesti safnsins og þróa samspil með ólíkum samfélagshópum.

Gerðarsafn opnaði nýtt betrubætt fræðslurými fyrir alla fjölskylduna í byrjun árs 2020 og er markmiðið að skapa Gerðarsafni sérstöðu sem griðastað fyrir fólk á öllum aldurs skeiðum, til þess að upplifa samtíma myndlist og einnig til að skapa sjálf, mennta huga og hönd í öruggu og þægilegu umhverfi.

Betrubætt fræðslurými mun blása krafti í fræðslustarfsemina og auka forvitni safngesta. Fræðslustarfið mun einkennast af skapandi og persónulegri nálgun á viðfangsefnið hverju sinni og munum við efla samband við nærumhverfið, þvert á kynslóðir og þjóðerni, með fjölbreyttum viðburðum og fræðslu í tengslum við sýningar safnsins og safneignina.

### Aðgengilegt listasafn

Árið 2021 stendur til að lengja opnunartímann á virkum dögum og verður safnið þá opið til klukkan 18:00. Lengri opnunartími mun gefa enn betri aðgang að safninu en þá munu gestir eiga hægara um vik að heimsækja safnið að vinnudegi þeirra loknum. Reykjavík Roasters verður með veitingasölu í Gerðarsafni frá fyrri hluta árs 2021 og verður kaffihúsið einnig opið til klukkan 18:00. Ennfremur verður boðið upp á ýmiskonar viðburði á þessum tímum.



## Heildarúttekt á ástandi hússins

Forstöðumaður telur mikilvægt að farið verði í heildarúttekt á ástandi hússins á næsta ári en það eru liðin 27 ár síðan Gerðarsafn opnaði formlega og margt komið til ára sinna enda hefur aðsókn gesta aukist til muna en árið 2014 komu 7.901 og árið 2019 komu 48.679 gestir sem gerir rúmlega 500% fjölgun gesta. Óvist er hve mikil aukning hefði verið 2020 ef ekki hefði verið fyrir Covid-19 en þrátt fyrir miklar lokanir safnsins og fáa viðburði komu á safnið 35.974 gestir.

## Stuðningur við samtimalist

Á árinu 2020 var unnið í siauknum mæli að stuðningi við samtimalist með vinnustofudvöl og verðlaunum til starfandi myndlistarmanns. Verðlaunin eru til heiðurs Gerði Helgadóttur og er arfleifð hennar mætt í samhengi samtimalistar. Með tilkomu verðlaunanna er unnið að því að styðja í meira mæli við starfandi myndlistarmenn og festa sérstöðu Gerðarsafns sem listasafn tileinkað myndhöggvara. Er þar unnið að framþróun höggmyndalistar á Íslandi og lagt af mörkum til að tengja grunn safnsins, listræna stefnu þess og hreyfingar innan myndlistar í dag.

Í Gerðarsafni var einnig sett á fót annað framtak til að tengjast starfandi lista- og fræðafólki, utan viðamikils samstarfs við gerð hverrar sýningar. Það var með tilkomu vinnuáðstöðu á neðri hæð safnsins þar sem fólk vinnur að list sinni eða rannsóknnum fyrir opnum tjöldum. Haldið verður áfram með sterkara samstarf við starfandi lista- og fræðafólk í Gerðarsafni með það að marki að styðja við skapandi starf og verða vettvangur fyrir þróun verkefna.

## Lokaorð

Listasafn er vettvangur fyrir framúrstefnulegar hugmyndir, upplifanir, túlkanir og virkt samtal. Listasafn speglar samfélagið og vinnur markvisst að tengingu við gesti í gegnum viðburði, fræðslustarfi og miðlun sýninga. Listasöfn eiga að vera vettvangur fyrir alla og stuðla að því að auðga mannlífið og virkja ólíka hópa samfélagsins í starfsemi sinni.

Tækifæri felast í skapandi afli myndlistar og þróun er nauðsynleg í starfsemi listasafna. Árið 2020 bar í skauti sér óvænta atburði og skerta starfsemi Gerðarsafns vegna Covid-19 sem kallaði á nýja nálgun í starfsemi safnsins. Sýningadagskrá safnsins raskaðist og fjölmargir viðburðir og áætlanir féllu niður vegna samkomutakmarkana. Árið var því ólíkt því sem lagt var upp með en þó ný tækifæri í för með sér. Sýningar sem ekki var unnt að halda eru færðar til ársins 2021 og unnin var ný sýning, Þegar allt kemur til alls, sem var viðbragð við ástandinu. Þar voru verk íslenskra samtimalistamanna sem áttu það sameiginlegt að vera ákall til leikgleði og fegurðarinnar í hversdagsleikanum.


Á árinu voru fundnar nýjar leiðir til að miðla myndlist þegar safninu var gert að loka samkvæmt tilmælum Almannaþingarinnar. Rafrænar viðburðir og virkni var skapandi lausn á ástandinu og sárabót fyrir hefta starfsemi og viðburði sem féllu niður. Raunin var að rafrænar viðburðir reyndust mikilvæg viðbót

við fræðslustarf og kynningu Gerðarsafns og studdu við sýningar og listræna stefnu safnsins. Með rafrænni viðveru var unnt að dreifa miðlun á sýningum víðar og bjóða upp á aðgang að safninu fyrir þá sem geta ekki komið á safnið í eigin persónu. Því var stigið skref í átt til þess að gera safnið aðgengilegt fleirum sem ekki sjá sér fært að koma á staðinn. Verður áfram unnið að miðlun á sýningum á þann máta til að auka aðgengileika Gerðarsafns.


Á árinu höfum við séð þau tækifæri sem felast í skapandi afli menningarinnar og mikilvægi þess að bregðast á skapandi hátt við óvæntum atburðum. Listasöfn eru lifandi vettvangur og sem slíkir þarf að styðja við nýsköpun og tilraunamennsku innan starfsemi þeirra. Í starfsemi og umgjörð listasafna er mikilvægt að hafa í huga að þau eru ekki stafrækt í hagnaðarskyni. Þau eru þáttökumiðuð og eiga að vera aðgengileg öllum samfélagshópum. Til að styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna verður að huga að aðgengi fyrir alla og að safnið sé samkomustaður og vettvangur allra til merkingarsköpunar og skapandi hugsunar.

## LYKILTÖLUR 2020

### GESTIR ALLS



### FJÖLDI VIÐBURÐA



\* Frá 2020 til 2021 er gert ráð fyrir sömu þróun og verið hefur milli ára frá því fyrir Covid-19.

LYKILTÖLUR	Fjöldi viðburða 2019	Gestafjöldi 2019	Fjöldi viðburða 2020	Gestafjöldi 2020	Streymis-áhorf 2020
Gestafjöldi á Gerðarsafn		48.679		35.974	
Viðburðir á Gerðarsafni	57	4.303	53	2.627	
- þar af sérvíðburðir Gerðarsafns	24	1.549	37	1.194	7.958
- þar viðburðir Menningarhúsanna	33	2.754	16	1.433	34.282
Skólaheimsóknir á Gerðarsafn	56	1.444	23	340	
- þar af Menning fyrir alla	17	811	0	0	
Útleiga	10	363	3	162	
		Fjöldi 2019		Fjöldi 2020	
Verk í safneign		4.278		4.289	
Verk í Sarpí		4.259		4.270	
Útlán listaverka		5		2	

\* Fjölskyldustundir á laugardögum, Menning á miðvikudögum, Foreldramorgnar, allar hátíðir, Kúltúr klukkan 13 og Aðventudagatal.

FJÁRMÁL 2019 -2020 OG ÁÆTLUN 2021	2019 í þús. kr.	2020 í þús. kr.	2021 í þús. kr.
Tekjur			
<i>Rekstrartekjur</i>	13.578	5.519	4.824
Gjöld			
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	41.871	51.142	33.614
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	93.620	96.863	100.429
Rekstrarniðurstaða	121.914	142.306	129.219

Handwritten text at the top of the page, possibly a header or address, which is mostly illegible due to blurring.

Handwritten text, possibly a date or reference number, located below the top section.

Handwritten text, possibly a name or title, located in the middle section of the document.

Skrifstofu Gyllbringu-og Kjésarsýsl  
Gjald: 1-ein-króna,  
greitt.

Handwritten signature or initials, possibly 'L. J.', written in dark ink.

Handwritten signature or name, possibly 'Magnus', written in dark ink.



# HÉRAÐSSKJALASAFN KÓPAVOGS

## HLUTVERK

Héraðsskjalasafn Kópavogs starfar í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs fyrir Bæjarskjalasafn Kópavogs 28. nóvember 2006, skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerðum á grundvelli þeirra laga. Hlutverk Héraðsskjalasafnsins er m.a. að taka við og heimta inn skjöl frá afhendingarskyldum stofnunum, stjórnarsýslu, stjórnnum og ráðum bæjarfélagsins og varðveita þau og veita aðgang að þeim skv. lögum og leiðbeina um notkun þeirra. Einnig að hafa eftirlit með skjalavörslu þessara aðila bæjarins. Héraðsskjalasafnið skal safna markverðum skjölum einstaklinga fyrirtækja og félagasamtaka, sem ekki eru skilaskyld til safnsins, auk ljósmynda, hljóð- og myndbanda og sambærilegra gagna, sem varða sögu starfssvæðisins eða íbúa þess á einhvern hátt og tryggja aðgang að þeim skjölum. Það skal leitast við að eignast eftirtökur af öðrum skjölum sem varða starfssvæðið og ekki fást í frumriti og gangast fyrir rannsóknum sem tengjast safnkostinum.

## LEIÐARLJÓÐ

Héraðsskjalasafn Kópavogs starfar á grundvelli lýðræðis-hugmynda um opið, gagnsætt, borgarlegt þjóðfélag sem rekja má aftur til upplýsingar 18. aldar. Það hefur að leiðarljósi að bæta og styðja við skjalavörslu Kópavogsbæjar, efla og viðhalda vitund Kópavogsbúa um sögu sína og borgaralegan rétt til skjala. Þar skipta máli fagleg og siðleg vinnubrögð í samræmi við alþjóðleg viðmið, en Héraðsskjalasafnið á aðild að Alþjóðlega skjalaráðinu. Mikilvæg eru öflug tengsl við bæjarbúa t.d. með samvinnu við Sögufélag Kópavogs, miðlun safnkostsins og fræðslu til yngri kynslóðar Kópavogsbúa. Meðalhóf, jafnræði og gagnsæi eru kjarninn í þeirri festu og skýrleika sem einkenna eiga starfsemi og þjónustu Héraðsskjalasafnsins.

## MARKMIÐ

Meginmarkmið Héraðsskjalasafns Kópavogs er að rækja stjórnarsýslu- og menningarhlutverk sitt eins og best verður á kosið miðað við aðstæður hverju sinni. Þannig verður Héraðsskjalasafnið að þeirri miðstöð réttinda Kópavogsbúa og Kópavogsbæjar sem því er ætlað að vera auk þess að gegna mikilvægu hlutverki sem uppspretta heimilda til sögu Kópavogs og Kópavogsbúa með aðgang að safnkostinum og miðlun hans.

## STARFSEMI 2020

### Afgreiðslutími og aðgangseyrir

Lestrarsalur er opin á afgreiðslutíma Héraðsskjalasafns Kópavogs mánudaga-föstudaga kl. 10-16 og eftir samkomulagi að auki. Öll þjónusta er án endurgjalds.

### Gestir

Samkvæmt almannathjónustuhlutverki Héraðsskjalasafnsins veita starfsmenn gestum og notendum sem eftir því leita aðstoð við aðgang að skjölum í vörslu þess. Eftir því sem safnkosturinn hefur aukist undanfarin ár hefur þetta verið vaxandi þáttur í starfseminni.

Gestafjöldi árið 2020 var 281 manns, þar af 100 á Safnanótt 7. febrúar og 93 á myndgreiningarmorgnum.

## STARFSMANNAMÁL

Starfsmenn, fyrir utan húsumsjón og ræstingar, eru þrír í fullu starfi; héraðsskjalavörður, skjalavörður og margmiðlunarfræðingur og auk þess er einn starfsmaður í 20% starfi við myndavef.

## HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Húsnæði Héraðsskjalasafns Kópavogs er að Digranesvegi 7 og að auki skjalageymslur (116,6 m<sup>2</sup>) að Fannborg 3-5.

Almenn vinnuástaða	88,7 m <sup>2</sup>
Skrifstofuástaða	88,9 m <sup>2</sup>
Skjalageymslur	261,4 m <sup>2</sup>
Lestrarsalur, ástaða gesta og fræðimanna	57,9 m <sup>2</sup>
Samtals	496,9 m <sup>2</sup>

Geymslurými í hillum í skjalageymslum er 2.551 hillumetri. Geymslurými er á þrotum eftir miklar afhendingar árána 2017-2018 frá bæjarskrifstofum og sniður það starfseminni nú þröngan stakk.

Minjasafn Kópavogsbæjar í Austurkór sem er í umsjá Héraðsskjalasafnsins er 105,9 m<sup>2</sup>.

## AÐFÖNG

Aðföng skjala 2020 voru minni um sig en undanfarin ár, m.a. vegna þess að flutningum er lokið hjá stjórnslu bæjarins. Geymslurými er af skornum skammti vegna mikilla afhendinga undangenginna ára og takmarkað svigrúm til viðtöku skjala hefur haft hamlandi áhrif.

Fjöldi og umfang afhendinga er því minna en verið hefur. Afhendingar árið 2020 voru 41 talsins og ná yfir um 49 hillumetra.

Þrjú sumarstarfsmenn, þau Árni Pétur Árnason, Ásgerður Magnúsdóttir og Þórhildur Rán Torfadóttir, skráðu og gengu frá bókhaldsskjölum sumarið 2020. Þau umpökkuðu og skráðu um 120 hillumetra af skjölum.

Handbókasafn Héraðsskjalasafns Kópavogs hefur vaxið á árinu 2020. Fyrir utan aðföng sem aflað var með kaupum naut Héraðsskjalasafnið velvildar ýmissa manna í gjöfum. Nefna má sérstaklega bækur sem Gísli Gunnarsson sagnfræðingur lét eftir sig og erfingjar færðu Héraðsskjalasafninu að gjöf. Einnig færði Berglind Ásgeirsdóttir Héraðsskjalasafninu bækur úr eigu Gísla Ágústs Gunnlaugssonar sagnfræðings.

Þrjú sumarstarfsmenn úr Vinnuskóla Kópavogs, þau Ástþór Örn Sigurðsson, Heiðrún Erla Geirsdóttir og Linda Maria Petersen skráðu bækur þær er safninu bærust að gjöf úr eigu Björns Þorsteinssonar prófessors árið 2019. Skráin er 4.115 færslur er samsvara bindafjölda gjafarinnar. Einnig skráðu þau bækur úr eigu Gísla Gunnarssonar, sú skrá er 560 færslur.

Á árinu 2020 naut Héraðsskjalasafnið starfskrafta Kolbrúnar Andrésdóttur og annarra starfsmanna frá Bókasafni Kópavogs við að skrá bókakostinn í Gegni.

## SAMSKIPTI

Vefsíða Héraðsskjalasafns Kópavogs <https://heradsskjalasafn.kopavogur.is/>, er í stöðugri þróun en tók ekki meiriháttar stakkaskiptum á árinu 2020, en drög voru lögð að nýjungum til að koma betur til móts við notendur.

Héraðsskjalaverðirnir í Kópavogi og Árnassýslu halda úti Skjala-vefnum, upplýsingasiðu um skjalavörslumál: [heradsskjalasafn.is](https://heradsskjalasafn.is).

## SAMSTARF/NÝSKÖPUN

Samstarf við Sögufélag Kópavogs var með hefðbundnum hætti að svo miklu leyti sem aðstæður leyfðu. Félagið átti sinn sess í dagskrá Safnanætur. Sameiginlegt aðventukaffi í desember féll niður en stjórn félagsins fundaði í húsnæði Héraðsskjalasafnsins eftir því sem heimilt var skv. sóttvarnareglum. Undirbúningur að útgáfu rits Guðlaugs R. Guðmundssonar sagnfræðings um nafnfræði Kópavogs hófst og lögð voru drög að nokkrum smáritum.

Samstarfi fimm héraðsskjalasafna skv. samstarfssamningi frá 6. mars 2019 var sinnt með samráðs- og vinnufundum. Skjalasöfnin eru Héraðsskjalasafn Kópavogs, Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu, Héraðsskjalasafn Árnesinga, Héraðsskjalasafn Akraness og Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar. Unnið var að könnun um skjalavörslu þeirra sem skjalasöfnunum ber að hafa eftirlit með skv. lögum þ.e. sviða, deilda, stofnana, embætta, stjórna, ráða, nefnda og fyrirtækja sveitarfélaganna. Tókst hluta héraðs-skjalasafnanna að senda hana af stað í árslok 2020 og munu hin gera það í ársbyrjun 2021.

## ANNAÐ

Héraðsskjalavörður ásamt öðrum héraðsskjalavörðum ritaði nokkrar umsagnir og álitargerðir á árinu:

Umsögn 2. janúar 2020 til þjóðskjalavarðar um drög að reglum um tölvuskeyti.

Álit 29. maí 2020 til þjóðskjalavarðar um aðfangastefnu einkaskjalasafna. Greinargerð 6. ágúst 2020 til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um tvö heimildarákvæði og eitt gjaldskylduákvæði laga um opinber skjalasöfn vegna 10. mgr. 15. gr. laganna.

Umsögn til þjóðskjalavarðar um drög að reglum um eyðingu námsmatsgagna afhendingarskyldra aðila 4. desember 2020.

## VIÐBURÐIR

Á Safnanótt 2020 undir yfirskriftinni Spegill fortíðar - mótun framtíðar sýndi Marteinn Sigurgeirsson kvikmynduð viðtöl við þrjá Kópavogsbúa; Magnús Óskarsson kennara, Arnhildi Jónsdóttur leikara og Tómas Guðmundsson bifreiðastjóra. Guðmundur Þorsteinsson skjalavörður fjallaði um sögur og sagnir af álfum, draugum og yfirnátúrlegum atburðum í Kópavogi og næsta nágrenni.

Myndgreiningarmorgnar voru haldnir reglulega á miðvikudagsmorgnum kl. 10:30 meðan fært var fyrst á árinu 2020 eða fimm sinnum, myndgreiningarmorgni 25. mars var aflýst og ekki var fundarfært það sem eftir var árs vegna sóttvarna. Gestakomur á fundina voru 93 eða að meðaltali 18 gestir á hvern fund.



## HELSTU VERKEFNI 2021

## Framtíðarsýn

Regluleg og fastmótuð skjalavarsla stjórnsýslu, stofnana, ráða og nefnda er forsenda aðgang að skjölum og lýðræðislegs gagnsæis. Skyldubundnar aðferðir til að ná þessu fram eru skjalavistunaráætlanir og bréfalyklar (málalyklar). Héraðsskjalasafn Kópavogs mun stuðla að því að koma þessum aðferðum á i samvinnu við forstöðumenn á hverjum stað en þeir eru ábyrgðarmenn skjalavörslu að lögum. Þetta er t.d. frumforsenda þess að nýta stafræna tækni við skjalavörslu.

Aðfangastefnu um einkaskjalasöfn verði framfylgt betur, fræðsla og kynning á tilvist og starfsemi Héraðsskjalasafnsins er mikilvægur þáttur í því að bjarga merkilegum skjölum einstaklinga, félagsamtaka og fyrirtækja frá því að glatast.

Samstarf Héraðsskjalasafns Kópavogs við önnur héraðsskjalasöfn er vænleg leið til þess að styðja við þessi áform.

## Þjónusta

Enn sem fyrr verður stefnt að því að auka notagildi Héraðsskjalasafnsins fyrir almenning með meiri skráningu og birtingu skráa jafnt yfir skjöl í vörslu þess sem bókakost.

Stefnt er að því að ljúka skráningu minjasafns bæjarins og birta á vef Héraðsskjalasafns Kópavogs á árinu, en búið er að ljósmynda stóran hluta þess árið 2020.

LYKILTÖLUR 2020	Gesta- fjöldi 2017	Gesta- fjöldi 2018	Fjöldi viðburða 2019	Gesta- fjöldi 2019	Fjöldi viðburða 2020	Gesta- fjöldi 2020
Gestir á Héraðsskjalasafni	854	1.019		1.043		281
Viðburðir í Haðsskjalasafni	477	530	19	525	5	193
- þar af á Safnanótt	50	100	1	100	1	100
	Fjöldi	Fjöldi		Fjöldi		Fjöldi
Afhendingar	146	124		68		41
Umfang afhendinga í hillumetrum	237	369		31		49
Afgreiðslur	um 500	um 600		um 600		

FJÁRMÁL 2019 -2020 OG ÁÆTLUN 2021	2019 í þús. kr.	2020 í þús. kr.	2021 í þús. kr.
Tekjur			
Rekstrartekjur	894	2.456	855
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	31.870	36.379	44.484
Annar rekstrarkostnaður	16.830	17.875	19.096
Rekstrarniðurstaða	47.805	51.798	62.725

## Viðburðir, fræðsla og sýningarhald

Stefnt er að áframhaldandi útgáfu smárita í samvinnu við Sögufélag Kópavogs. Fyrirhuguð er útgáfa á nafnfræðiriti Guðlaugs R. Guðmundssonar sagnfræðings um Kópavog í samvinnu við félagið. Stefnt er að áframhaldandi samvinnu við Umhverfissvið Kópavogsbæjar um fræðsluskilti. Einnig að því að halda reglulega fræðslustundir fyrir grunnskólanemendur um starfsemi héraðsskjalasafnsins.

Haldið verður áfram að bæta við birtar myndir á myndavef og fleira verður birt á skjalavef. Jafnframt verður bætt við á vefsíðu upplýsingum fyrir notendur skjala.

Myndgreiningarmorgnar verða haldnir reglulega á ný um leið og ástand leyfir.

## Húsnæði og búnaður

Aukið geymslurými er nauðsynlegt til þess að starfsemi Héraðsskjalasafns Kópavogs fái þrífist. Leitað verður leiða til lausnar á þeim vanda.

# Veit og úthafshrygg

Veit  
Úthafshrygg  
Úthafshrygg er einn af stærstu og eldri hringsteinum í Íslandi. Hann er byggður úr veit og hefur verið notaður sem byggingarmálur síðan 19. öld. Hryggurinn er 10 metrar langur og 1,5 metrar breiður. Hann er stafrættur og hefur verið notaður sem stafrættur síðan 19. öld.



## Veit og úthafshrygg

Úthafshrygg  
Úthafshrygg er einn af stærstu og eldri hringsteinum í Íslandi. Hann er byggður úr veit og hefur verið notaður sem byggingarmálur síðan 19. öld. Hryggurinn er 10 metrar langur og 1,5 metrar breiður. Hann er stafrættur og hefur verið notaður sem stafrættur síðan 19. öld.

# NÁTTÚRUFRAEÐISTOFA KÓPAVOGS

Náttúrufræðistofa Kópavogs lauk sínu 37. starfsári 2020. Árið byrjaði með krafti og fastir viðburðir voru á sínum stað eins og árið 2019 og Safnanótt var haldin í byrjun febrúar. Endurnýjuð grunnsýning á lífríki Íslands, Heimkynni, var opnuð formlega 1. febrúar en unnið var af krafti við uppsetninguna í byrjun árs.

Eins og alls staðar í samfélaginu raskaði heimsfaraldur Covid-19 veirunnar starfi Náttúrufræðistofunnar og fastir viðburðir voru með breyttu sniði strax í febrúar. Fleira kom til; um miðjan mars var lokað vegna verkfalls félagsmanna í stéttarfélaginu Eflingu þar sem ekki náðust kjarasamningar. Í beinu framhaldi var sett á samkomubann vegna Covid-19 faraldursins og frá 12. mars var öllum Menningarhúsunum í Kópavogi lokað og varði lokunin samfelld fram til 11. maí. Þá var opnað aftur en allir viðburðir felldir niður þar sem takmörkun var á öllum samkomuhaldi. Nokkuð var um að skólar, einkum leikskólar, nýttu tækifærið til heimsókna á Náttúrufræðistofuna í lok skólaársins. Sumarið var frekar tíðindalítið; fimm sérsýningar voru þó settar upp, kynning á fyrirhuguðum breytingum á almenningssamgöngum með tilkomu Borgarlinunnar, þá fjórar sýningar listamanna sem fjallað verður betur um síðar. Einnig hélt Náttúrufræðistofa sitt árlega sumarnámskeið, Náttúrukrakka, fyrir 10-12 ára krakka.

Aftur brast á með allsherjar lokun 7. október vegna Covid-19 og varði hún allt fram til 17. nóvember. Þá var opnað en með mörgum skilyrðum og skiptingu húsnæðisins í sóttvarnarhólf. Samgangur var því enginn á milli bókasafns og Náttúrufræðistofu og kom það mjög mikið niður á öllum heimsóknum, bæði almennings og skólahópa. Vegna þessara lokana beindist nær allur kraftur starfseminnar að úrvinnslu rannsóknaverkefna og var því fjöldi útgefna rannsóknaskýrsla með mesta móti.

## HLUTVERK

Samkvæmt stofnskrá eru aðalhlutverk Náttúrufræðistofu Kópavogs:

- að stunda visindalegar rannsóknir á náttúru landsins, m.a. í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og aðrar rannsóknarstofnanir á sviði náttúrufræða og umhverfismála,
- að safna náttúrufræðilegum gögnum og heimildum og skrá þau og varðveita með visindalegum hætti,
- að veita almenningi og skólaæsku fræðslu um náttúrufræði og standa að sýningum um náttúru landsins,
- að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál fyrir almenning og skólaæsku,
- að veita Kópavogsbæ og öðrum aðilum eftir atvikum umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar, m.a. vegna nýtingar auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum, enda komi greiðsla fyrir.

## LEIÐARLJÓÐ

Á Náttúrufræðistofu Kópavogs er rekið þróttmikið rannsóknar- og safnastarf með það að leiðarljósi að afla og draga saman þekkingu á sem flestum sviðum náttúrufræða og miðla henni sem víðast. Liður í þeirri viðleitni er að skapa hindrunarlausan aðgang að náttúrugripasafni stofunnar, óháðan þjóðfélagsstöðu, líkamlegri færni og efnahag. Auk hefðbundins safnastarfs er þátttaka í fjölbreyttu viðburðahaldi, þar sem leitast er við að allir finni eitthvað við sitt hæfi til fræðslu eða afþreyingar, örjúfanlegur og vaxandi þáttur í starfseminni.

## MARKMIÐ

Meginhlutverk Náttúrufræðistofunnar markast af sviði náttúrufræða og umhverfisverndar (sbr. 3. gr. stofnskrár). Það er meginmarkmið i starfsemi Náttúrufræðistofunnar að safnið verði öllum opið, aðgengilegt og gagnlegt almenningi. Safngestir njóti heimsóknar á safnið sem best og upplifi það sem þeir sækjast eftir. Á næstu misserum verður unnið að því að efla upplýsingamiðlun i gegnum margmiðlun og afþreyingu. Einnig verður áfram unnið að því að rækta samstarf við öll skólastig i Kópavogi og finna nýja samstarfsmöguleika. Áfram verður unnið að því að halda úti öflugu rannsóknarstarfi Náttúrufræðistofunnar á sviði vatnavistfræði. Almennt er viðurkennt að rannsóknarstarfsemi eflir faglegt starf safna með margvislegum hætti.

## STARFSEMI 2020

### Opnunartími og aðgangseyrir

Faraldur Covid-19 hafði mikil áhrif á opnunartíma sýningarsala Náttúrufræðistofunnar en almennt var opið almenningi sem hér segir:

Mánudaga til fimmtudaga kl. 8–18

Föstudaga og laugardaga kl. 11–17

Frá 13. mars til 11. maí var safnið alveg lokað, meðan fyrsta bylgja faraldursins stóð yfir. Aftur var lokað i þriðju bylgjunni; á tímabilinu 7. október til og með 17. nóvember en þá opnaði aftur með ströngum sóttvarnareglum og skiptingu alls rýmis i sóttvarnarhólf. Aðgangur að safninu var ókeypis eins og verið hefur frá upphafi.

## GESTIR

Árið 2020 var mikið mótað af Covid-19 heimsfaraldrinum og lokunum vegna hans. Þó er áætlað að 12.465 gestir hafi heimsótt safnið og/eða tekið þátt i viðburðum og fræðsluverkefnum á vegum Náttúrufræðistofunnar, en það er mikill viðsnúningur frá fyrri árum eða um 47% af aðsókn síðasta árs. Viðburðir eru flestir haldnir að vetri til, utan þess tíma þegar flestir eru i sumarfríi, en það var einmitt þá sem mesta lokunin stóð yfir. Þá helst að rofaði til i farsóttarmálum á árinu var yfir sumartímann þegar minnst er um að vera.

I lok síðasta árs voru teknir i notkun nýir teljarar fyrir gesti Náttúrufræðistofu og bókasafns, sem byggja á myndavélum sem staðsettar eru við inngangana, en þar fæst heildarfjöldi gesta i húsið. Gerð var talning á gestum inn i Náttúrufræðistofuna i janúar og febrúar og út frá henni var fundinn vogstuðull til að áætla gesti inn á sjálfa Náttúrufræðistofuna út frá heildartalningu teljaranna. Á laugardögum er safnvarsla allan opnunartímann og er þá samfelld talning. Árið 2019 komu um 3.550 gestir á laugardögum en árið 2020 voru þeir um 1.645.

## Erlendir ferðamenn

Eins og annars staðar i ferðapjónustunni þetta árið eru heimsóknir erlendra ferðamanna ekki svipur hjá sjón en árið 2020 töldust erlendir ferðamenn sem gestir Náttúrufræðistofunnar hafa verið 149 á móti 857 árið 2019.

## Fjölmenning

I kjölfar endurnýjunar á grunnsýningum á jarðfræði Íslands árið 2017 og lífríki Íslands i upphafi árs 2020 er safnabæklingur sem hefur verið til á ensku orðinn úreltur. Unnið er að gerð stafræns leiðsögukerfis á ensku með upplýsingum um gripi sýninganna og náttúru Íslands, sem væntanlega kemst i gagnið árið 2021. Hugmyndin er svo að fjölga tungumálum i því kerfi eftir því sem tók eru á.

## STARFSMANNAMÁL

Á Náttúrufræðistofunni eru 4,7 föst stöðugildi á ársgrundvelli og að auki er heimild til að ráða sumarstarfsmann i þrjá mánuði. Að auki hafa starfsmenn verið verkefnaráðnir til úrvinnslu rannsóknarverkefna og voru tveir menn ráðnir þannig i hlutastörf. Að auki var starfsmaður ráðinn i sérstöku átaki til atvinnusköpunar fyrir námsmenn á vegum Kópavogsbæjar og Vinnumálastofnunar. Unnin stöðugildi árið 2020 voru alls 6,33.

## Sí- og endurmenntun

Á hverju ári eiga starfsmenn Náttúrufræðistofu kost á að sækja fræðsluviðburði af ýmsu tagi, allt frá styttri fyrirlestrum og upp i stærri ráðstefnur. Misjafnt er á milli ára hvað boðið er upp á en nokkrar stofnanir og félög bjóða uppá reglubundna viðburði af þessu tagi. Þá hefur Náttúrufræðistofan einnig átt framlög á slíkum ráðstefnum. Á þessu Covid-19 ári var venju fremur litið um stærri ráðstefnur en nokkuð um staka fyrirlestra sem sóttir voru.

## Félagsstörf

Haraldur Rafn Ingvason sem hefur setið i stjórn og samninganefnd Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) lét af þeim störfum á árinu en Stefán Már Stefánsson var kjörinn inn i hans stað. Stefán gegnir jafnframt hlutverki trúnaðarmanns FÍN fyrir starfsmenn Náttúrufræðistofunnar, Heilbrigðiseftirlits Kópavogs og Hafnarfjarðar og Hjartaverndar. Stefán og Haraldur sinntu að auki störfum formanns og varaformanns Írisar, starfsmannafélags Menningarhúsanna.

## HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Náttúrufræðistofa Kópavogs er ásamt Bókasafni Kópavogs, Gerðarsafni, Salnum og Héraðsskjalasafni ein af menningarstofnunum Kópavogs. Náttúrufræðistofan er til húsa að Hamraborg 6a ásamt Bókasafni Kópavogs. Grunnflötur hússins er um 900 m<sup>2</sup>. Öll starfsemi Náttúrufræðistofunnar er á jarðhæð og tilheyra stofunni um 700 m<sup>2</sup>. Þá deilir Náttúrufræðistofan þremur margmiðlunar- og fundarsölum með Bókasafni Kópavogs og einnig kaffistofu starfsfólks á 3. hæð. Náttúrufræðistofan er vel búin tækjum. Geymsla undir safngripi, rannsóknarsýni og búnað eru bæði í eldvörðu rými í Hamraborginni, í kjallara safnaðarheimilis Kópavogskirkju að Hábraut 1a og að Vesturvör 2b þar sem er báta- og kerrugeymsla. Á rannsóknarstofu eru þrjár hágæða viðsjár og ein af eldri gerð. Ein hágæða smásjá er tiltæk en öll hágæða stækkunartækin eru af Olympus gerð og hægt að tengja á þau teiknitúbu og myndatökubúnað. Allur búnaður til sýnatöku á líffræðilegum sýnum í stöðuvötum og ám er til staðar, sem og búnaður til mælinga á eðlisfræðilegum þáttum. Náttúrufræðistofan hefur yfir að ráða tveimur plastbátum sem eru í sameign með fleiri aðilum, auk tveggja litilla slöngubáta og alls helsta öryggisbúnaðar. Allir bátarnir eru búnir utanborðsmótorum. Skrifstofubúnaður er til staðar og tölvubúnaður er þjónustaður af UT-deild Kópavogsbæjar.

### Innkaup

Flest innkaup eru smá í sniðum en ávallt er leitað hagstæðs verðs. Fyrir stærri hluti er leitað útboða og þá oftast í samvinnu við stoðeildir Kópavogsbæjar. Stærstu innkaup ársins tengdust hinni endurnýjuðu grunnsýningu á lífríki Íslands en þar var fjárfest í bakgrunnsmyndum, nýjum undirstöðum undir gripi og merkisþjöldum. Einnig var settur upp nýr sýningarskápur og annar stækkaður.

### Vörslusamningur

Náttúrufræðistofan og Bókasafn Kópavogs eiga saman frumrit af Íslandskorti sem gefið var út í Hollandi árið 1580 og er kortagerðin eignuð Guðbrandi Hólabiskupi. Kortið er varðveitt við viðurkenndar aðstæður á listaverkasafni Gerðarsafns. Hluti steinda sem eru til sýnis í Náttúrufræðistofunni eru munir í eigu Náttúrufræðistofnunar Íslands og er til lánasamningur um þá milli stofnananna.

## Endurbætur

Í lok árs 2019 var hafist handa við vinnu við endurnýjun á grunnsýningu á lífríki Íslands en hún hefur verið í undirbúningi á undanföllum misserum. Sýningaskápar voru endurnýjaðir; nýr skápur smíðaður, öðrum breytt og allir skápar málaðir og í þá settur nýr bakgrunnur. Eins var lýsing endurnýjuð og ný uppröðum gripa unnin frá grunni. Aður var þeim stillt upp eftir flokkunarfræði lifvera en nú er búsvæðum gert hærra undir höfði. Á ferð sinni í gegnum vöndunarhúsið ferðast gestir nú frá sjónum, upp í fjöru og þaðan um mismunandi gerðir búsvæða frá láglandi og upp á hálandi. Eins og við endurnýjun jarðfræðisýningarinnar árið 2017 var sýningarhönnun í höndum Axels Hallkels Jóhannessonar og Náttúrufræðistofunnar auk þess sem Hrund Atladóttir var stofunni innan handar við vinnslu myndefnis. Oddur Sigurðsson jarðfræðingur og Hrund Atladóttir útveguðu ljósmyndir í bakgrunn sýningarinnar og Magnús Magnússon kvikmyndagerðarmaður útvegaði kvikmyndaefni sem er til sýnis á fjórum stórum skjáum í sýningarskápunum. Sýningin var opnuð formlega þann 1. febrúar 2020.

## SAFNEIGN/SAFNKOSTUR

Þrjár helstu sýningadeildir Náttúrufræðistofunnar eru lindýra-, fugla- og jarðfræðideild. Aðrar sýninga- og safneiningar eru krabbadýr og skrápdyr. Að auki eru til sýnis uppstoppuð spendýr og í fimm stórum fiskabúrum eru lifandi sjávar- og ferskvatnsfiskar, hryggleysingjar og vatnaplöntur. Í anddyri er fræðsluhorn um hvali þar sem til sýnis er beinagrind af háhyrningi.

### Verk í almenningsrými og stofnunum

Að jafnaði eru munir Náttúrufræðistofu geymdir í geymslum hennar. Það gerist reglulega að falast er eftir munum til láns í tengslum við viðburði. Myndlistarskóli Kópavogs hefur verið nokkuð reglulegur lánþegi og um nokkurt skeið hafa nokkrir fuglar verið til láns í Hörðuvallaskóla. Nokkrir fuglar voru einnig lánaðir vegna upptöku á spennuþáttum sem kallaðir voru Verbúðin. Var þar um samvinnuverkefni Vesturports og RÚV að ræða.

### Stafræn og rafræn gögn

Í tengslum við endurskoðun og úttekt á safngripaskráningum Náttúrufræðistofunnar er unnið að því að safna ljósmyndum af hverjum grip. Er þessi vinna komin af stað varðandi jarðfræðigripi. Eftir er að ákveða hvernig þetta verður framkvæmt fyrir líffræðigripi.

## Gjafir

Á árinu 2020 barst ein steina- og steingervingagjöf frá Svölu Árnadóttur, Kópavogsbúa. Gjöfin innihélt m.a. skeljar úr Tjörneslöggunum en einnig djúpberg og steingerðan viðarbút með óþekktan uppruna, en íslenskan þó. Þá bárust Náttúrufræðistofunni gripir sem ekki eru af náttúrulegum toga. Samstarfsmaður Náttúrufræðistofunnar hjá Umhverfisstofnun, Tryggvi Þórðarson, rak á árum áður rannsóknastöð í Hveragerði. Tryggvi átti í förum sínum ljósgleypnimæli og skilvindu sem hann ánafnaði Náttúrufræðistofunni og nýttast bæði þessi tæki til mælinga á blaðgrænu. Eru Tryggva eru færðar þakkar fyrir þessa höfðinglegu gjöf.

## SAMSKIPTI

### Kynningarmál

Umsjón með kynningarmálum Náttúrufræðistofunnar var í höndum Rikeyjar Hlínar Sævarsdóttur og Haraldar Rafns Ingvasonar. Íris María Stefánsdóttir, kynningar- og markaðs- stjóri hjá Menningarhúsunum, er Náttúrufræðistofu einnig innan handar varðandi þessi mál og sér um samræmingu á milli Menningarhúsanna.

### Vefsíða

Um allmörg ár hefur Náttúrufræðistofan haldið úti heimasíðu. Eru helstu fréttir af starfinu birtar þar sem og af samstarfi og viðburðum Menningarhúsanna. Þar hefur líka safnast margvíslegur fróðleikur um náttúru Íslands og lengi var þetta helsta síða á Íslandi með slíkum fróðleik. Umsjón síðunnar, bakendinn, þykir hins vegar erfiður og verið er að skoða lausnir í þeim málum.

### Samfélagsmiðlar

Síðustu ár hefur Náttúrufræðistofan haldið úti Facebook-síðu þar sem viðburðir eru kynntir. Einnig er miðlað þangað efni náttúrufræðilegs eðlis sem finnst vafrandi um heima samfélagsmiðlanna og þykir fróðlegt og skemmtilegt.

### Fjölmiðlar

Greinar og fréttir af viðburðum og verkefnum Náttúrufræðistofunnar, sem og samstarfsverkefnum Menningarhúsanna, birtast reglulega í dagblöðum og bæjarblöðum á borð við Kópavogspóstinn og Kópavogsblaðið, sem og á öðrum miðlum.

### Útgáfa

Árlega eru gefnar út skýrslur með niðurstöðum þeirra rannsókna sem Náttúrufræðistofan stundar eða vinnur fyrir utanaðkomandi aðila. Alls voru gefnar út sex skýrslur á árinu. Vegna færri heimsókna og viðburða vegna Covid-19 faraldursins var meiri þungi starfseminnar lagður í að ljúka fyrirbyggjandi rannsóknarverkefnum. Það mun einnig birtast í útgefnum skýrslum á árinu 2021. Einnig birtust tvær greinar

í alþjóðlegum timaritum. Önnur var um niðurstöður rannsókna á kransþörungafloðu íslenskra vatna en hin um útbreiðslu á tilteknum hópi krabbadýra, skelkrabba (*Ostracoda*), í vatnakerfum á Íslandi. Annars er ritaskráin eftirfarandi:

Finnur Ingimarsson, Natasa Desnica, Hrönn Ólína Jörundsdóttir, Haraldur Rafn Ingvason og Stefán Már Stefánsson 2020. *Vöktun á snefilefnum í Þingvallavatni vegna Nesjavallavirkjunar*. Náttúrufræðistofa Kópavogs og Matis ohf. Fjölrit Náttúrufræðistofu Kópavogs nr. 1-2020. 23 bls.

Stefán Már Stefánsson, Grétar Guðmundsson, Haraldur R. Ingvason, Ikram Ben Sbih og Finnur Ingimarsson 2020. *Vöktun á lífríki Elliðaáanna 2018*. Fjölrit Náttúrufræðistofu Kópavogs nr. 2-20. 18 bls.

Haraldur R. Ingvason, Stefán Már Stefánsson og Finnur Ingimarsson 2020. *Vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns, gagnaskýrsla fyrir árið 2019*. Fjölrit Náttúrufræðistofu Kópavogs nr. 3-20. 18 bls.

Finnur Ingimarsson, Haraldur R. Ingvason og Stefán Már Stefánsson 2020. *Tjarnanál (Nitella opaca) í Þingvallavatni 2015–2016*. Fjölrit Náttúrufræðistofu Kópavogs nr. 4-20. 16 bls.

Haraldur R. Ingvason, Stefán Már Stefánsson, Þóra Hrafnisdóttir, Kristín Harðardóttir og Finnur Ingimarsson 2020. *Vöktun á lífríki Tjarnarinnar í Reykjavík 2017–2019*. Fjölrit Náttúrufræðistofu Kópavogs nr. 5-20. 37 bls.

Stefán Már Stefánsson, Grétar Guðmundsson, Haraldur R. Ingvason, Ikram Ben Sbih og Finnur Ingimarsson 2020. *Vöktun á lífríki Elliðaáanna 2019*. Fjölrit Náttúrufræðistofu Kópavogs nr. 6-20. 14 bls.

Finnur Ingimarsson, Haraldur Rafn Ingvason, Þóra Hrafnisdóttir, Stefán Már Stefánsson og Kristín Harðardóttir 2020. *Vöktun svifdýra í Þingvallavatni 2007–2016*. Náttúrufræðingurinn 90, 23–35.

Hilmar J. Malmquist, Finnur Ingimarsson, Haraldur R. Ingvason, Stefán Már Stefánsson og Þóra Hrafnisdóttir 2020. *Hlýnun Þingvallavatns og hitaferlar í vatninu*. Náttúrufræðingurinn 90, 80–99.

## SAMSTARF / NÝSKÖPUN

Á árinu var lagður grunnur að samstarfi við þverfaglega hönnunarteymið PÝKJÓ sem vinnur að hönnunarverkefnum fyrir börn og fjölskyldur þeirra á sviði textil-, leikfanga- og upplifunarhönnunar. Þróunarvinna teymisins snýr m.a. að ýmsum verkefnum sem eiga fyrirmyndir í náttúrunni og á árinu 2020 átti teymið nokkra fræðslu- og hugmyndafundi með starfsfólki Náttúrufræðistofu til að kynna mismunandi hópum dýra og lifnaðarháttum þeirra, sem teymið vonast til að geta nýtt í hönnun sína. Væntanlega verður framhald á þessu samstarfi á næsta ári auk þess sem fleiri Menningarhús komi einnig þar að.

Á rannsóknarsviðinu hefur skapast gott samstarf, einkum við ýmsar rannsóknarstofnanir eins og Háskóla Íslands, Háskólann á Hólum, Umhverfisstofnun, Hafrannsóknastofnun og Náttúruminjasafn Íslands. Snúa flest verkefni að rannsóknum á lífríki Þingvallavatns og verður væntanlega áframhald á þessu samstarfi á komandi árum.

## SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR 2020

### Sýningar og sérviðburðir Náttúrufræðistofu

Allt viðburðahald mótaðist af Covid-19 ástandinu. Litlar sér-sýningar í anddyri Náttúrufræðistofunnar hafa verið fastur liður í starfsemi um langt skeið og þrátt fyrir samkomutakmarkanir náðist að setja upp fimm slíkar árið 2020 sem samtals drógu að sér rúmlega 4.300 gesti.

Árið hófst með formlegri opnun endurnýjaðrar grunnsýningar á lífríki Íslands sem fékk nafnið Heimkynni. Opnunin var laugardaginn 1. febrúar og það var Karen Elisabet Halldórsdóttir formaður lista- og menningarráðs sem opnaði sýninguna. Á nýju sýningunni hefur uppröðun og áhersla í frásögn breyst og er nú meira lagt upp úr búsvæðum lífveranna. Þegar farið er í gegnum vöndunarhús safnsins hefst ferðin í sjónum, þaðan upp í fjöru og þá í gegnum mismunandi gerðir láglendis og upp til heiða. Farið er í gegnum þurrlendi, votlendi og skóga og þær lífverur sem að jafnaði búa á hverjum stað kynntar til leiks. Aður réði líffræðileg flokkunarfræði uppröðun sýningargripa.

Likt og undanfarin ár var Safnanótt haldin í febrúarbyrjun. Á Náttúrufræðistofunni var farið í minningakistuna og í gluggum jarðfræðigangsins voru sett upp spjöld þar sem rifjaðir voru upp þættir sem prýtt hafa sjónvarpsskjái landsmanna síðustu áratugi og fræddu áhorfendur um lífið og náttúruna í víðu ljósi, sbr. Nýjustu tækni og visindi og þætti David Attenborough. Þessi sýning fékk framhaldslif og stóð fram til 2. júní og þá höfðu heimsótt hana 1.652 gestir. Meðan á lokun Menningarhúsanna stóð vegna Covid-19 var sýningunni snúið við í gluggunum svo hægt væri að skoða hana utanfrá.

Undir hatti farandgallerisins Sælir Kælir; listamannarekins galleris í gömlum ísskáp, voru tvær stuttar sérsýningar settar upp í júnimánuði. Á þeirri fyrri vann listamaðurinn Joe Keys skúlptúra, sem hann síðan tætti í sundur, út frá þema heimilisymsisins. Sýningin bar heitið Domestic Sculptures og stóð yfir dagana 5.-6. júní 2020. Hana heimsóttu 62 gestir.

Seinni sýningin, Erum við öll fífl?, beindi sjónum sínum að umhverfisvænni list með bættar neysluvenjur að leiðarljósi. Að henni stóð listaviekið FRÆ sem skipað er listakonunum Ragnhildi Kötlu og Sædís Hörpu. Sýningin var sett upp 17. júní í tengslum við hátíðardagskrá Menningarhúsanna og stóð til 20. júní. Alls heimsóttu hana 259 gestir.

Gagnvirka farand- og upplýsingasýningin Næsta stopp: Hamraborg, var sett upp í anddyri Náttúrufræðistofunnar og bókasafnsins í samstarfi við Borgarlinu og sem hluti af HönnunarMars í júní 2020. Sýningin stóð yfir á tímabilinu 25. júní til 3. ágúst og alls heimsóttu hana 1.558 gestir. Tvisvar sinnum á tímabilinu voru haldnir viðburðir í tengslum við sýninguna þar sem aðilar frá Borgarlinuverkefninu komu og svöruðu spurningum gesta. Alls 30 gestir sóttu þá viðburði.

Myndlistarkonan Nina Kristin Guðmundsdóttir sýndi verk sitt UGG á sýningu sem til stóð að næði yfir tímabilið 7. september til 12. október, en vegna þriðju bylgju Covid-19 styttest sýningartíminn örlítið þar sem Menningarhúsin lokuðu fyrir gestum þann 7. október. Verkið UGGUR beinir ljósi að einspili mannsins á heimsvellinum og tvihyggju þegar kemur að manningum og umhverfi hans; þ.e.a.s. maður á móti náttúru og öfugt. Sýndur var skúlptúrhluti verksins en í ljósi aðstæðna var myndskreiðs- og hljóðhluta þess breytt til þess að gæta sóttvarna og koma í veg fyrir sameiginlega snertifleti á heyrnartólum og spjaldtölvu. Gestafjöldi á sýninguna var alls 820 gestir.

Hið árlega sumarnámskeið Náttúrufræðistofu, NáttúruKrakkar, var haldið í 23. sinn vikuna 15.-19. júní og tóku 12 hressir og áhugasamir krakkar á aldrinum 10-12 ára þátt; niu strákar og þrjár stelpur. Fullt var á námskeiðið sem heppnaðist sérlega vel og góð endurgjöf barst frá bæði foreldrum og þátttakendum að því loknu.

Barnadagurinn í Viðey er árviss og vel sótt hátíð á vegum Borgarsögusafns. Í ágúst mánuði stóð til, líkt og árið 2019, að Náttúrufræðistofan tæki þátt með viðburðinn Fjörufjör, en sökum Covid-19 féll hátíðin niður í ár. Vonir standa til að hægt verði að taka upp þráðinn aftur á því næsta.

## Sameiginleg viðburðadagskrá Menningarhúsanna

Yfir vetrartímann standa Menningarhúsin sameiginlega að fastri, þriðjætti viðburðadagskrá sem húsin skiptast á að skipuleggja og halda utan um. Á hádeginu á miðvikudögum er viðburðaliðurinn Menning á miðvikudögum á dagskrá, þar sem boðið er upp á fjölbreytt fræðsluerindi og afþreyingu. Eftir hádegi á laugardögum býðst fjölskyldum að taka þátt í ýmis konar skapandi smíðjum og verkefnum undir liðnum Fjölskyldustundir á laugardögum. Að auki tóku Menningarhúsin á síðasta ári upp, eftir fyrirmynd frá bókasafninu, viðburðaliðinn Foreldramorgna þar sem nýbakaðir foreldrar fá notið fræðandi erinda eða rólegra samverustunda með börnum sínum og öðrum foreldrum.

Eins og gefur að skilja markaðist öll framangreind viðburðadagskrá af lokunum og fjöldatakmörkunum tengdum Covid-19 en heildarfjöldi gesta á þeim viðburðum sem Náttúrufræðistofan náði að halda undir þessum dagskrárlíðum var samtals 759 á árinu 2020; 108 í Menningu á miðvikudögum (fjórir viðburðir), 643 á Fjölskyldustundum á laugardögum (sex viðburðir) og 8 á Foreldramorgnum (einn viðburður). Var þetta töliverð fækkun frá fyrra ári.

Til að bregðast við ástandinu var sameiginlegri streymisviðburðaröð Menningarhúsanna, Kúltúr klukkan 13, hleypt af stokkunum um vorið. Viðburðirnir mæltust vel fyrir en þeim var einnig streymt á heimasíðu Stundarinnar og fengu gott streymisáhorf. Menningarhúsin skiptust á að skipuleggja og halda utan um viðburðina en Náttúrufræðistofan fékk Sævar Helga Bragason vísindamiðlara til samstarfs um verkefnið. Sævar sá um þáttastjórnun og fékk þrjá vísindamenn til sín í fjölbreytt spjall um nokkur mikilvægustu málefni samtímans. Rætt var við Elinu Björk Jónasdóttur veðurfræðing um loftslags- og loftgæðamál auk veðurs og veira, Stefán Ragnar Jónsson sameindalíffræðing um hinn fjölbreytta heim veiranna og hina margumræddu kórónaveiru og Hrönn Egilsdóttur sjávarvistfræðing um súrnun sjávar og lífríki hafsins.

## Sameiginlegar hátíðir og verkefni með Menningarhúsunum

Sem fyrr segir fór Safnanótt fram þann 7. febrúar og að venju tók Náttúrufræðistofan þátt í sameiginlegri dagskrá með hinum Menningarhúsunum. Sex viðburðir voru í boði hjá stofunni:

- Hvað er í kassanum? Þrautaleikur.
- Náttúran heim í stofu. Sýning.
- Óhræsið. Sýning og teiknismiðja.
- Býr í þér kvikmyndagerðarmaður? Náttúrulífsmýndagerð.
- Heimkynni. Stutt sýningarleiðsögn.
- Íslenskar náttúrulífsmýndir. Fyrirlestur Magnúsar Magnússonar.

Heldur færri sóttu Náttúrufræðistofu heim á Safnanótt þetta árið en árið á undan, eða 560 manns á móti 800 árið 2019. Líklega hafði slæmt veður þarna þó nokkuð um að segja.

Að venju var sameiginleg dagskrá í Menningarhúsunum fyrir skólabörn meðan á vetrarfrii grunnskólanna í Kópavogi stóð dagana 5.-6. mars. Þar bauð Náttúrufræðistofan upp á tvo viðburði; klippismiðjuna Hver býr hvar?, þar sem sem litið var til heimkynna dýra og plantna og Völundarhússgátu Náttúrufræðistofu þar sem visbendinga er leitað í sýningarsölum stofunnar og lausnarorð krossgátunnar fundið.

Til stóð að Barnamenningarhátíð færi fram vikuna 20.-25. apríl en hún féll niður, enda fyrsta bylgja Covid-19 í gangi og Menningarhúsin lokuð. Í aðdraganda hátíðarinnar náðist þó að hleypa af stokkunum fræðsluverkefni í samstarfi Náttúrufræðistofunnar og leikskólans Marbakka, sem nánar verður fjallað um síðar.

Heldur birti til í faraldursmálum yfir sumartímann og á þjóðhátíðardaginn 17. júní tóku Menningarhúsin sameiginlega þátt í lágstemmdum hátíðarhöldum á vegum Kópavogsbæjar, sem þetta árið dreifðust á fimm staði í bænum. Á útsvæði húsanna fór fram fjölbreytt fjölskyldudagskrá undir yfirskriftinni Söfnum sumri þar sem húsin buðu upp á skemmtileg og skapandi verkefni fyrir alla fjölskylduna þar sem mismunandi áherslur hvers húss fengu notið sín til fulls. Að auki mátti í samarblíðunni njóta liflegra lista- og skemmtiatriða frá hópi listafólks.

Framlag Náttúrufræðistofunnar til Söfnum sumri-verkefnisins var Náttúrubókin mín; verkefnabók með fjölda náttúrutengdra verkefna fyrir fjölskylduna að taka með sér út í sumarið. Náttúrubókinni, og Söfnum sumri-verkefninu í heild, var ætlað að skapa vettvang til útiveru og samveru þar sem fjölskyldan gæti á eigin spýtur unnið saman að fræðandi og skemmtilegum verkefnum, hægt á, gefið umhverfinu gaum og upplifað fegurðina í hinu stóra jafnt sem smáa. Hátíðardagskráin og verkefnið mæltust afar vel fyrir og svo fór að Söfnum sumri var framlengt út sumarið og hægt var að nálgast verkefnapoka í Menningarhúsunum allt fram til 20. ágúst.

Dagana 17.-21. ágúst fór árlegt sumarnámskeið Menningarhúsanna, MenningarKrakkar, fram og í ár tóku 18 börn á aldrinum 6-9 ára þátt. Að venju skiptust bókasafnið, Gerðarsafn og Náttúrufræðistofa á að skipuleggja dagskrá og verkefni fyrir námskeiðsdagana en að auki fékkst gott liðsinni við námskeiðshaldið frá samstarfsmönnum Menningarhúsanna, Sumarspirunum.



Í haustbyrjun fór aftur að syrtu í álinn varðandi Covid-19 og ljóst að ekki yrði hægt að halda Haustkarnival Menningarhúsanna í óbreyttri mynd. Í staðinn var þann 5. september boðið upp á viðburðinn Heilsum hausti þar sem áhersla var lögð á kynningu á nýttkomnu timariti Menningarhúsanna og sameiginlegri haustdagskrá húsanna. Náttúrufræðistofan setti upp kynningarbás í anddyri stofunnar þar sem m.a. var hægt að nálgast Náttúrubókina og fleiri verkefni, auk dagskrárupplýsinga.

Pegar komið var fram í október höfðu Menningarhúsin lokað á ný, enda þriðja bylgja Covid-19 hafin fyrir nokkru. Hefðbundinni dagskrá í tengslum við haustfri grunnskólanna í Kópavogi dagana 26.-27. október var því breytt í netviðburðinn og ljósmyndamarabónið Söfnum hausti, þar sem þátttakendur gátu m.a. deilt þrautamyndunum sínum á Instagram undir myllumerkinu #söfnumhausti og jafnvel átt von á vinningi.

Aðventuhátið Kópavogs var einnig breytt í netviðburð þetta árið og úr varð Aðventudagatal Menningarhúsanna. Um var að ræða fjölbreytt, skemmtilegt og öðruvisi verkefni þar sem m.a. mátti finna sparilega aðventugjörninga, jólalög frá ýmsum heimshornum, ljóð, sögur og hugmyndir að skapandi samverustundum. Húsin deildu dagatalsdögunum 24 á milli sín og útbjó Náttúrufræðistofan verkefni í fimm glugga.

Alls tóku 1.903 gestir þátt í ofangreindum hátiðum og verkefnum sem Náttúrufræðistofan var hluti af, en ekki var hægt að mæla þátttöku í netviðburðunum Söfnum hausti og Aðventudagatali Menningarhúsanna.

## SAFNHEIMSÓKNIR OG FRÆDSLUPERKEFNI

### Skóla- og fristundahópar

Móttaka skólahópa sem koma í almennar safnheimsóknir á Náttúrufræðistofuna er veigamikill þáttur í starfsemi stofunnar. Skráning hópanna tekur annars vegar mið af því skólastigi sem þeir tilheyra og hins vegar því hvort um er að ræða hópa sem óska eftir leiðsögn um safnið eða eru á eigin vegum í heimsókn. Auk aldursflokkanar tekur skráningarskilgreiningin því einnig mið af þeirri þjónustu sem starfsmenn Náttúrufræðistofunnar veita hverjum hópi. Til viðbótar eru þeir fjölmörgu fristunda- og leikjanámskeiðahópar sem venjulega heimsækja safnið yfir sumartímamann skráðir sérstaklega, enda falla þeir utan venjulegs skólastarfs og ekki hefur verið boðið upp á leiðsagnarþjónustu fyrir þá. Framangreind skilgreining skerpir á þeirri skráningaflokkun sem hingað til hefur verið stuðst við á Náttúrufræðistofunni og breytir henni jafnframt litillega. Þær samtölur sem fylgja hér á eftir taka mið af þessu og skyldi hafa það í huga ef þær eru bornar saman við samtölur sem birst hafa í fyrri ársskýrslum.

Árið 2020 komu alls 2.369 gestir í 110 hópum í safnheimsóknir á Náttúrufræðistofuna eða tóku þátt í fræðsluverkefnum á hennar vegum. Sundurliðun þessa heildarfjölda er eftirfarandi:

- Skólahópar í safnheimsóknum eða fræðsluverkefnum alls (öll skólastig): 1.746 gestir í 85 hópum.
  - Þar af skólahópar í safnheimsóknum með leiðsögn (öll skólastig): 967 nemendur í 60 hópum.
  - Þar af skólahópar á eigin vegum í safnheimsóknum, án leiðsagnar (öll skólastig): 436 nemendur í 16 hópum.
  - Þar af skólahópar í skipulögðum fræðsluverkefnum undir hatti Menningar fyrir alla (öll skólastig): 343 nemendur í 9 hópum.
- Fristunda- og leikjanámskeiðahópar á eigin vegum í safnheimsóknum, án leiðsagnar: 623 gestir í 25 hópum.

Framangreindar samtölur sýna rúmlega helmings fækkun frá fyrra ári, en árið 2019 komu alls 4.063 nemendur í 163 hópum frá öllum skólastigum í safnheimsóknir á Náttúrufræðistofuna, með eða án leiðsagnar, eða tóku þátt í fræðsluverkefnum á vegum stofunnar.

Líkt og fyrri ár koma flestir skólahópanna úr leik- og grunnskólum Kópavogs en að jafnaði koma einnig margir hópar úr skólum nággranna-sveitarfélaganna. Í ár kom einn háskólahópur með sex nemum í heimsókn þar sem fjallað var um vöktun á vatnsgæðum hér á landi. Að auki hefur það verið fastur liður hjá nokkrum framhaldsskólum að nemendur leysa verkefni frá skólakennara á safninu. Nemendur fá þá gjarnan stimpil stofunnar á verkefnið sem staðfestir að það hafi verið unnið á safninu.

### Fræðsluverkefni

Undir hatti Menningar fyrir alla; sameiginlegar fræðsludagskrár Menningarhúsanna, hafði metnaðarfull dagskrá þriggja langtíma fræðsluverkefna Náttúrufræðistofunnar verið skipulögð fyrir árið 2020:

- Ljóðadýr/Dýraljóð. Fyrir nemendur 4. bekkja (í samstarfi við bókasafnið).
- SKÚLPTÚR í samtímanum/SKÚLPTÚR í náttúrunni. Fyrir nemendur 6. bekkja (í samstarfi við Gerðarsafn).
- Komdu kisa mín: Af jólakettinum og öðrum kattategundum. Fyrir leikskólabörn (í samstarfi við bókasafnið).

Sökum aðstæðna náðist einugnis að bjóða upp á eitt framan- greindra verkefna, en frá miðjum janúar til marsbyrjunar komu 343 nemendur í 9 hópum í fræðsluheimsókn vegna verkefnisins Ljóðadýr/Dýraljóð, þar sem náttúrufræði og ljóðlist voru tengd saman á skemmtilegan og frumlegan hátt með það að markmiði að kveikja áhuga nemenda á umhverfi sinu og ljóðum.

Venju samkvæmt hófst undirbúningur fyrir Barnamenningar- hátið snemma árs en með vorinu var orðið ljóst að ekkert yrði af henni sökum aðstæðna. Áður höfðu Náttúrufræðistofan og leikskólinn Marbakki þó tekið höndum saman um fræðsluverkefni byggt á sögunni um Ronju ræningjadóttur. Verkefnið fékk heitið Ronja: Umhverfi og ævintýraverur og í því var sjónum beint að náttúrunni og umhverfinu í sögunni um Ronju, auk dýra og skógarvera sem þar koma fram. Verkefninu var ætlað að fléttast inn í alþjóðlega samstarfsverkefnið Vatnsdropann, sem Menningarhúsin eru hluti af, en vegna lokana og samkomutakmarkana náðist einungis að bjóða í eina fræðsluheimsókn áður en slá þurfti því á frest.

## RANNSÓKNARSTARF

### *Vöktun Umhverfisstofnunar á grundvelli vatnatilskipunar Evrópusambandsins*

Árið 2019 hófst vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar á grundvelli vatnatilskipunar Evrópusambandsins með sýnatökum til mælinga á s.k. forgangsefnum, en það er allstór hópur mengandi efna frá margháttaðri starfsemi mannsins sem geta safnast upp í umhverfinu og verið því skaðleg. Ætlunin er að vakta þessi efni á sex ára fresti og hófst vöktunin árið 2019 en tekin eru sýni mánaðarlega í eitt ár og lauk sýnatökum í byrjun ársins 2020. Náttúrufræðistofan kom að umsjón með sýnatökum úr Þingvallavatni, Reykjavíkurtjörn, Elliðaárvgi og Kópavogslæk, en eftir að vöktunin hófst bættist Kópavogslækur við sem sýnatökustaður úr straumvatni sem er undir álagi frá byggð. Árið 2020 fór einnig fram fyrsti hluti vöktunar á kranspörungum í Þingvallavatni en hún er á sama grundvelli og er ætlunin að vakta þessa þörungum á þriggja ára fresti. Kranspörungar eru taldir geta brugðist við aðstæðum eins og minnkuðu sjöndýpi í vatninu og þar með óbeint auknu álagi næringarefna á það. Einnig hófst vöktun á laxfiskastofnum Þingvallavatns á árinu en sú vöktun er í höndum Hafrannsóknastofnunar. Á árinu 2021 er svo áætlað að vöktun á samfélögum smádyra á strandbotni hefjist.

### *Þingvallavatn*

Frá árinu 2007 hefur vöktunarverkefni á lifríki, efna- og eðlisfræði Þingvallavatns verið hryggjarstykki í rannsóknarstarfi Náttúrufræðistofnunar. Verkefnið er unnið á grundvelli samstarfs Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, Þingvallabjóðgarðs, Bláskógabyggðar og Grimsness- og Grafningshrepps en hann kom formlega inn í samstarfið á árið 2019.

Meginmarkmið vöktunarinnar er að kortleggja ástand og fylgjast með breytingum sem kunna að verða á lifríki og efna- og eðlisþáttum í vatnsbol Þingvallavatns vegna hugsanlegra

álagsþátta, þ.á m. vegna mengunar og hlýnandi loftslags. Í verkefninu er vatnsbolur Þingvallavatns notaður sem metill á almennt ástand vatnsins þar sem sýnatökur og úrvinnsla eru einfaldari en úr öðrum búsvæðum. Í rannsóknum Náttúrufræðistofnunar er fylgst með magni þörungum og smádyra í svifi, sem og ástandi hrygningarstofns murtunnar. Einnig eru mældar umhverfisbreytur á borð við vatns- hita, sýrustig, sjöndýpi og rafleiðni. Hafrannsóknastofnun hefur umsjón með mælingum á næringarefnum í innrennsli og útfalli vatnsins og tók á árinu við mælingum í vatnsbol vatnsins. Þá hefur Náttúrufræðistofan verið í samstarfi við Gunnar Stein Jónsson þörungafraeðing um beinar athuganir á svifþörungum og hafa þær styrkt verkefnið ómetanlega.

Auk venjubundinna gagnaskýrslna komu á árinu út þrjár greinar í timaritinu Náttúrufræðingurinn þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum vöktunarinnar, en af þeim voru tvær á vegum Náttúrufræðistofnunar: Í annari greininni er fjallað um svifdyr (krabba- og þyrildyr í svifi eða vatnsbol vatnsins) og tengingu á afkomu þeirra við umhverfisþætti yfir 10 ára tímabil árin 2007-2016. Í hinni fjalla starfsmenn Náttúrufræðistofu ásamt Hilmar J. Malmquist, forstöðumanni Náttúruminjasafns Íslands, um þróun vatnshitans og hlýnun vatnsins yfir 55 ára tímabil. Þá gera Eydis Salóme Eiríksdóttir hjá Hafrannsóknastofnun og Sigurður Reynir Gíslason hjá Jarðvísindastofnun HÍ grein fyrir vöktun á efnafræði vatnsins frá 2007-2014 í sér grein. Að auki eru í þessu hefti Náttúrufræðingsins fleiri greinar um rannsóknir á svæðinu en heftið var þemahefti um Þingvallasvæðið og tileinkað Dr. Pétri M. Jónassyni, vatnalíffraeðingi, í tilefni 100 ára afmælis hans árið 2020.

### *Þingvallavatn - strandbotn*

Á árunum 2017-2019 fengust styrkir úr Verkefnasjóði Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til sýnatöku og úrvinnslu á sýnum af strandbotni Þingvallavatns sem tekin voru 2017 og 2018. Tilgangurinn er að gera samanburð á lifríki þessa búsvæðis nú, við rannsóknir sem gerðar voru á áttunda og niunda áratug síðustu aldar. Tekin voru sýni á þremur dýptarsniðum og sex mismunandi dýpum, þeim sömu og sýni voru tekin á í rannsóknum á árunum 1974-1978. Á árinu var lokið við úrvinnslu allra sýna sem tekin voru 2017 en vonast er til að hægt verði að vinna a.m.k. hluta sýna frá 2018. Með þessu fæst góður viðmiðunargrunnur fyrir komandi vöktunarrannsóknir Umhverfisstofnunar.

### *Elliðaár*

Frá árinu 2011 hefur Náttúrufræðistofan séð um vöktun á smádýrum á botni Elliðaáanna. Er það gert samkvæmt samningi við Stangaveiðifélag Reykjavíkur, en félagið hefur umsjón með ánum fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að fylgjast með ástandi vistkerfisins í gegnum samfélög hryggleysingja í vatnakerfinu. Þannig er stuðlað að því að hægt sé að átta sig á og bregðast við utanaðkomandi álagi og þar með verndun þessarar laxveiði- og útivistarperlu innan borgarmarkanna. Niðurstöðum var skilað í skýrslum til Stangaveiðifélagsins, bæði fyrir árin 2018 og 2019. Að jafnaði tekur um ár að vinna úr sýnum og koma út skýrslu en vegna Covid-19 heimsfaraldursins var lagður meiri þungi í að klára þessa úrvinnslu.

### *Reykjavikurtjörn*

Áframhald hefur verið á vöktun á lífríki Reykjavikurtjarnar sem hófst með rannsókn sem gerð var árin 2015 og 2016. Tekin hafa verið sýni af hornsílum og krabba- og þyrildýrum sem finnast í tjörnum Vatnsmýrarinnar en einnig felst í þessari vöktun könnun á útbreiðslu og tegundasamsetningu gróðurs. Fyrirséð er að áframhald verði á þessari vöktun árið 2021. Miklar breytingar hafa orðið síðustu ár á lífríki Tjarnarinnar þar sem gróður hefur aukist mikið og því hefur fylgt aukinn fjöldi hornsíla. Einnig virðast sumir fuglastofnar hafa náð vissum botni í ungaframleiðslu og vonast er til að þeir fari að rétta úr kútnum.

### *Vöktun snefilefna í Þingvallavatni*

Síðan árið 1994 hefur Náttúrufræðistofan tekið þátt í vöktun á snefilmálmum í Þingvallavatni en vöktunin tengist rekstri Nesjavallavirkjunar. Þessi vöktun er gerð að beiðni Orku náttúrunnar og í samræmi við starfsleyfi fyrir Nesjavallavirkjun. Verkefnið felst í því að á fimm ára fresti eru tekin sýni af botnseti, sniglum, vatnablöntunni síkjamara og úr bleikjum (dvergbleikju) til mælingar á magni valinna

snefilmálma. Þeir geta átt uppruna að rekja til jarðgufunnar og geta borist með þéttivatni út í grunnvatn Þingvallasvæðisins og Þingvallavatn og þar verið teknir upp af lifverum. Fylgst hefur verið með magni þessara málma með sýnatökum á svæðum við Varmagjá sem tengjast Nesjavöllum, og á viðmiðunarstað við Miðfell. Núna mældist kopar í örlítið hærri styrk á áhrifastað en þau efni sem helst valda áhyggjum; arsen, blý, kadmium og kvikasilfur, virðast vel innan allra marka.

### *Ráðgjöf vegna rannsókna á Melrakkaslétu*

Á árinu 2019 kom Náttúrufræðistofan að ráðgjöf vegna áætlunar um vöktun á vistkerfum norðurslóða á vegum CAFF-samstarfsins (Conservation of Arctic Flora and Fauna) sem Ísland á aðild að. Á eyðibylinu Rífi á Melrakkaslétu hefur verið starfrækt rannsóknarstöð frá árinu 2014 sem beinir sjónum að þessum vistkerfum sem umlykja stöðina. Sýnataka fór af stað á árinu en Náttúrufræðistofan á ekki enn aðkomu að úrvinnslu sýna. Svipaðar sýnatökur munu fara, eða eru jafnvel farnar af stað, víðar í kring um norðurhvel jarðar.

### *Ráðgjöf vegna BREEAM vottunar*

Á árinu var leitað til Náttúrufræðistofunnar í sambandi við BREEAM vottun vegna vinnu við deiliskipulag á reit í kring um Orkuhúsið, Suðurlandsbraut 24. Í kjölfarið var gert vistfræðimat á reitnum og unnin vistfræðistefna sem hafði þann tilgang að meta vistfræðileg áhrif framkvæmdanna, finna leiðir til að draga úr þeim og tiltaka mótvægisáðgerðir gagnvart fyrirsjáanlegum skaða.



## HELSTU VERKEFNI 2021

### *Pjónusta*

Pjónusta Náttúrufræðistofunnar er í formi sýningarhalds og fræðslu um náttúru Íslands fyrir nemendur, kennara og almennig. Frá upphafi hefur verið tekið á móti gestahópum í skipulögðum heimsóknum og þeim veitt leiðsögn um safnið. Leiðsagnir eru í höndum starfsmanna stofunnar og eru það einkum skólahópar af öllum skólastigum sem sækja í þessa þjónustu, líkt og að framan greinir. Spurnir hafa borist af því að grunnskólakennara kunnir að vanta stuðning við kennslu í náttúrufræðum. Hugað verður að því á komandi árum hvernig Náttúrufræðistofan getur komið þar að málum. Að undirlagi lýðheilsufulltrúa Kópavogs, Önnu Elisabetar Ólafsdóttur, er farin af stað vinna við gerð námsefnis til stuðnings útikennslu í Kópavogi. Byggt er á bókinni Þar á ég heima: Náms efni um náttúru Kópavogs sem kom út árið 1990 og fjallar um staði í Kópavogi sem hægt er að nýta til rannsókna og útikennslu fyrir nemendur. Líkt og á síðasta ári voru uppi áætlanir um margvísleg fræðsluverkefni, oft í samvinnu við Menningarhúsin, en Covid-19 faraldurinn setti mjög strik í allar þessar áætlanir. Þá hefur Náttúrufræðistofan um árabil tekið að sér greiningu á skordýrum og öðrum náttúrufræðilegum fyrirbærum. Almennigur hefur nýtt sér þessa þjónustu í nokkrum mæli, ásamt því að fá ráðgjöf um viðbrögð sé um meindýr að ræða. Einnig koma meindýraeyðar gjarna með efnivið til greiningar.

### *Viðburðir, fræðsla og sýningarhald*

Sem fyrr leggur Náttúrufræðistofan áherslu á metnaðarfullt fræðslustarf auk viðburða- og sýningahalds þar sem margvíslegum fróðleik um náttúru Íslands er miðlað til nemenda og almennings á spennandi og lifandi hátt. Með tilkomu nýrrar starfslýsingar og breytingu á stöðugildi yfirmáttúrufræðings í verkefnastjóra viðburða og fræðslu á árinu 2019 hefur áhersla aukist á þennan hluta í starfsemi stofunnar. Fræðsluhluta af starfsemi stofunnar hefur því vaxið mjög fiskur um hrygg síðustu misserin og kemur þar m.a. til aukid samstarf við Menningarhúsin og aukning í sameiginlegri viðburða- og fræðsludagskrá húsanna.

### *Rannsóknarstarf*

Rannsóknarstarfið skiptist í tvennt. Annars vegar vöktunarverkefni sem eru til lengri tíma og svo hins vegar tilfallandi úttektir og rannsóknarverkefni sem oft eru í tengslum við tiltekna framkvæmdir. Vöktunarverkefni eru þrjú sem í gangi eru en þau tengjast Þingvallavatni, Elliðaám og Reykjavíkurtjörn og þar hafa verið árlegar sýnatökur. Nýtt vöktunarverkefni hófst árið 2019 og er unnið fyrir Umhverfisstofnun á grundvelli vatnatilskipunar Evrópusambandsins. Þar koma til verkefni á næstu árum sem verða á nokkurra ára fresti en Náttúrufræðistofan tengist helst vöktun Þingvallavatns.

## *Markaðs- og kynningarmál*


Náttúrufræðistofan stefnir á að auka sýnileika, fræðslu og upplýsingagjöf á samfélagsmiðlum og heimasíðu í samstarfi við kynningar- og markaðsstjóra Menningarhúsanna, m.a. með meiri nýtingu samfélagsmiðla.

### *Framtíðarsýn*


Meginframtíðarsýn Náttúrufræðistofu Kópavogs er áframhaldandi miðlun á fróðleik um náttúru Íslands til almennings og skólaæsku. Mikilvægi þess að allir hafi grunnþekkingu á umhverfi sínu og samspili lífvera og umhverfis ætti að vera óumdeilt, enda stuðlar slík þekking að skynsamlegri umgengni og nýtingu náttúrugæða. Á Náttúrufræðistofu eru einnig skapaðar aðstæður fyrir kennara á mismunandi skólastigum til að koma námsefni til nemenda á spennandi hátt. Á árinu 2021 er svo ætlunin að fara með markvissum hætti með fræðslu um loftslagsmál út í elsta árgang grunnskóla Kópavogs í samvinnu við skólana og Sævar Helga Bragason visindamiðlara.

## LYKILTÖLUR 2020

### GESTIR ALLS



### FJÖLDI VIÐBURÐA



LYKILTÖLUR	Fjöldi viðburða 2019	Gestafjöldi 2019	Fjöldi viðburða 2020	Gestafjöldi 2020	Streymis-áhorf 2020
Gestir á Náttúrufræðistofu		26.243		12.465	
Viðburðir á Náttúrufræðistofu	38	5.437	37	7.268	33.157
- þar af sérviðburðir Náttúrufræðistofu	8	967	5	255	
- þar af syningar á Náttúrufræðistofu			5	4.351	
- þar af viðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi*	30	4.470	27	2.662	33.157
Safnheimsóknir hópa og þátttaka í fræðsluverkefnum	163	4.063	110	2.369	
- þar af skólahópar með eða án leiðsagnar (öll skólastig)	135	3.440	76	1.403	
- þar af fristunda- og leikjanámskeiðahópar án leiðsagnar			25	623	
- þar af Menning fyrir alla	28	623	9	343	
		Fjöldi 2019		Fjöldi 2020	
Útgefin verk		4		8	
Safnkostur		7.000		7.000	

\* Fjölskyldustundir á laugardögum, Menning á miðvikudögum, Foreldramorgnar, allar hátíðir, Kúltúr klukkan 13 og Aðventudagatal.

FJÁRMÁL 2019 -2020 OG ÁÆTLUN 2021	2019 i þús. kr.	2020 i þús. kr.	2021 i þús. kr.
Tekjur			
<i>Rekstrartekjur</i>	20.480	28.221	16.167
Gjöld			
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	59.807	61.520	58.677
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	34.962	43.240	31.206
Rekstrarniðurstaða	74.289	76.539	73.717



## Stofnanir sviðsins

## SALURINN

## HLUTVERK

Meginhlutverk Salarins er að auðga tónlistarlíf í Kópavogi og efla almennan áhuga og þekkingu á tónlist meðal annars með fjölbreyttu tónleikahaldi. Einnig að eiga sem farsælast samstarf við þá aðila sem vinna að skyldum markmiðum, einkum við höfunda og flytjendur tónlistar, einstaklinga, hópa, stofnanir og fyrirtæki.

## LEIÐARLJÓÐ

Leiðarljóð Salarins, sem eitt flaggskipa Kópavogsbæjar, er að vera miðstöð tónlistar þar sem allir samfélagshópar eru velkomnir. Hlúð sé að tónlistarmönnum, tónlistarflutningi og nýsköpun í tónlist þannig að börn, unglingar og fullorðnir liti á Salinn sem stað sem gaman sé að heimsækja til að upplifa góðar stundir.

## MARKMIÐ

Stefnan er tekin á að:

- Bjóða upp á metnaðarfullar tónleikaraðir með afburða tónlistarmönnum.
- Bjóða upp á tónleikahald við bestu aðstæður þar sem allur aðbúnaður er til fyrirmyndar fyrir tónlistarmenn, starfsfólk og tónleikagesti.
- Efla barna- og fræðslustarf svo að húsið verði lifandi stofnun í samfélaginu og ali um leið upp næstu kynslóðir tónlistarunnenda.
- Stuðla að frumsköpun í tónverkagerð.
- Ná til sem breiðasta hóps samfélagsins.

## STARFSEMI 2020

## Opnunartími

Miðasala Salarins er opin þriðjudaga til fimmtudaga kl. 12:00-16:00 og klukkutíma fyrir viðburð. Skrifstofan er opin alla virka daga kl. 10:00-17:00.

## Þjónusta

Riflega tólf þúsund gestir sóttu Salinn heim á 99 viðburði á árinu 2020. Starfsmenn Salarins leitast við að veita samstarfsfólki Salarins, hvort heldur um tónlistarmenn, tónleikahaldara, ráðstefnuhaldara eða tónleikagesti er að ræða, góða og persónulega þjónustu.

## Starfsmannamál

Þrjú föst stöðugildi eru í Salnum sem eru forstöðumaður, tæknimaður og móttökuritari auk þess sem átta tímastarfsmenn starfa í miðasölu og veitingasölu í kringum viðburði.

## HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Árið 2020 var nýtt til endurbóta, endurnýjunar og skipulagningar á tæknibúnaði og í húsnæði Salarins á meðan óheimilt var að halda viðburði vegna Covid-19.

Að undangenginni verðkönnun var gengið til samninga við EXTON ehf. um nýtt Meyer hátalarakerfi fyrir Salinn og var í framhaldinu kerfinu skipt út fyrir það gamla. Var þar með tekið fyrsta skrefið í endurnýjun hljóðbúnaðar Salarins sem heldur áfram fram á næsta ár.

Farið var í gagngerar endurbætur og endurstillingu á ljósakerfi hússins og þar með kláruð vinna við endurnýjun ljósabúnaðar sem hófst árið 2018. Mynd- og dreifibúnaður var endurstilltur og endurnýjaður að hluta. Hátalarakerfi í forsal var lagað og tveir mótórar teknir í gegn í loftræstikerfinu. Keyptur var 75" skjár fyrir fyrirlestra og fundi í forsalnum, auk þess sem nýtt aðgangstýrikerfi var tekið í notkun í Salnum. Geymslurými baksviðs var endurskipulagt og Sigmenn ehf. tóku að sér þríf á hljóðskermum, ljósarám og loftskermum í Salnum.

Vinna við endurnýjun á ljósum í áhorfendasal og á ljósabúnaði og stýringum í forsal hélt áfram frá fyrra ári. Hönnun er í höndum Arnars Leifssonar hjá Rafmiðlun.

Fyrstu skref voru tekin með eignarsviði Kópavogsbæjar að endurnýja skápa og hurð á bar.

## SAMSKIPTI

Kynningarmál í Salnum voru unnin í samvinnu við kynningar- og markaðsstjóra menningarmála í Kópavogi og hafin endurskoðun á framsetningu kynningarefnis Salarins sem og endurhönnun á heimsíðunni. Auglýsingaborði með dagskrá Salarins var á stundin.is sem og heilsíðu auglýsingar í prentuðu blaði Stundarinnar. Eins voru samlesnar auglýsingar hjá Ríkisútvarpinu nýttar fyrir tónleika. Leitast var við að fá umfjöllun í blöðum sem og útvarpsviðtöl. Gefnir voru út bæklingar með dagskrá Tíbrá tónleikaraðarinnar sem og veglegur bæklingur fyrir tónleikaröðina Beethoven í 250 ár. Vetrardagskráin var sem fyrr kynnt með heilsíðu auglýsingum í Kópavogsblöðunum.

Samfélagsmiðlar voru áfram nýttir til að ná til fólks sem og markpóstar á póstlista Salarins.

## TÓNLEIKAHALD, VIÐBURÐIR OG ÖNNUR VERKEFNI

Tuttugasta og fyrsta starfsár Salarins var markað af heimsfaraldrinum Covid-19. Reynt var að halda fyrirhugaða viðburði eftir megni en árið einkenndist þó helst af frestun viðburða og viðburðahaldi með verulegum takmörkunum. Nýjungar litu ljós í streymisviðburðum og upptökum. Ekkert jafnast þó á við tónleika með áhorfendum í Sal.

### Tíbrá tónleikaröð Salarins

Auglýst var í fimmta sinn eftir umsóknum í Tíbrá tónleikaröðinni í byrjun janúar 2020 og rann umsóknarfrestur út 5. febrúar 2020. Fjörutíu og átta umsóknir bárust frá fjörutíu og fimm einstaklingum. Forstöðumaður Salarins og verkefnastjóri menningarmála hjá Kópavogsbæ mátu og afgangi umsóknirnar.

Við val á tónleikum var áfram gætt að því að bjóða upp á fjölbreytta tónleika hvað varðar efnistöð og hljóðfæri og leitast við að gefa ungum og efnilegum tónlistarmönnum tækifæri sem og að bjóða upp á tónleika með reyndari tónlistarmönnum og hópum.

Tíu tónleikar voru fyrirhugaðir í Tíbrá tónleikaröðinni árið 2020. Aðeins var unnt að halda þrenna tónleika um vorið og tvenna um haustið vegna samkomutakmarkana. Tvennum Tíbrá tónleikum var streymt á vormánuðum í streymisdagskrá Menningarhúsa Kópavogs, Kúltúr klukkan 13 en þrennir tónleikar frestast til ársins 2021. Tuttugu og sjö tónlistarmenn komu fram í Tíbrá tónleikaröðinni árið 2020 að streymistónleikunum meðtöldum.

Þriðjudagar kl. 19:30 eru fastir tónleikatimar fyrir Tíbrá tónleikaröðina. Boðið var upp á sófaspjall við tónlistarmenn og tónleikakynningu fyrir valda tónleika kl. 18:30.

Annað árið í röð var Tíbrá boðin í áskrift þannig að ef keyptir voru miðar á alla tónleika vetrarins 2020-21 fékkst 50% afsláttur af miðaverði. Þannig var fram haldið að byggja upp fastan kjarna tónleikagesta á alla tónleika vetrarins. 55% áskrifenda veturinn á undan endurnýjuðu áskriftina vorið 2020 og sala áskriftarkorta jókst um 45% á milli ára.

### 28/01 Barokk og baðstofan í upphafi þorra

Eyjólfur Eyjólfsson, söngur, langspil, flautur og slagverk, Björk Nielsdóttir, söngur, langspil og slagverk og Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir, söngur og barokkselló.

*Sófaspjall við listamenn í umsjón Arndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur var fyrir tónleikana kl. 18:30 í fordyri Salarins.*

### 11/02 Eylönd með Umbru

Alexandra Kjeld, kontrabassi og söngur, Arngerður María Árnadóttir, keltnesk harpa, harmónium og söngur, Guðbjörg Hlin Guðmundsdóttir, fiðla og söngur og Lilja Dögg Gunnarsdóttir, söngur, slagverk og flautur.

*Sófaspjall við listamenn í umsjón Arndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur var fyrir tónleikana kl. 18:30 í fordyri Salarins.*

### 25/02 Kraftmikill kabarett og tælandi tangó

Guja Sandholt, mezzósópran, Geirprúður Ása Guðjónsdóttir, fiðla og Eva Þyri Hilmarsdóttir, píanó.

*Tónleikakynning í umsjón Friðriks Margrétar-Guðmundssonar var fyrir tónleikana kl. 18:30 í fordyri Salarins.*

### 10/04 Kordo kvartettinn - Streymistónleikar

Páll Palomares, fiðla, Vera Panitch, fiðla, Þórarinn Már Baldursson, lágfíðla og Hrafnkell Orri Egilsson, selló.

### 15/09 Fáheyrðir franskir draumar

Melkorka Ólafsdóttir, flauta, Katie Buckley, harpa, Steiney Sigurðardóttir, selló, Þóra Einarsdóttir, sópran, Guðrún Dalia Salómonsóttir, píanó og selesta, Haraldur Jónsson, lesari, Björg Brjánsdóttir, flauta og Elisabet Waage, harpa.

*Tónleikakynning í umsjón Friðriks Margrétar-Guðmundssonar var fyrir tónleikana kl. 18:30 í fordyri Salarins.*

### 29/09 Förumaður

Oddur Arnþór Jónsson, baritón og Hrönn Þráinsdóttir, píanó.



## PULS verkefni Norræna menningarsjóðsins

Salurinn er hluti af samstarfsneti Norræna menningarsjóðsins PULS til ársins 2021. Salurinn hlýtur árlega styrk til þess að bjóða norrænum tónlistarmönnum til landsins og kynna tónlist þeirra fyrir Íslendingum. Salurinn gengur um leið inn í tengslanet norrænna tónleikahaldara sem funda árlega og efla þannig samstarf milli viðburðahaldara á Norðurlöndunum. Enginn fundur var haldinn hjá tengslanetinu á árinu.

Ekki varð af tónleikum árið 2020 vegna Covid-19 heimsfaraldursins sem gerði norrænum tónlistarmönnum illmögulegt að komast til landsins. Frestast tónleikarnir því til ársins 2021.

## Sumarjazz í Salnum

Annað árið í röð styrkti lista- og menningarráð Salinn um jazz-tónleikaröð í forsal Salarins yfir sumarmánuðina. Sex tónleikar voru fyrirhugaðir en einir féllu niður vegna óviðráðanlegra aðtæðna. Sextán tónlistarmenn komu fram á fimm klukku-stundarlöngum tónleikum.

Markmiðið var að bjóða upp á gæða jazztónleika og að skapa jazzklúbbastemningu í Salnum þar sem fólk getur notið tónlistar í fallegu umhverfi í lok vinnudags. Við val á tónleikum var litið til þess að bjóða upp á tónleika með tónlistarmönnum sem ekki hefðu komið fram nýlega og myndu ekki vera með sömu tónleika í boði annars staðar yfir sumarið. Eins var óskað eftir nýju efni í bland við gamalt. Kontrabassaleikarinn Jón Rafnsson var forstöðumanni Salarins til ráðgjafar við val á dagskrá Sumarjazz í Salnum.

Sumarjazz í Salnum sló rækilega í gegn og var fullt út að dyrum á öllum tónleikum. Landsmenn virtust vera orðnir tónleikaþyrstir eftir nánast þriggja mánaða tónleikaþurrð. Tónlistinni var jafnframt varpað út þannig að gestir og gangandi gætu notið tónanna. Í góðu veðri sátu tónleikagestir inni sem og úti og nutu frábærra jazztóna.

Á síðustu tónleikum voru komnar fjöldatakmörkanir og voru þá tónleikagestir beðnir um að sækja sér boðsmíða á tónleikana á heimasíðu Salarins.

- 11/06 Margrét Eir**  
Margrét Eir, söngur, Karl Olgeirsson, pianó og Jón Rafnsson, bassi.
- 25/06 Trío Kristjónu Stefánsdóttur**  
Kristjana Stefánsdóttir, söngur, Ómar Guðjónsson, gítar og Þorgrimur Jónsson, kontrabassi.
- 09/07 Unnur Birna og Bjössi Thor**  
Unnur Birna Björnsdóttir, söngur og fiðla, Björn Thoroddsen, gítar og Sigurgeir Skapti Flosason, bassi.
- 23/07 Karl Orgeltrío**  
Karl Olgeirsson, orgel, Ásgeir Ásgeirsson, gítar, Ólafur Hólm, trommur og Rakel Sigurðardóttir, söngur.
- 22/08 Trío Ómars Einarssonar**  
Ómar Einarsson, gítar, Jón Rafnsson, bassi og Erik Qvick, trommur.

## Af fingrum fram

Fjórir tónlistarmenn heimsóttu Jón Ólafsson í Salinn á sex tónleikum í tónleikaröð hans Af fingrum fram. Öllum Af fingrum fram tónleikum sem áætlaðir voru frá miðjum mars og út árið var frestað til 2021 vegna fjöldatakmörkana.

- 16/01 Jónas Sigurðsson**  
& **17/01**
- 30/01 Emilíana Torrini**
- 06/02 Páll Rósinkrans**
- 13/02 Sigríður Thorlacíus**  
& **20/02**

## Jazz í Salnum

Einungis náðist að halda eina Jazz í Salnum tónleika með áhorfendum á árinu. Voru það jafnframt síðustu tónleikar vorsins í Salnum. Þá kom eldheitur kvintett frá Spáni fram sem sérhæfir sig í flamenco-jazztónlist. Listrænn stjórnandi og skipuleggjandi Jazz í Salnum og Jazz í Salnum streymir fram er sem fyrr Sunna Gunnlaugsdóttir og er tónleikaröðin styrkt af lista- og menningarráði Kópavogs.

- 10/03 Los Aurora**  
Pere Martinez, Jose Manuel Alvarez, Max Villavecchia, Javier Garabella og Joan Carles Mari.

## Jazz í Salnum streymir fram

Brugðið var á það ráð að bjóða upp á Jazz í Salnum sem streymistónleika í lok desember. Fernum tónleikum var streymt á Facebook síðu Salarins, Menningarhúsa Kópavogs og Jazz í Salnum.

- 21/12 Tendra**  
Marina Ósk Þórólfsdóttir og Mikael Máni Ásmundsson.
- 22/12 Multiverse**  
Scott McLemore, Hilmar Jensson, Andrés Þór og Nicolas Moreaux.
- 28/12 Enginn standard spuni**  
Davið Þór Jónsson og Þorleifur Gaukur Daviðsson.
- 29/12 Fagra veröld Sunnu Gunnlaugs**  
Sunna Gunnlaugs, Kristjana Stefánsdóttir, Leifur Gunnarsson og Scott McLemore.

## Streymistónleikar

Auk Tibrár tónleikanna sem streymdir voru í Kúltúr klukkan 13 og Jazz í Salnum streymir fram var eftirfarandi tónleikum streymt:

- 24/03 The Best of Eagles - Kúltúr klukkan 13**  
Jógvan Hansen, Matthias Matthiasson og Vignir Snær Vígússon
- 22/04 Hot Eskimos - Kúltúr klukkan 13**  
Björn Thoroddsen, Karl Olgeirsson og Jón Rafnsson
- 16/12 Beethoven 250 ára**  
Kordo kvartettinn: Vera Panitch, Páll Palomares, Þórarinn Már Baldursson og Hrafnkell Egilsson
- Samvinna Kordo kvartettsins, Salarins og RÚV. Hljóðupptaka flutt í Viðsjá og myndupptaka sýnd á Facebook síðu Salarins og á heimasíðu RUV.

## Jóladagatal Menningarhúsa Kópavogs

Framlag Salarins til jóladagatala menningarhúsa Kópavogs, sem kom í stað hefðbundinnar aðventuhátíðar, voru fjögur lög tekin upp í Salnum með Hildi Völu og Jóni Ólafssyni. Jón og Hildur Vala fluttu lögin: Komin allt of langt eftir Stefán Má Magnússon, Stjarnanna fjöld eftir Kristjönu Arngrímsdóttur, The Boy Who Giggled so Sweet eftir Jón Ólafsson og Emiliönu Torrini og Lát huggast barn lag Jóns Ólafssonar við texta Steins Steinarr.

## Beethoven í 250 ár

Salurinn í samstarfi við pianóleikara á Íslandi fögnuðu 250 ára afmæli Ludwigs van Beethoven með tónleikaröð þar sem til stóð að flytja allar 32 pianósónötur Beethovens á niu tónleikum. Pianósónötturnar spanna næstum alla ævi Beethovens eða árin 1795-1827 og eru hornsteinn í sköpunarverki hans. Aðeins náðist að halda tvenna tónleika í tónleikaröðinni áður en fjöldatakmörkanir voru hertar allverulega. Tónleikarnir sjö sem eftir standa flytjast til ársins 2021. Beethoven í 250 ár fékk styrk frá Lista- og menningarráði Kópavogs, Tónlistarsjóði og Tónlistarfélaginu í Reykjavík.

- 19/09 Beethoven í 250 ár | 1**  
Upptaka flutt í Salnum með Kristínu Jónínu Taylor og Bryan Stanley.
- 22/09 Beethoven í 250 ár | 2**  
Laufey Sigrún Haraldsdóttir, Sólborg Valdimarsdóttir og Aladár Racz.

## Almennir tónleikar

Á árinu fóru 33 viðburðir í sölu á miðasöluvef Salarins. Tónleikar með hljóðkerfi voru 20 talsins, 12 tónleikar án hljóðkerfis og einn viðburður annar en tónleikar. Alls seldust 5.530 miðar.

Auk ofangreindra tónleikaraða og samstarfsverkefna voru jafnframt eftirfarandi tónleikar í Salnum.

- 04/01 Afmælistónleikar Geirmundar Valtýssonar | Syngjandi sveifla og gleði**
- 26/01 Vox Domini 2020 | Söngkeppni FÍS**
- 02/02 Tónleikar Rótarý 2020**
- 14/02 Valentínusartónleikar - Komdu elskunni á óvart! | Íslenska galasveitin**
- 22/02 Söngvar um lífið | Textar Þorsteins Eggertssonar**
- 27/02 Við spilum Spilverk| Valdimar, Hildur Vala og Skafararnir - Aukatónleikar**
- 28/02 Útgáfutónleikar Gull & Grjót | Sjana Rut**
- 29/02 Die Winterreise - Vetrarferðin | Ljóðaflokkur eftir Franz Schubert og Wilhelm Müller**
- 05/03 Til heiðurs Karen Carpenter | Kristín Stefánsdóttir og vinir**
- 06/03 Bestu lög Eagles | Jógvan, Vignir og Matti**
- 07/03 Guðrún Gunnars & Cornelis Vreeswijk**
- 08/03 Galdrar - Töfrar í Salnum | Ingó Geirdal**
- 23/06 Fimmtíu plús - Afmælistónleikar**
- 25/06 Nýdönsk í Salnum & 26/06**
- 06/09 Haustklassík Ara Ólafssonar**
- 27/09 Tröllaslagur**

## Tónverk 20/21

Í byrjun árs voru tónskáldin Ásbjörg Jónsdóttir, Sigurður Árni Jónsson, Gunnar Karel Músson og María Huld Markan Sigfúsdóttir valin úr hópi sextán umsækjenda til að semja strengjakvartett fyrir Salinn.

Tónskáldin voru valin til að semja strengjakvartett sem er saminn sérstaklega með Salinn í huga og fyrir Strokkvartettinn Sigga. Verkin verða síðan flutt í Tíbrá tónleikaröð Salarins 11. maí 2021.

Markmið verkefnisins er að stuðla að frumsköpun í tónverka-gerð og að kynna íslensk tónskáld.

Í valnefnd sátu Atli Ingólfsson fyrir Salinn, Karólína Eiríksdóttir fyrir Tónskáldafélag Íslands og Una Sveinbjarnardóttir fyrir Strokkvartettinn Sigga.

Ásbjörg Jónsdóttir lauk meistaraþrófi í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands. Hún hefur breiðan tónlistarlegan bakgrunn, allt frá djasssöng til kórastarfs en hefur þroskað tónsmíðagáfu sína jafnt og þétt í eftirminnilegum kammerverkum sem sameina léttleika og ljóðrænu.

Gunnar Karel Músson lauk meistaraþrófi í tónsmíðum frá Tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn en segja má að heimspeki og leikhús eigi ekki minni skerf af honum en tónlistin. Hann hefur tekið þátt í uppsetningu fjölda leiksýninga og samið eða sniðið hljóðheim þeirra. Tónverk hans eru gjarnan eins og leiksvið þar sem hugmyndir takast á.

María Huld Markan Sigfúsdóttir gjörþekkir fiðluna sem flytjandi og hefur í nokkrum tónverkum sínum undanfarið kannað hljóðheim hennar á frumlegan hátt. Hún nam tónsmíðar við Listaháskóla Íslands og hefur mikla reynslu sem tónskáld og flytjandi. Auk kammerverka hennar, sem hafa verið tekin upp og flutt víða um heim, hefur hún samið fyrir hljómsveit og tónlist við nokkrar kvikmyndir.

Sigurður Árni Jónsson lauk meistaraþrófi bæði í tónsmíðum og hljómsveitarstjórn í Svíþjóð. Hann stjórnar Ensemble Dasein í Gautaborg og hefur rannsakað ýmis blæbrigði kammerskriftar á sannfærandi hátt, en eftir hann liggja jafnframt tvö hljómsveitarverk.

Tónverk 20/21 er styrkt af lista- og menningar-ráði Kópavogsbæjar og unnið í samvinnu við Tónverkamiðstöð.

## Hljóðverk 21/22

Í lok árs var auglýst eftir umsóknum frá tón- og hljóðskáldum í verkefnið Hljóðverk 21/22. Umsóknarfrestur rann út 15. desember og bárust tuttugu og sex umsóknir.

Að þessu sinni var óskað eftir hugmyndum að hljóðverkum sem eru innblásin af sögu og/eða samtíma hljóðheimi Kópavogs. Verkin verða svo flutt í Kópavogi veturinn 2021/22.

Samstarfsaðilar Hljóðverks 21/22 er Héraðs-skjalasafn Kópavogs, Lista- og menningarráð Kópavogs og Tónverkamiðstöð.

Í valnefnd sátu Atli Ingólfsson og Una Sveinbjarnardóttir fyrir Salinn, Karólína Eiríksdóttir fyrir Tónskáldafélag Íslands. Valnefnd sat enn að störfum í lok árs 2020.



## Sameiginleg dagskrá Menningarhúsanna í Kópavogi í Salnum

Aðeins náðust tvær Fjölskyldustundir á laugardögum í Salnum yfir árið. Í febrúar var boðið upp á barnaóperuna Konan og selshamurinn eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson og Ragnheiði Erlu Björnsdóttur. Í septemberlok var boðið upp á jazztónleikana Gunnar Helgason og Töfrahurðarhljómsveitin með þeim Gunnari Helgasyni, Leifi Gunnarssyni, Svanhildi Lóu Bergsveinsdóttur, Sunnu Gunnlaugsdóttur og Rósu Guðrúnu Sveinsdóttur.

Fjölskyldustundirnar eru liður í að efla barna- og fjölskyldustarf í Salnum. Kynna þarf ólíkar tónlistarstefnur fyrir börnum með fjölbreyttum tónleikum og eins að gefa börnum færi á að spreyta sig í smíðjum tengdum tónlistarsköpun. Aðgangur er ókeypis á allar Fjölskyldustundir.

Menning fyrir alla er annar þáttur í starfi Salarins sem snýr að tónlistaruppeldi barna en þá fá leik- og grunnskólabörn í Kópavogi tækifæri til að sækja Salinn reglulega heim á margvíslega tónleika og kynnast hinum ýmsu tónlistarstefnum.

17.-19. febrúar var 1.-3. bekkingum í grunnskólum Kópavogs boðið í Salinn á barnaóperuna Konan og selshamurinn eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson og Ragnheiði Erlu Björnsdóttur. Verkið byggir á íslenskri þjóðsögu um togstreitu móður sem þarf að velja á milli „sjö barna á landi og sjö í sjó“. Flytjendur voru Björk Nielsdóttir sópran, Pétur Oddbergur Heimisson baritón, Skólakór Kársness undir stjórn Sunnu Karenar Einarisdóttir, Matthildur Anna Gísladóttir pianóleikari, Guðni Franzson klarinettuleikari, Hafdis Vigfúsdóttir flautuleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari. Um leikstjórn sáu Helgi Grimur Hermannsson og Tómas Helgi Baldursson en Húgrún Pálmey Pálmadóttir sá um förðun.

Óperan var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2020 sem tónverk ársins í opnum flokki.

List fyrir alla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis bauð elsta stigi grunnskóla Kópavogs á frumflutning á nýrri íslenskri rafóperu eftir Helga Rafn Ingvarsson, Tónlist og heilinn. Óperan var flutt í þriggja gang fyrir fullu húsi af unglíngum 10. og 11. mars. Þátttakendur í sýningunni voru Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir söngkona, Helen Whitaker flautuleikari, Gunnar Guðbjörnsson söngvari og tónskáldið Helgi Rafn.

Á Menningu á miðvikudögum var boðið upp á tvenna tónleika yfir veturinn auk þess sem Salurinn hýsti viðburði Gerðarsafns, Bókasafns Kópavogs og Náttúrufræðistofu í september vegna fjöldatakmárkana sem þá voru í gildi.

Í febrúar voru tónleikarnir Trompet og pianó með þeim Jóhanni Nardeau og Snorra Sigfúsi Birgissyni og í september var boðið upp á gitartóna með Svani Vilbergssyni. Einn viðburður var í streymi í Kúltúr klukkan 13 þar sem Halla Oddný Magnúsdóttir tók viðtal við fiðluleikarann Sigurbjörn Bernharðsson, hún á Íslandi en hann í Bandaríkjunum.

Í september hýsti Salurinn hádegisviðburð Bókasafnsins með Sigrúnu Eldjárn sem fagnaði 40 ára höfundarafmæli og fyrirlestur Jasminu Crnac, Á flóttu undan striði, viðburð Náttúrufræðistofu með erindi Sævars Helga Bragasonar á Degi íslenskrar náttúru, og viðburð Gerðarsafns þar sem Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir listfræðingur fjallaði um ýmsa þætti í listferli Gerðar Helgadóttur með feminískri nálgun. Viðburðunum, að undanskildum gitartónleikunum, í september var jafnframt streymt á Facebook-síðu Menningarhúsanna og á Stundinni.

Í lok febrúar var boðið upp á Foreldramorgun í fordyri Salarins þar sem Diljá Sigursveinsdóttir hélt söngstund með foreldrum og ungum börnum þeirra.

Á Heilsum hausti í byrjun september var boðið upp á tónlistarævintýri Völu Guðnadóttur um ferðafljóð auk þess sem Arnljótur DJ hélt uppi stuðinu í fordyri Salarins.

Á Safnanótt lék hljómsveitin Mandólin með þeim Ástvaldi Traustasyni, Bjarna Braga Kjartanssyni, Elísabetu Indru Ragnarsdóttur, Guðrúnu Árnadóttur, Martin Kollmar, Óskari Sturlusyni og Sigríði Ástu Árnadóttur fyrir gesti í fordyri Salarins. Kjarninn í tónlist Mandólin eru tangóar og innileg klezmertónlist.

Á 17. júní voru tvennir tónleikar í fordyri Salarins með sigrænum sumarsmellum í flutningi Valgerðar Guðnadóttur, Matthíasar Stefánssonar og Sigurðar Helga Oddssonar. Tónleikunum var jafnframt varpað út til gesta og gangandi.

Skapandi sumarstörf héldu hluta af lokahófi sínu í fordyri Salarins með pianótónleikum Benjámins Gísla Einarssonar. Hafði hann haldið stutta tónleika í fordyrinu í byrjun júlí. Eins nýttu skapandi sumarstöf Salinn fyrir upptökur.

### LHI samstarf

Niu útskriftartónleikar frá LHI voru haldnir í maí og júní 2020. Samningur Salarins og LHI var framlengdur um eitt ár til endurskoðunar fyrir 2021. Samstarfið stuðlar að því að framtíðartónlistarmenn kynnist Salnum og tónleikahaldi í tónlistarhúsi.

## Samstarf við Tónlistarskóla Kópavogs

Salurinn hefur frá upphafi verið heimili Tónlistarskóla Kópavogs. TK hefur fasta æfingartíma í Salnum alla mánudaga frá kl. 15 auk þess sem nemendur skólans fá reynslu af því að koma fram á tónfundum. Eins hafa framhaldsprófstónleikar TK farið fram í Salnum. Árið 2020 voru 18 tónfundir nemenda Tónlistarskóla Kópavogs í Salnum ásamt einum útskriftartónleikum og einum framhaldsprófstónleikum.

Nýting TK á Salnum miðast við að eiga sér stað þá daga og kvöld sem minna er um að vera í Salnum og er vikjandi fyrir starfsemi Salarins.

## Ráðstefnur og fundir

Nánast allir fundir og ráðstefnur sem bókaðar voru á árinu féllu niður eða frestuðust. Þó hittust Konur í kultúr í forsalnum og veitt var 25 ára starfsviðurkenning Kópavogsbæjar í forsalnum í janúar. Starfsmannafundur fyrir starfsmenn Menningarhúsanna og stjórnsýslusviðs var haldinn í Salnum í janúar þar sem fyrirlesari var Bjartur Guðmundsson auk þess sem verðlaun í ljóðsamkeppni Jóns úr Vör voru veitt. Tveir leikskólar héldu útskriftarhátíð í Salnum í maí auk afhendingar á viðurkenningu úr sjóði Halldórs Hansen og lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar í Kópavogi. Hreint ehf. var með móttöku í forsalnum í september.

Salurinn var töluvert nýttur fyrir upptökur á árinu.

## HELSTU VERKEFNI 2021

Helstu verkefni árið 2021 eru að standa að tónleikahaldi eftir fremsta megni. Bæði með tónleikagestum í Sal og eins að miðla tónleikum áfram til þeirra sem eiga ekki heimangengt. Árið mun markast af því að halda þá tónleika og tónleikaraðir sem frestuðust frá fyrra ári um leið og boðið verður upp á nýja og ferska tónlistarviðburði. Með bættum búnaði hússins verður unnið að því að kynna húsið jafnframt fyrir ráðstefnur og fundi – þó svo tónleikahald verði alltaf í forgangi.

## Tibrá tónleikaröð Salarins, Sumarjazz í Salnum og samstarfsverkefni

Tibrá tónleikaröðin hefur verið hryggjarstykkið í starfi Salarins nánast frá upphafi og stefnt er að því að festa röðina enn frekar í sessi á árinu. Áfram verður boðið upp á góðan afslátt í forsolu og áskrift til að byggja upp fastan áheyrendahóp Tibrár. Boðið verður upp á tónleikakynningar fyrir valda tónleika til að gefa tónleikagestum innsýn inn í heim tónlistarinnar og leitast verður við að ná til þjóðfélagshópa sem að öllu jöfnu sækja ekki tónleika. Í byrjun hvers árs er auglýst eftir umsóknum í Tibrá tónleikaröðina og stefnt að því að dagskrá komandi vetrar liggja ávallt fyrir að vori. Tónleikar raðarinnar sem frestað var árið 2020 verða á dagskrá vorið 2021 þannig að hægt verði að bjóða upp á nýja tónleika veturinn 2021-22.

Stefnt er að því að skoða möguleikann á því að selja inn á Tibrá tónleika í lifandi streymi þegar þeir eiga sér stað. Er þetta unnið samhliða endurnýjun á heimasíðu Salarins.

Sumarið 2021 verður áfram boðið upp á Sumarjazz í fordyri Salarins sem eru líkt og Tibrá styrktir af lista- og menningarráði Kópavogs. Áfram verður fordyrið kynnt sem ákjósanlegur tónleikasalur fyrir minni tónleika en hljómburður rýmisins hefur þegar sannað sig sem og notalegt umhverfið þess.

Samstarfinu við Sunnu Gunnlaugsdóttur með Jazz í Salnum verður fram haldið og þannig boðið upp á tónleika með jazztónlistarmönnum á heimsmælikvarða.

Beethoven í 250 ár verður á dagskrá á árinu 2021 þar sem landslið pianóleikara heldur áfram að flytja pianósónötur Beethovens á þeim sjö tónleikum sem eftir eru.

## Salurinn er fyrir alla

Mikilvægur þáttur í fræðslu og barnastarfi Salarins er Menning fyrir alla þegar öllum stigum í grunnskólum Kópavogs er boðið á tónleika í Salnum. Eins er leikskólabörnum boðið á tónleika á Barnamenningarhátíð. Reynt verður eftir fremsta megni að halda þessum þætti starfseminnar gangandi á árinu.

Skólaheimsóknirnar ásamt Fjölskyldustundum á laugardögum og Menningu á miðvikudögum einu sinni í mánuði og Sumarjazzinn eru mikilvægur þáttur í að kynna Salinn fyrir öllum og að allir geti notið tónlistar óháð efnahag.

Unnið verður að verkefni samhliða Tónverki sem kallast Tónverk barna þar sem börnum á miðstigi grunnskóla gefst tækifæri til að vera virkir þátttakendur í tónverkagerð.

## Nýsköpun

Tónskáldaverkefni Salarins, Tónverk/hljóðverk, heldur áfram sem nýsköpunarverkefni Salarins með því að kalla eftir nýsköpun í tónverkagerð.

Unnið verður með hönnuðum ÞYKJÓ að því að skapa gagnvirka innsetningu og leiksvæði í fordyri Salarins sem byggir á fuglahljóðum. Fordyrið mun þá nýtast börnum og fjölskyldum þeirra í skapandi leik og uppgötvun á hljóðum og tónum. Þverfaglegt hönnunarteymi ÞYKJÓ er skipað þeim Sigríði Sunnu Reynisdóttur brúðu- og sviðshöfundu, Ninnu Þórarinsdóttur, myndlistarmanni, og Tönju Huld Levý Guðmundsdóttur hönnuði með sérhæfingu í hönnun fyrir börn. Stefnt er að því að verkefnið verði tilbúið að hluta til á Barnamenningarhátíð 2021.

Árið verður nýtt til þess að móta hugmyndir að því hvernig Salurinn getur nýst ungu tónlistarfólki og stefnt að því að taka fyrstu skrefin í framkvæmd þess verkefnis, hvort heldur er í tónsköpun eða við að koma tónlist sinni á framfæri. Stefnt er að því að rammi að slíku verkefni liggja fyrir í byrjun árs 2022.

### **PULS verkefni Nordisk kulturfond**

Salurinn er hluti af samstarfsneti norræna menningarsjóðsins PULS árið 2019-2022. Salurinn hlýtur því styrk til þriggja ára til þess að bjóða norrænum tónlistarmönnum til landsins og kynna tónlist þeirra fyrir Íslendingum. Salurinn gengur um leið inn í tengslanet norræna tónleikahaldara sem funda árlega og efla þannig samstarf milli Norðurlandanna. Stefnt verður að því að bjóða norrænum tónlistarmönnum til að halda tónleika í Salnum samhliða íslenskum tónlistarmönnum ef aðstæður leyfa.

### **Upptökur og streymi af tónleikum**

Með bættum búnaði Salarins er streymi og upptökur á tónleikum orðinn möguleiki. Næstu skref verða tekin í þeirri vinnu á árinu og skoðaðir möguleikar á að selja bæði í sæti í Salnum sem og á streymda tónleika heima í stofu.

### **Bættur aðbúnaður**

Endurnýjun og uppfærslu búnaðar og aðstöðu í Salnum verður haldið áfram árið 2021. Endurnýjun hátalarakerfis og uppsetning þess verður kláruð. Komin er tími á endurnýjun á tjaldi og skjávarpa Salarins. Auk þessa verður myndupptöku- og streymisbúnaður hússins tekin í notkun.

Uppsetning kaplaskæra fyrir ljósarar verður í febrúar, sem mun auðvelda til muna stillingar á ljósum milli tónleika.

Áhersla hefur verið lögð á endurnýjun á búnaði hússins fyrir tónleika og ráðstefnur og nú er kominn tími á endurnýjun í framhúsi. Vinna er hafin við að endurnýja skápa og hurð á barnum. Hönnun á borðum og hreyfanlegum börum, skreytingum, borðum á sviði og fleira er á byrjunarstigi og stefnt að því að klára þá vinnu á árinu.

Stefnt er að því að nýta gamla hátalarakerfið í fordyri Salarins fyrir minni tónleika og að hanna svið fyrir slíka tónleika. Endurnýja þarf staflanlega stóla þannig að aðbúnaður til tónleikahalds í fordyrinu sé til fyrirmyndar.


Töluverðar breytingar hafa orðið á starfssviði starfsmanna Salarins. Samhliða endurskoðun á starfslýsingum verður vinnuástaða starfsmanna færð upp á skrifstofu og fyrirkomulag miðasölu-borða endurskoðað þannig að betur megi fara.

### **Gott og náð samstarf**

Áfram verður unnið að farsælu samstarfi við hin Menningarhúsin í Kópavogi og við tónlistarmenn sem vilja koma hugmyndum sínum í framkvæmd og þurfa til þess stuðning og ramma sem Salurinn getur boðið upp á. Áframhald verður á endurnýjun tækibúnaðar og aðbúnaðar í Salnum og sem fyrr verður boðið upp á góða og persónulega þjónustu við samstarfsaðila og gesti Salarins.

### **LYKILTÖLUR 2020**

#### **GESTIR ALLS**



#### **FJÖLDI VIÐBURÐA**



\* Frá 2020 til 2021 er gert ráð fyrir sömu þróun og verið hefur milli ára frá því fyrir Covid-19.

LYKILTÖLUR	Fjöldi viðburða 2019	Fjöldi 2019	Fjöldi viðburða 2020	Fjöldi 2020	Streymis-áhorf
Gestir í Salnum		31.707		12.534	
Viðburðir í Salnum	220	30.455	116	9.084	
- þar af tónleikar Salarins og samstarfsverkefni	43	5.997	22	3.060	9.011
- þar af viðburðir Menningarhúsanna	27	2.770	14	1.174	68.017
- þar af almennir tónleikar (útleiga)	59	11.435	30	3.831	
- þar af ráðstefnur og fundir	36	5.544	14	592	
- þar af tónfundir Tónlistarskóla Kópavogs	45	1.965	20	404	
Skólaheimsóknir	10	2.744	10	1.952	
- þar af Menning fyrir alla	7	2.036	6	1.302	
- þar af List fyrir alla	3	708	4	650	
Æfingar	72	1.227	55	183	
- þar af æfingar Tónlistarskóla Kópavogs	42	810	23	674	
Uptökur	3	15	28	165	

\* Fjölskyldustundir á laugardögum, Menning á miðvikudögum, Foreldramorgnar, allar hátíðir, Kúltúr klukkan 13 og Aðventudagatal.

FJÁRMÁL 2019 -2020 OG ÁÆTLUN 2021	2019 i þús. kr.	2020 i þús. kr.	2021 i þús. kr.
Tekjur			
<i>Rekstrartekjur</i>	<b>34.853</b>	<b>26.177</b>	<b>36.257</b>
Gjöld			
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	37.155	37.159	41.186
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	65.910	50.844	61.426
Rekstrarniðurstaða	68.212	61.826	66.355

menningarhusin.kopavogur.is

bokasafn.kopavogur.is

gerdarsafn.kopavogur.is

heradsskjalasafn.kopavogur.is

natkop.kopavogur.is

salurinn.kopavogur.is